JÓHANNA VALA JÓNSDÓTTIR

*Fellur frekar fyrir klassískum fötum*

tíska heilsa heimili bílar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS





FERMINGAR

*Fjármál, veislufōng og gjafir*

SÉRBLAÐ UM FERMINGAR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. mars 2008 — 72. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



### Víkingarnir eru komnir til borgarinnar

Einherjar, fyrsta víkingafélagið í Reykjavík, stofnað.

TÍMAMÓT 36

### BBC vill Helgu Brögu



Íslenska leikkonan á fund með forsvarsmönnum breska ríkissjónvarpsins.

FÓLK 58

### Dómarar í fréttum

Sigurður Líndal telur að dómara sé hallað í fjölmiðlum og hvetur fréttamenn til að fara eftir eigin siðareglum.

UMRÆÐAN 26



### Vann alla leikina sína

Kvennalandsliðið í fótbolta tryggði sér 7. sætið á Algarve Cup í gær.

ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA** Í dag verður norðan strekkingur norðvestan og vestan til, annars hægari. Rigning eða slydda norðan og austan til, skúrir eða él á Vestfjörðum en bjart með köflum syðra. Hiti 0-7 stig, mildast SA-til.

VEÐUR 4

# Skuldir almennings hafa aukist um 200 milljarða

**Hátt í tvær milljónir króna hafa bæst við lán hvers heimilis í landinu undanfarin fjögur ár, vegna verðbólgu. Í heild nemur hækkunin 200 milljörðum króna. Á sama tíma hafa laun hækkað umfram verðlag.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríflega 200 milljarðar króna hafa bæst við skuldir almennings, undanfarin fjögur ár, vegna verðbóta sem bætast við höfuðstól verðtryggðra lána.

Verðtryggð lán heimilanna námu tæplega 1.300 milljörðum króna um áramótin. Verðbætur sem bæst höfðu við höfuðstól lánanna á seinasta fjórðungi síðasta árs námu þá ríflega 31,5 milljörðum króna.

Frá miðju ári 2004, þegar bankarnir komu inn á húsnæðismarkaðinn, hafa verðbæturnar alls numið 214 milljörðum króna á núverandi verðlagi.

Þetta jafngildir því að tæplega 1,7 milljónir króna hafi bæst við skuldir hvers heimilis í landinu. Þetta er yfir hálf milljón króna á hvert mannsbarn.

Tólf mánaða verðbólga nam 1,8 prósentum í mars 2004, en hefur síðan verið hærri og nemur nú 6,8 prósentum. Á tímabilinu mældist verðbólga hæst í hitteðfyrra, þegar hún var milli sjö og átta prósent meirihluta ársins.

Á sama tíma hafa laun fólks einnig hækkað. Þegar bornar eru saman verðlagshækkanir og launahækkanir á sama tímabili sést að að jafnaði hafa launin hækkað umfram verðlag. Með öðrum orðum hefur kaupmáttur aukist að jafnaði.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambandsins, benti á það í blaðinu í gær að líta mætti á verðtryggingu sem leið til að lifa við óstöðugleika, hún væri heppilegri fyrir fólk til skemmri tíma, út frá greiðslubyrði. „Neytendur geta í raun frestað því að greiða niður verðbólguskot, ef lánið er til langs tíma. Til lengri tíma litið er þessi leið hins vegar mjög dýr.“

- ikh

**SAMANBURÐUR Á HÆKKUN LAUNA OG VERÐLAGS**

**Laun hafa að jafnaði hækkað umfram verðlag undanfarin ár.**






**GOTT SAMSTARF** Ólafur Ragnar Grímsson forseti ávarpar gesti við móttökuathöfn í Mexíkóborg. Við hlið hans er Dorrit Moussaieff forsetafrú. Felipe Calderón, forseti Mexíkó, og eiginkona hans, Margarita Zavala, fylgjast með. NORDICPHOTOS/AFP

Ólafur Ragnar er fyrsti forseti Íslands sem fer í opinbera heimsókn til Mexíkó:

# Tímamót í samstarfi þjóðanna

**UTANRÍKISMÁL** Mikill áhugi er fyrir samvinnu Íslands og Mexíkó, meðal annars í virkjun jarðhita, fiskiðnaði og háskólarannsóknum. Þetta er meðal þess sem Ólafur Ragnar Grímsson forseti ræddi við Felipe Calderón, forseta Mexíkó, í opinberri heimsókn sinni til landsins sem hófst í fyrradag. Hann er fyrsti forseti Íslands sem fer í opinbera heimsókn til Mexíkó.

Ólafur Ragnar ávarpaði gesti í móttökuathöfn og sagði komu sína marka tímamót í samstarfi þjóðanna beggja. Ísland hefði sýnt hvernig ein þjóð gæti á stuttum tíma skapað hagkerfi sem byggði á hreinni orku. Nú væri komið að Íslendingum að bjóða Mexíkóum þá tækni og reynslu sem við höfðum aflað okkur.

„Löndin okkar geta unnið saman á fleiri vegu, til dæmis með því að ýta undir skapandi menningu, koma á fót tækni- og vísindatengdum samvinnuverkefnum og styrkja tengsl háskóla okkar,“ sagði forsetinn í hádegisverðarboði síðar um daginn.

Í dag fer forsetinn til borgarinnar Xalapa í ríkinu Veracruz, þar sem hann heimsækir háskóla, heldur fyrirlestur í umhverfisstofnun og ræðir við forráðamenn ríkisins.

- sþs

Verð á páskaeggjum:

# Ódýrari páskaegg en í fyrra

**NEYTENDAMÁL Þó að verð hjá framleiðendum páskaeggja hafi hækkað hefur verð á páskaeggjunum í nokkrum matvöruverslunum lækkað frá því í fyrra. Fréttablaðið gerir árlega verðkönnun á páskaeggjum frá Nóa-Síríusi, Góu og Freyju.**

**Könnuð var ein tegund frá hverjum framleiðanda og eru öll páskaeggin ódýrari í ár í Fjarðarkaupum en þau voru í fyrra. „Það er bara samkeppnin við lágvöruverslanirnar sem fær okkur til að lækka verðið,“ segir Gísli Sigurbergsson, verðlagsstjóri Fjarðarkaupa. Einnig hafði verð lækkað frá því í fyrra á þeim páskaeggjum sem könnuð voru í Bónus.**

**Ódýrasta páskaeggið sem var skoðað var Góupáskaegg keypt í Fjarðarkaupum en það er þó aðeins dýrara en Bónuspáskaeggið af sömu stærð.** - jse / sjá síðu 23










## SPURNING DAGSINS



*Sveinn, er fólk hætt að stóla á dómstólana?*

„Þegar það gerist rennur upp dómsdagur.“

Traust í garð dómstóla landsins mælist lágt í könnunum og uppi eru hugmyndir um að þeir ráði sér fjölmiðlafulltrúa. Sveinn Andri Sveinsson er lögmaður.

Álver í Helguvík samþykkt með rússneskri kosningu á Suðurnesjum í gær:

# Árni saknar stuðnings ráðherra

**UMHVERFISMÁL** „Hún er greinilega ekki hrifin af þessu og ég sakna þess að hún hafi aldrei haft jákvæð orð um þetta verkefni,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Hann bregst hér við orðum Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra, sem sagði það vafasama stjórnvaldsákvörðun að veita Norðuráli framkvæmdaleyfi til álvers í Helguvík.

Sveitarstjórnir í Garði og í Reykjanesbæ samþykktu þetta í gær með miklum meirihluta atkvæða; allra sveitarstjórnarmanna Reykjanesbæjar og allra utan eins í Garði.



**ÁRNI SIGFÚSSON** Bæjarstóri Reykjanesbæjar segir liggja fyrir samninga um orkuöflun fyrir fyrsta áfanga álvers.

Ráðherra lýsti í gær yfir undrun sinni með ákvörðun sveitarstjórnanna, þar sem kæra Landverndar vegna umhverfismats væri enn til skoðunar í ráðuneytinu. Auk þess væri óvíst með virkjanakosti, flutningsleiðir raforku og losunarheimildir.

„En það liggja fyrir samningar um orkuöflun fyrir fyrsta áfanga, 150.000 tonna álveri,“ segir Árni.

„Svo segir hún einnig að við förum af stað áður en afstaða ráðuneytisins til kæru Landverndar liggur fyrir. En kæran snýr ekki að því að breyta afstöðu Skipulagsstofnunar, heldur að því hvort fram skuli fara heildstætt mat á umhverfisáhrifum.“ Þetta snúist um hvað komi úr hvaða borholu og leiðslu og sé erfitt að meta, segir Árni. - kóþ

Endursameining Kýpur:

## Fyrsti fundur 21. mars

**KÝPUR, AP** Tilkynnt var í gær að leiðtogar Kýpur-Grikkja og Kýpur-Tyrkja myndu eiga fund hinn 21. mars til að hefja nýja viðræðulotu um endursameiningu eyjarinnar eftir 35 ára klofning.

Jose Diaz, talsmaður skrifstofu Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, greindi frá því að Dimitris Christofias Kýpurforseti og Mehmet Ali Talat, leiðtogi Kýpur-Tyrkja, myndu koma saman þennan dag, eftir að aðstoðarmenn þeirra komu sér saman um dagskrá, stað og dagsetningu fundarins. Meðal brýnustu mála á fundinum verður að opna á ný landamærastöðvar á milli eyjarhlutanna. - aa

Störf allsherjarnefndar:

## Óvíst um afnám eftirlaunalaga

**ALÞINGI** Enn er óljóst hvort allsherjarnefnd mun afgreiða frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur Samfylkingunni um breytingar á eftirlaunarétti þingmanna, ráðherra og hæstaréttardómara.



**BIRGIR ÁRMANNSSON**

Á nefndarfundi í gær var rætt um hvaða þingmannamál yrðu tekin til meðferðar, án þess að niðurstaða fengist.

Jafnframt á nefndin eftir að grennslast fyrir um ætlan ríkisstjórnarinnar í málinu en í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um endurskoðun eftirlaunakjara þingmanna og ráðherra.

Fyrir allsherjarnefnd liggja ellefu þingmannafrumvörp og sjö þingsályktunartillögur. - bþs

Niðurskurður hjá lögreglu:

## Vonar að málið leysist sem fyrst

**LÖGREGLUMÁL „Ég vona að þetta mál leysist, ef óvissunni verður ekki eytt fljótlega fer þetta að hafa neikvæð áhrif á starfsemina hjá okkur,“ segir Guðbjörn Guðbjörnsson, formaður Tollvarðafélags Íslands, um fyrirhugaðan niðurskurð hjá lögregluembættinu á Suðurnesjum. „Ég treysti Birni [Bjarnasyni dómsmálaráðherra] fullkomlega fyrir að leysa þetta, en auðvitað hafa menn áhyggjur af niðurskurðinum.“**

**Lögreglumenn og tollverðir funda um málið í Duus-húsum í Reykjanesbæ klukkan átta í kvöld. Þingmenn og ráðherrar eru velkomnir.** - sþs



**FÆREYJAR** Samtals ellefu vitni verða leidd fram í dómssal í Færeyjum þegar aðalmeðferð í máli Íslendingsins fer fram. Þess verður krafist að hann sitji í gæsluvarðhaldi og einangrun þar til vitnaleiðslum er lokið.

# Í einangrun í fimm mánuði í Færeyjum

**Íslendingur sem handtekinn var í Færeyjum í september vegna vörslu fíkniefna og aðildar að Pólstjörnumálinu er enn í einangrun. Þess verður krafist að hann verði í einangrun til 11. apríl eða þar til aðalmeðferð málsins lýkur.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingurinn sem setið hefur í gæsluvarðhaldi í Færeyjum frá 20. september vegna meintrar aðildar að Pólstjörnumálinu er enn í einangrun. Hann var síðast úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald og einangrun 7. mars. Hann áfrýjaði til æðra dómsstigs, sem staðfesti úrskurðinn á mánudag. Maðurinn sem er 25 ára hefur setið í einangrun í rétta tæpa fimm mánuði, eða megnið af tímanum frá því að hann var handtekinn.

Frá þessu greinir Linda Margarete Hasselberg, saksóknari í málinu, í samtali við Fréttablaðið.

Hún segir enn fremur að gæsluvarðhald yfir manninum renni næst út 4. apríl. Þá verði krafist áframhaldandi gæsluvarðhaldsvistar og einangrunar þar til vitnaleiðslur hafi farið fram í dómssal, en þar verður málið tekið fyrir 7. apríl.

Íslendingurinn er ekki einungis ákærður fyrir vörslu á 1,8 kílóum af e-töfludufti og amfetamíni. Hann er einnig ákærður fyrir að hafa tekið á móti og haft í vörslu sinni tæplega fjörutíu kíló af amfetamíni, e-töflum og e-töfludufti meðan Pólstjörnumennirnir höfðu viðdvöl með skútu sína í Færeyjum. Henni sigldu þeir síðan hingað til lands með fjörutíu kílóin innanborðs eins og kunnugt er og voru teknir af lögreglu við komuna til Fáskrúðsfjarðar. Sakborningarnir í því máli hafa hlotið þunga dóma. Tæp tvö kíló af efnunum fundust eftir heimsókn Pólstjörnumannanna í skotti bifreiðar Íslendingsins í Færeyjum.

„Ákvörðunin þann 7. mars um áframhaldandi gæsluvarðhald og einangrun var tekin á þeim grunni að koma í veg fyrir að maðurinn geti haft áhrif á yfirstandandi rannsókn lögreglu, til að mynda á vitni,“ segir saksóknari. „Þegar það rennur út þann 4. apríl verður krafist framlengingar yfir honum til 11. apríl, eða þar til aðalmeðferð málsins lýkur. Þess verður krafist að hann sæti bæði gæsluvarðhaldi og einangrun til loka hennar. Eftir það getur hann ekki haft áhrif á framburð vitna. Loks fer það eftir þyngd dómsins hvort sett verður fram krafa um að maðurinn hefji afplánun strax og hann liggur fyrir.“

Saksóknari segir að samtals ellefu vitni verði leidd fyrir dóminn. Þau séu frá Færeyjum, Íslandi og Danmörku. Það verður síðan í höndum kviðdóms að ákvarða sekt eða sýknu Íslendingsins.

jss@frettabladid.is

Vændishneyksli ríkisstjóra:

## Ríkisstjóri New York segir af sér

**BANDARÍKIN, AP Ríkisstjóri New York, Eliot Spitzer, sagði í gær stöðu sinni lausri eftir að upp komst um kaup hans á vændi. Við starfi hans tekur David Paterson, sem verður fyrsti þeldökki ríkisstjóri New York.**

**Upp komst um hneykslið á mánudag, en Spitzer er sagður hafa greitt vændiskonum þúsundir dollara fyrir kynlífsgreiða. Í starfi sínu hafði hann lagt mikla áherslu á baráttu gegn spillingu og glæpum, meðal annars vændi. Þetta var hans fyrsta kjörtímabil.**

**Spitzer, sem er demókrati, er giftur og á þrjár dætur.** - sgj

Guðlaugur Þór Þórðarson:

## Einhleypar fái tæknifrjóvgun

**ALÞINGI** Einhleypar konur fá að gangast undir tæknifrjóvgun, samkvæmt orðum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær.

Í svari við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur VG sagði Guðlaugur nefnd sem vinnur að endurskoðun laga um tæknifrjóvganir skila af sér tillögum í kringum páska.

Hann gaf sterklega til kynna að í því væri gert ráð fyrir að einhleypar konur mættu gangast undir tæknifrjóvgun en kvaðst ekki geta úttalað sig um það enda hefði nefndin ekki lokið störfum. - bþs

### LÖGREGLUFRÉTT

**Köttur, brúsi og bakaraofn**

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði í nógu að snúast í gærkvöldi. Köttur sat fastur uppi í tré í Garðabæ, kveikt hafði verið í bensínbrúsa í austurbæ Reykjavíkur og bakaraofn ofhitnaði í Kópavogi. Lyktir málanna urðu þær að kötturinn stökk niður, stigið var á bensínbrúsann og slökkt á ofninum.




Formaður umhverfisráðs borgarinnar segir Reykjavíkurtjörn vin í asa borgarinnar:

# Andapabbi ekki útilokaður

**NÁTTÚRA** Framhald verður á aðgerðum sem gripið var til síðastliðið vor til að bæta afkomu anda á Reykjavíkurtjörn, segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar. Hann vonast til þess að mælanlegur árangur sjáist á næstu árum.

Í nýrri skýrslu um ástand fuglalífsins á tjörninni kemur fram að ástandið sé afar slæmt. Síðasta sumar komu aðeins grágæsir upp ungum á tjörninni eða í friðlandi fugla í Vatnsmýri.

„Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að tjörnin sé eitthvert mesta friðland fólksins í borginni. Það er ótrúlegt hvað hún er mikil vin í asa borgarinnar,“ segir Gísli Marteinn.

Skýrsluhöfundar benda á að meðal þess sem borgin ætti að gera til að bregðast við ástandinu sé að ráða sérstakan umsjónarmann með fuglalífi tjarnarinnar, svokallaðan „andapabba“.

„Við munum skoða það vel. Við höfum hingað til litið svo á að garðyrkjustjóri og hans góða fólk geti sinnt þessu líka. En ef það þarf andapabba til mun ekki standa á okkur,“ segir Gísli.

Meðal þeirra aðgerða sem framhald verður á eru úrbætur á hólmunum í tjörninni, segir Gísli Marteinn. Þá sé mikilvægt að gróður fái að slúta fram í tjörnina til að skýla andarungum, og auka aðgengi milli tjarnar og friðlandsins í Vatnsmýrinni. - bj



**FUGLALÍF** Engir andarungar komust á legg á Reykjavíkurtjörn síðasta sumar. Aðeins grágæsavarpið gekk vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Litahjálpin frá Jotun

hjálpar þér að finna rétta litinn

- Þú skannar litinn með litahjálpinni.
- Skráir hjá þér litanúmerið sem birtist á skjánum.
- Kemur með það til okkar og við blöndum rétta litinn.



Einar L. Ragnarsson,
málningarsérfræðingur Húsasmiðjunnar
mælir með Litahjálpinni frá Jotun

Áhaldaleiga

**Hægt er að leigja Litahjálpina í næstu áhaldaleigu Húsasmiðjunnar eða kaupa í öllum verslunum Húsasmiðjunnar**

# MÁLNINGARDAGAR
## Í HÚSASMIÐJUNNI

**Umhverfisvottuð**
með Græna svaninn
og Evrópublómið



**Lady akrýllakk**
3 ltr.
Níðsterkt akrýllakk á hurðir, glugga, innréttingar o.fl.
Tvær umferðir sama dag.
Gulnar ekki.
7118108-117
**4.799** ~~5.995~~



**Lady Easy Clean**
Hágæða málning
auðveld að þrífa
blettaþolin
slitsterk
3 ltr.
7122045-9
**3.799** ~~4.745~~



**3.999**

**Veggmálning**
Venjuleg plastmálning með gljástig 7,
beinhvít, 10 ltr
7119800



**40%** afsláttur

**Veggmálning**
Gljástig 7, **10 ltr**
7119866-74
**4.890** ~~8.150~~



**Fínspartl 750 ml**
Spartl í allar minni viðgerðir.
7111005
**599** ~~750~~



**799** ~~995~~

**Málarapappír**
Undirbreiðsla 1 m x 30 m.
100 gr.
7022809



**25%** afsláttur

**Spartlspaðar**
Linir spaðar 25, 50, 75 og 100 mm.
7009775-78

**Spartlspaðar**
Stífir spaðar 25, 50, 75 og 100 mm.
7009771-73




**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 12.03.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,03 | 68,35 |
| Sterlingspund | 137,34 | 138 |
| Evra | 105,12 | 105,7 |
| Dönsk króna | 14,100 | 14,182 |
| Norsk króna | 13,331 | 13,409 |
| Sænsk króna | 11,189 | 11,255 |
| Japanskt jen | 0,6617 | 0,6655 |
| SDR | 110,63 | 111,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
136,6812

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

148 fulltrúa forskot Obama:

# Obama sigrar í Mississippi

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama vann forkosningar demókrata í Mississippi-ríki sem fram fóru á þriðjudag. Obama hlaut 61 prósent atkvæða gegn 37 prósentum Hillary Clinton.

Ljóst er að Obama hefur hlotið að minnsta kosti 17 af 33 landsfundarfulltrúum sem kosið var um í forkosningunum. Í heildina hefur hann 1.385 fulltrúa gegn 1.237 fulltrúum Clinton, samkvæmt talningu AP. 2.025 fulltrúa þarf til að hljóta útnefningu sem forsetaframbjóðandi demókrata.

Næstu kosningar fara fram í Pennsylvaníu, en þar eru 158 fulltrúar á boðstólum. **- sgj**

Hagkvæmnisathugun:

# Vestfirskir hvalir skuli skoðaðir

**NÁTTÚRA Mælt er með hvalaskoðun á Ströndum út frá Drangsnesi og í Steingrímsfirði í hagkvæmnisathugun á kostum skipulagðrar hvalaskoðunar á Vestfjörðum. Reykjanes í Ísafjarðardjúpi er einnig talið álitlegur staður til hvalaskoðunar.**

**Niðurstöður athugunarinnar voru kynntar á fundi í gær. Þar kom fram að hvalaskoðun væri í örum vexti hér á landi, og rúmlega hundrað þúsund manns hefðu farið í slíka ferð á síðasta ári. Vestfirðir væru eina svæðið á Íslandi þar sem hvalaskoðun hefði ekki náð fótfestu, en vel væri hægt að bæta úr því.** **- sþs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Varðhaldi lýkur í dag

Gæsluvarðhald rennur út í dag yfir fimm Litháum sem grunaðir eru um að hafa byrlað konu ólyfjan og nauðgað henni í heimahúsi. Að sögn lögreglu verður afstaða tekin til þess í dag hvort framlengja eigi varðhaldið.

Líkur hafa minnkað á að frumvarp um fjárvörslusjóði verði lagt fram á Alþingi:

# Liechtenstein-svikin víti til að varast

**STJÓRNMÁL** Minni líkur en meiri eru á að ríkisstjórnin beiti sér fyrir að starfrækslu fjárvörslusjóða eða sjálfseignarsjóða (e. trusts) verði heimiluð á Íslandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa stórfelld skattsvik efnaðra Evrópumanna sem geymt hafa fjárfúlgur í skattaskjólinu Liechtenstein dregið úr áhuga ráðherra enda geti starfsemin skaðað ímynd Íslands.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að frumvarpsdrög viðskiptaráðherra um fjárvörslusjóði væru til skoðunar í fjármálaráðuneytinu og í nefnd sem fjallar um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á Alþingi í síðustu viku ýmis álitamál uppi og nauðsynlegt að gæta þess að Íslendingar fengju ekki á sig ásakanir um peningaþvætti.

Frumvarpsdrögin voru lengi í smíðum í viðskiptaráðuneytinu og hófst vinnan í ráðherratíð Jóns Sigurðssonar á síðasta kjörtímabili.

Nefnd forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi taldi raunhæft að á þremur árum gæti umsýsla fjárvörslusjóða numið yfir 2.500 milljörðum króna og að tekjuaukning þjóðarbúsins vegna þeirra gæti numið 100 milljörðum. **- bþs**




**SKATTAPARADÍS** Ráðamenn telja mikilvægt að vernda orðspor Íslands á alþjóðavettvangi og finnst því óráðlegt að heimila starfsemi sem gefið geti ásökunum um peningaþvætti eða skattasvik byr.

Breytt lög um þingfararkaup:

# Þingmenn geta fengið aðstoð

**ALÞINGI** Þingmenn landsbyggðarkjördæmanna og formenn stjórnarandstöðuflokka geta ráðið sér aðstoðarmenn í kjölfar breytinga á lögum um þingfararkaup sem samþykktar voru í gær.

Fjallað er um aðstoðarmenn þingmanna í þingskjölum en breyta þurfti lögum svo heimild fengist til greiðslu launa aðstoðarmannanna. Áður var gert ráð fyrir kostnaðinum í fjárlögum.

Forsætisnefnd þingsins undir forystu Sturlu Böðvarssonar þingforseta mælti fyrir frumvarpinu.

Eru þetta fimmtu lögin sem samþykkt hafa verið á árinu. **- bþs**

# Skattbyrði barnafólks hefur þyngst

**Íslenskt barnafólk borgaði meira í skatt árið 2006 en sex árum áður. Það er þvert á meðaltalsþróun innan OECD, samkvæmt skýrslu. Prófessor segir orsökina rýrnun skattleysismarka. Hærri skattur vegna hærri tekna, segir fjármálaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenskt barnafólk borgaði hlutfallslega meira í skatt árið 2006 en um aldamótin. Á sama tíma léttist skattbyrði barnafólks að meðaltali í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu stofnunarinnar síðan í gær.

Rýrnun skattleysismarka, barnabóta, vaxtabóta og annarra aðgerða sem ætlað er að létta á skattbyrði er ein orsök þessarar þróunar á Íslandi, segir í skýrslunni. Í stighækkandi skattkerfi geti launahækkanir sem ætlað er að endurspegla verðbólgu einnig valdið því að skattbyrðin aukist.

Í skýrslunni kemur líka fram að skattabreytingar á Íslandi hafi að mestu leyti gagnast þeim sem hafi hærri tekjur. Það sé þvert á almenna þróun innan OECD-ríkjanna, þar sem skattabreytingar gagnist oftar þeim tekjulægri.

„Það er ekkert nýtt í þessari skýrslu, þetta er samhljóða því sem ég hef verið að segja um þróunina í tekjuskatti einstaklinga,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. „Hann hefur verið að aukast vegna rýrnunar skattleysismarka.“

Stefán skrifaði grein í Morgunblaðið í janúar 2006 undir yfirskriftinni „Stóra skattalækkunarbrellan“. Þar sagði hann að skattar á almenning hefðu ekki lækkað áratuginn sem á undan leið eins og stjórnvöld hefðu haldið fram. Þvert á móti hefðu þeir hækkað. Framkvæmd skattastefnu ríkisstjórnarinnar hefði stóraukið ójöfnuð í landinu.



**FORELDRI Á GANGI** Auk Íslands þyngdist skattbyrði á barnafólk á árunum 2000 til 2006 meðal annars í Grikklandi, Kóreu og Mexíkó. Að meðaltali léttist hún í ríkjum OECD á þessu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### SKATTAR HAFA HÆKKAÐ MEÐ TEKJUNUM

„Þetta er það sama og menn hafa verið að tala um,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra. „Við erum með stighækkandi skattkerfi þar sem þeir sem hafa hærri tekjur borga meira í skatt. Skattarnir hafa aukist af því að tekjurnar hafa aukist.“

Hann segist aldrei hafa neitað því að skatttekjur ríkisins hafi aukist, en með þeim hafi ríkisstjórnin getað greitt niður skuldir og aukið fjármuni til velferðarkerfisins. „Skattarnir hafa lækkað en tekjuaukningin hefur verið svo mikil að fólk borgar á endanum meira í skatt. Það er ekkert

Daginn eftir gagnrýndi Árni Mathiesen fjármálaráðherra grein Stefáns harðlega í fjölmiðlum, og sagði hann tala sem minnst um þær staðreyndir sem mestu máli skipti. Meira væri um brellur í grein Stefáns en í skattalækkunarferli ríkisstjórnarinnar.

„Ég hlýt að líta þannig á að þessi skýrsla veiti mér uppreisn æru,“ segir Stefán. „Ég hef aldrei efast um að þetta myndi koma skýrt og klárlega fram þegar fram liðu stundir og menn hætti að slá ryki í augu fólks til að reyna að villa um fyrir því.“

**salvar@frettabladid.is**



**MÓTMÆLI** Tíbetskir búddamunkar voru meðal göngufólks í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tíbetskir útlagar og munkar:

# Ganga áfram þrátt fyrir bann

**INDLAND, AP Hundruð útlægra Tíbeta héldu í gær áfram mótmælagöngu frá Indlandi til Tíbet. Áformað er að gangan taki hálft ár og göngumenn komi til Tíbet á meðan Ólympíuleikarnir í Peking standa sem hæst.**

**Indversk stjórnvöld hafa bannað göngumönnum að yfirgefa Kangra-héraðið á Norður-Indlandi. Stjórnvöld óttast að gangan geti haft slæm áhrif á samskipti Indlands og Kína.**

**Mótmælagangan er hluti af skipulagðri herferð til að minna á ástandið í Tíbet. Í gær beitti lögregla táragasi gegn um 300 munkum sem efndu til mótmæla í höfuðborginni Katmandu.** **- bj**

Vopnaþjófnaður upplýstur:

# Fimmti maðurinn fundinn

**LÖGREGLUMÁL** Fimmti maðurinn sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði að vegna þjófnaðar á skotvopnum í Hafnarfirði er fundinn. Hann gaf sig fram í fyrrakvöld eftir að lögreglan hafði náð tali af honum.

Maðurinn, sem er rétt rúmlega tvítugur, viðurkenndi þátt sinn í málinu og einnig aðild sína að öðrum þjófnaðarmálum á höfuðborgarsvæðinu. Honum var sleppt að lokinni skýrslutöku. Áður hafði lögregla yfirheyrt fjóra menn vegna umræddra mála. Þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum og telst málið upplýst. **- jss**

LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**BMW 530I**
Nýskr: 01/2004, 3000cc, 4 dyra,
Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 28.000.
**Verð: 4.690.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**
Þær eru flottar veðurhorfurnar um helgina. Hæg breytileg átt og víða bjart á laugardag en á sunnudag verður skýjað sunnan og vestan til en vindur áfram mjög hægur. Hitinn verður ekki mjög fjarri frostmarki.




**Á MORGUN**
10-15 m/s allra austast, annars 5-10 m/s.

**LAUGARDAGUR**
Hæg, breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 7° |
| Ósló | 7° |
| Stokkhólmur | 4° |
| Gautaborg | 5° |
| London | 11° |
| París | 12° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Berlín | 8° |
| Alicante | 20° |
| Mallorca | 17° |
| Basel | 9° |
| Eindhoven | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| New York | 10° |
| Orlando | 25° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Við höfum trú á framtíðinni
Það þarf ekki kraftaverk
Við breytum 5.000 kr. í 7.000 kr.
Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 kr. gjafabréf í Framtíðarsjóð bætir Sparisjóðurinn 2.000 kr. við gjöfina. Við höfum trú á framtíðinni.
Líttu við á spar.is og kynntu þér kosti Framtíðarsjóðsins
Há raunávöxtun
Verðtryggður reikningur
Hægt að semja um reglubundinn sparnað
Hægt að leggja inn hvenær sem er
SPARISJÓÐURINN
spar.is

**KJÖRKASSINN**



*Notar þú endurskinsmerki?*

| | |
|---|---|
| Já | 23% |
| Nei | 77% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú áhyggjur af niðurskurði hjá lögregluembættinu á Suðurnesjum?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Ritstjóri Ekstra Bladet gerir lítið úr gagnrýni á vinnubrögð danskra blaðamanna:

# Íslenskir blaðamenn hræddir

**DANMÖRK** Bent Falbert, einn af ritstjórum Ekstra Bladet í Danmörku, gerir lítið úr gagnrýni Sigurðar Einarssonar, starfandi stjórnarformanns Kaupþings, og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á vinnubrögð danskra blaðamanna í umfjöllun þeirra um stöðu íslensku bankanna og íslensk efnahagsmál. Falbert segir að enginn hafi tekið eftir henni.

„Það stendur ekkert um þetta í dönskum dagblöðum,“ sagði Falbert og kannaðist ekki við að fótur gæti verið fyrir gagnrýninni. „Allir danskir blaðamenn eru frábærir. Allir íslenskir blaðamenn eru líka frábærir, þeir eru bara hræddir við stjórnmálamennina,“ sagði hann. Hann kvaðst ekkert vita um upplýsingafundinn eða gagnrýnina sem þar hefði komið fram.



**SIGURÐUR EINARSSON** Starfandi stjórnarformaður Kaupþings gagnrýnir danska fjölmiðlamenn harðlega.

Fred Jacobsen, varaformaður danska blaðamannafélagsins, segir erfitt að alhæfa um umfjöllunina um íslenskan efnahag. Þetta sé afar misjafnt eftir ritstjórnum og blaðamönnum. „Það er alltaf ákvörðun hverrar ritstjórnar hvað er birt í blaðinu og mér finnst ekki hægt að alhæfa og segja að það hafi almennt verið neikvæð umræða og ófagleg vinnubrögð um íslenskan efnahag í Danmörku,“ segir hann.

Bent Sörensen, yfirmaður ritstjórnarinnar á Börsen, segist ekki geta séð að danskir blaðamenn séu neitt sérstaklega neikvæðir um Ísland. „Af hverju ættum við að vera það? Á Börsen fylgjumst við með og hlustum á það sem bankarnir segja. Við fylgjumst líka með gengi íslensku krónunnar og íslensks hlutabréfamarkaðar og skrifum um þróunina.“ **- ghs**

Samgönguráðherra:

# Flugstöð byggð til bráðabirgða

**ALÞINGI** Kristján Möller samgönguráðherra telur skynsamlegt að reist verði hús við Reykjavíkurflugvöll sem nýst geti sem flugstöð til bráðabirgða.

Á Alþingi í gær kallaði Kristján núverandi húsakynni Flugfélags Íslands við völlinn skúra en sagði framtíðarskipan mála flugvallarins í Vatnsmýri í óvissu.

Valgerður Sverrisdóttir Framsóknarflokki spurði Kristján út í málið og sagði núverandi vandræðaástand bitna á flugfarþegum. Kristján kvaðst sammála en bygging samgöngumiðstöðvar strandaði á leyfisveitingu frá Reykjavíkurborg. **- bþs**






# Lögreglumenn eru hneykslaðir og reiðir

**Tveir litháískir karlmenn voru í gær sýknaðir af líkamsárás gegn lögreglumanni við störf. Þriðji Litháinn fékk 60 daga skilorðsbundinn dóm fyrir að kýla tvo lögreglumenn. „Mikil vonbrigði,“ segir yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglu.**

**DÓMSMÁL** „Lögreglumenn eru hneykslaðir, þeir eru reiðir og þeim misbýður þau skilaboð sem dómurinn sendir út,“ segir Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna.

Tveir litháískir karlmenn voru í gær sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir árás á lögreglumann. Þriðji Litháinn fékk 60 daga fangelsisdóm fyrir að kýla tvo lögreglumenn. Refsingin fellur niður haldi hann skilorð í tvö ár.

Árásin átti sér stað fyrir utan veitingastaðinn Monte Carlo á Laugavegi aðfaranótt föstudagsins 11. janúar sl. Fjórir óeinkennisklæddir lögreglumenn voru við fíkniefnaeftirlit og höfðu afskipti af tveimur körlum og einni konu. Á sama tíma komu mennirnir þrír ákærðu akandi niður Laugaveginn ásamt tveimur löndum sínum og íslenskri konu.



**KARL STEINAR VALSSON**

Mennirnir sögðust hafa haldið að lögreglumennirnir, sem voru óeinkennisklæddir, hefðu ætlað að ráðast á fólkið. Þeir hefðu viljað koma fólkinu til hjálpar. Einn Litháanna fór út úr bílnum og kýldi tvo af lögreglumönnunum.

Maðurinn var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni en ekki fékkst sannað að hann hefði vitað að mennirnir væru lögreglumenn, þó að þeir fullyrði að þeir hafi hrópað „police“ og rétt fram einkennismerki sín. Refsingin var því mildari en ella.

Mönnunum þremur var svo öllum gefið að sök að hafa ráðist á annan lögregluþjón, slegið hann ítrekað, meðal annars í höfuðið, og sparkað tvisvar í höfuð hans eftir að þeir höfðu fellt hann. Lögregluþjónninn hlaut heilahristing og marga aðra áverka.

Samkvæmt dómnum fékkst ekki fullsannað hver hefði ráðist á lögregluþjóninn, enda hefðu fleiri en ákærðu verið á staðnum. Voru þeir því allir sýknaðir.

Steinar Adolfsson segist þess fullviss að árásin hafi verið skipulögð. „Þessi niðurstaða er verulegt áfall með tilliti til starfsöryggis og starfsumhverfis lögreglumannanna,“ segir Steinar. Hann bendir á að nýverið hafi refsiramminn fyrir brot gegn lögreglumönnum verið hertur.

„Það eru mikil vonbrigði að lesa þennan dóm,“ segir Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Karl segist hafa rætt við lögreglumennina sem urðu fyrir árásinni og segir þá hafa orðið fyrir vonbrigðum með dóminn.

**steindor@frettabladid.is**



**MONTE CARLO** Þrír óeinkennisklæddir lögreglumenn urðu fyrir líkamsárás fyrir utan veitingastaðinn Monte Carlo á Laugavegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Lögreglumenn eru hneykslaðir, þeir eru reiðir og þeim misbýður þau skilaboð sem dómurinn sendir út.
>
> **STEINAR ADOLFSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMBANDS LÖGREGLUMANNA






Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins:

# Atkvæðaseðlar bárust seint

**VINNUMARKAÐUR** Töluvert var um að atkvæðaseðlar bærust seint og illa til félagsmanna stéttarfélaganna og í einhverjum tilfellum bárust þeir of seint til að viðkomandi gætu greitt atkvæði í póstkosningunni vegna kjarasamninganna við Samtök atvinnulífsins.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, RSÍ, segist hafa fengið símtöl að norðan á þriðjudagskvöldið frá félagsmönnum sem ekki höfðu fengið atkvæðaseðla fyrr en þann sama dag. Atkvæðagreiðslunni hjá Rafiðnaðarsambandinu lauk á hádegi á miðvikudag. Hann á allt eins von á því að eiga eftir að fá atkvæði sem hafi verið póstlögð áður en frestur rann út en hafi ekki enn verið borin út.

„Þjónusta Póstsins er fyrir neðan allar hellur. Pósturinn ábyrgist að bréf séu borin út daginn eftir ef maður kemur þeim í póst fyrir klukkan fimm daginn áður. Við lentum í því að póstleggja atkvæðaseðla í fyrri hluta síðustu viku og þeir bárust ekki á Akureyri fyrr en á þriðjudagskvöld,“ segir hann og kveðst hafa heyrt sömu sögu frá öðrum landssamböndum. Þetta gildi ekki bara um Norðurland heldur líka fyrir sunnan.



**KVARTAÐ YFIR PÓSTINUM** „Atkvæðaseðlar bárust ekki á Akureyri fyrr en á þriðjudagskvöld,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, sem fékk kvartanir símleiðis að norðan á þriðjudagskvöldið.

Meirihluti félagsmanna Rafiðnaðarsambandsins, RSÍ, hefur samþykkt kjarasamninginn við Samtök atvinnulífsins, eða tæp 71 prósent, en rúmlega 27 prósent höfnuðu honum. Rúm sextán prósent félagsmanna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni. Guðmundur segir að niðurstaðan komi sér á óvart, hann hafi talið að munurinn yrði naumari.

„Þetta er svipað hlutfall og hjá hinum iðnaðarmannafélögunum nema við erum með ívið meiri þátttöku,“ segir hann. **- ghs**




# Danskir dagar




## Danskar vörur í úrvali

- frábær matur sem þarf aðeins að hita
- kaldar sósur frábærar með öllum mat




**Gøl pylsur**
- ekta danskar pølser




**Álegg frá Gøl og Tulip**
- mikið úrval




**Graasten salöt**
- úrval af dönskum salötum




**BKI kaffi**
- extra og classic




**Skildpadde ís**




**Brauðbollur og vínarbrauð**
- bakað á staðnum




**Sun Lolly**
- 5 tegundir




**Eplaskífur**



**ISIS heilsuvörur**
- tilvaldar í danska kúrinn



**Royal Greenland vörur**
- fyllt rauðspretta, humarsúpa ofl.

OPIÐ til 20 alla daga

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

FLEX

hágæða rafmagnsverkfæri í miklu úrvali




ASETA

Aseta ehf
Tunguháls 19
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is


# Fjörutíu ára samráð á olíuverði til ÍSAL

**Mál ÍSAL, Alcan á Íslandi, gegn olíufélögunum var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Aðalkrafa ÍSAL nemur tæplega 187 milljónum króna. Stærsta skaðabótamál fyrirtækisins vegna samráðs olíufélaganna til þessa.**

**DÓMSMÁL** „Tek heils hugar undir þetta. Óþolandi glannaskapur, svona á að afhenda yfir borð eða í mesta falli boðsent til JH [Jóns Halldórssonar],“ sagði Einar Benediktsson, forstjóri Olís, eftir að Kristján B. Ólafsson, fyrrverandi fjármálastjóri Olís, hafði sent honum skilaboðin: „Fékk inn á borð fax frá Shell vegna Ísals-útboðs. Skil ekki að Shell sendi fax út af verðum í þessu útboði, það er allt of varasamt.“

Þetta kemur fram í skýrslu samkeppnisyfirvalda vegna samráðs olíufélaganna en fyrrnefnd samskipti áttu sér stað 12. september 1997.

Þá undirbjuggu starfsmenn olíufélaganna Skeljungs, Olís og Olíufélagsins, nú Kers, samráð fyrir útboð vegna viðskipta við ÍSAL.

Mál ÍSAL gegn olíufélögunum, sem meðal annars byggir á samráði félaganna fyrir útboðið 1997, var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Aðalkrafa ÍSAL nemur tæplega 187 milljónum króna. Til vara krefst ÍSAL 126 milljóna, 79 milljóna eða bóta að álitum, allt eftir því hvaða forsendum héraðsdómur gefur sér.

Fram að árinu 1993 þegar ný samkeppnislög tóku gildi sem ætlað var að efla samkeppni á markaði hafði verið í gildi samkomulag olíufélaganna um viðskipti við ÍSAL frá því 8. mars 1967. Samkvæmt því skiptu olíufélögin greiðslum ÍSAL vegna olíuviðskipta á milli sín.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins segir meðal annars: „Gögn málsins sýna með skýrum hætti að olíufélögin hafa skipt með sér sölu Skeljungs til ÍSAL frá 1969 til 2001. Í þessu fólst einnig að olíufélögin höfðu samráð um verð á því eldsneyti sem selt var ÍSAL.

Í umfjöllun um þessi mál í skýrslunni er meðal annars vitnað til tölvupóstsamskipta starfsmanna Skeljungs og Olís árið 1996. Þar segir: „Á morgun föstudag, verða viðræður við ÍSAL um endurnýjun viðskiptasamnings, út árið 1996. Í núverandi viðskiptasamningi er afsláttur á svartolíu kr. 60 pr. tonn, frá gamalli tíð, sem ekkert hefur breyst undanfarin ár. Við þurfum að endurskoða þennan afslátt og líklega bæta eitthvað við grunninn til þess að þeim finnist þeir einhvers njóta með hliðsjón af magni (þeir vita að sjálfsögðu ekki um skiptisölu).“ Með skiptisölu er átt við skiptingu á framlegð af viðskiptunum.

Guðrún Johnsen, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, vinnur að matsgerð fyrir hönd ÍSAL í málinu og var því frestað til 8. maí þar sem vinnu við matsgerðina er ekki lokið.

Lögmenn olíufélaganna voru ekki viðstaddir þegar málið var tekið fyrir í gær.

**magnush@frettabladid.is**



**ÍSAL** Olíufélögin Skeljungur, Olís og Olíufélagið, áður Ker, höfðu með sér samráð um viðskipti við ÍSAL á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001.





» New program beginning fall 2008

The program provides a new option for students who are interested in international studies in education. It responds to the interests of students who want to work in international schools in Iceland or in schools or other educational settings in other countries. It also aims at preparing teachers for meeting the needs of a growing group of immigrant children and bilingual children in Iceland. The program focuses on education in the context of globalisation and the development of multicultural societies, sustainable development and on development studies and education in developing countries.

There will be a choice between three specialist areas in the program:

- Language teaching and learning (in international schools)
- Education and globalisation
- Education and development studies

Further information and application form on www.khi.is/english

» Application deadline: March 15th for M.A. degree / June 5th for B.A. degree

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 41248 02/08

www.toyota.is




TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



**MÓTMÆLT Í GEORGÍU** Þátttakandi í mótmælafundi við þinghúsið í Tíflis hrópar vígorð. Þingkosningar fara fram í maí og gagnrýnendur Saakashvilis forseta krefjast lýðræðisumbóta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Línubáturinn Björgmundur ÍS-49 frá Bolungarvík strandaði utan við innsiglinguna:

# Bátur strandaði við Sandgerði

**SANDGERÐI** Línubáturinn Björgmundur ÍS-49 strandaði utan við innsiglinguna í Sandgerði um klukkan hálf fimm í gærmorgun.

Björgmundur er fimmtán tonna yfirbyggður plastbátur, smíðaður árið 2005 í Hafnarfirði og gerður út af Útgerðarfélagi Bolungarvíkur. Fjórir menn eru í áhöfn og voru þeir á leið í róður í gærmorgun þegar stýri bátsins bilaði. Rak bátinn undan vindi og upp á eyrina.

„Þetta er eyri hérna fyrir utan, möl og klappir en það var engin hætta á ferðum,“ segir Guðmundur Ingi Ólafsson, formaður björgunarsveitarinnar Sigurvonar í Sandgerði. Kom hann ásamt félögum sínum í Sigurvon fljótlega á staðinn á björgunarbátnum Kidda Lár og björgunarskipinu Hannesi Hafstein. Tókst þeim að koma taug í Björgmund og draga inn til hafnar í Sandgerði. Tólf menn unnu að björgunaraðgerðum sem lauk innan klukkustundar.



**BJÖRGMUNDUR ÍS-49** Strandaði á klöppum utan við innsiglinguna í Sandgerði. MYND/HAFÞÓR HREIÐARSSON

Engin slys urðu á fólk en nokkrar skemmdir urðu á Björgmundi. Skrúfan eyðilagðist og botnstykki bátsins skemmdist. Að sögn Vignis Arnarssonar, skipstjóra og eiganda bátsins, stóð til að taka bátinn upp strax í gær og koma honum á flot í gærkvöldi. „Ný skrúfa og af stað aftur í mokið,“ segir Vignir. **- ovd**

Hernaður í Afganistan:

# Skæruliðar eyða símamöstrum

**AFGANISTAN, AP Fjarskiptaturn sem sér stóru svæði í vesturhluta Afganistans fyrir símasambandi var eyðilagður á þriðjudag. Árásum á farsímamöstur landsins hefur fjölgað ört á síðustu vikum. Talibanar höfðu hótað símafyrirtækjunum að eyðileggja möstrin, ef þau slökktu ekki á þeim á kvöldin og nóttunni. Ástæðan er sú að skæruliðar telja að NATO-herliðið noti farsímakerfið til að miða út meinta uppreisnarmenn.**

**Turninn sem eyðilagður var á þriðjudag var í eigu símafyrirtækisins Areeba. Samkvæmt lýsingum vitna tóku fimm menn þátt í árásinni.** **- mh**









**Ford F-350 Harley Davidsson** **Verð 12.900.000,-**

Nýskráður: 12.2006 - Ekinn: 6000 km - Slagrými: 5948 cc - Skipting: Sjálfskiptur - Hestöfl: 485 hö

Breyttur fyrir 49”, Banks Turbo kit, Loftpúðafjöðrun aftan, Loftlæsing framan og aftan, Loftdæla, Webasto auka-miðstöð, Drifhlutföll 5:13, Milligír, Aukatankur, Warn 15000 punda spil, Aukarafkerfi, GPS tæki, Bakkmyndavél, Talstöð, Leitarljós, Kastarar, Aftur- og hliðarlýsing, Sérstyrkt framhásing, IPF kastarar, Xenon aukaljós, Playstation tölva, 17” skjár fyrir aftursæti, 220w Inverter.

**Tveir dekkjagangar á bead-lock felgum 44’’ og 49’’.**

**Porsche Ísland**
Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
590 2000

Bílabúð Benna
**www.benni.is**



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


# Skatturinn vill birta skattskrárnar áfram

**Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri leggjast gegn frumvarpi um að birtingu skattskráa verði hætt enda veiti hún skattborgurum aðhald. Persónuvernd telur birtingu skránna stríða gegn almennum sjónarmiðum um einkalífsvernd.**

**STJÓRNSÝSLA** Hætta er á að skattsvik aukist ef birtingu álagningar- og skattskráa verður hætt. Þetta er mat embætta ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins sem birtist í umsögnum um frumvarp ellefu þingmanna um að birtingu skránna verði hætt.

Persónuvernd telur frumvarpið samrýmast almennum sjónarmiðum um einkalífsvernd og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Í greinargerð með frumvarpinu, sem lagt var fram á haustdögum og er til meðferðar í efnahags- og skattanefnd, segir að veigamestu rökin að baki frumvarpinu séu að líklega sé brotið gegn rétti fólks til friðhelgi einkalífs með birtingu skránna.

Ríkisskattstjóri telur unnt að vernda upplýsingar um fjárhag og laun með því að breyta framsetningu upplýsinga í skránum. Birta mætti álögð opinber gjöld í einu lagi í stað þess að sundurliða þau eins og nú er gert.

Í greinargerð með frumvarpinu segir líka að framlagning skránna hafi orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. „Leiða má líkur að því að fjölmiðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar.“

Blaðamannafélagið deilir ekki þeim áhyggjum með



**ANDVÍGIR OPINBERUN** Ungir sjálfstæðismenn hafa lengi mótmælt birtingu álagninga- og skattskráa og vörnuðu eitt árið gestum Skattstofunnar í Reykjavík aðgang að upplýsingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

flutningsmönnum og leggst alfarið gegn frumvarpinu. Alþýðusambandið vill óbreytt ástand en Viðskiptaráð og Hagstofan styðja frumvarpið. Telur Hagstofan opinbera birtingu um álagningu skatta ríma illa við ákvæði ýmissa laga um vernd persónubundinna upplýsinga og er því sama sinnis og þingmennirnir ellefu og Persónuvernd. **bjorn@frettabladid.is**




Amnesty International:

## Stjórnvöld hafa brugðist telpum

**MANNRÉTTINDI** Ríkisstjórnir heimsins hafa brugðist stúlkum og ekki veitt þeim nægilega vernd gegn ofbeldi í skólum, segir í nýrri skýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International.

Algengt sé að stúlkur þurfi að sæta kynferðislegri áreitni af hálfu nemenda og kennara og þeim sé jafnvel nauðgað á kennarastofunni.

Stúlkur sem tilheyra minnihlutahópum séu í sérstakri hættu.

Hvetja samtökin stjórnvöld í öllum löndum til að setja lög sem banni ofbeldi gegn konum. - kóþ

Rakaskemmdir komu í ljós í sextán námsmannaíbúðum á Keflavíkurflugvelli:

# Myglusveppur á Miðnesheiði

**FASTEIGNIR** Myglusveppur herjar nú á nokkrar námsmannaíbúðir Keilis á gamla varnarsvæðinu á Miðnesheiði.

„Íbúarnir hafa tekið þessu af stakri ró. Það hefur verið ráðist í lagfæringar og þeim verður líklega lokið í næstu viku,“ segir Jófríður Leifsdóttir, umsjónarmaður fasteigna hjá Keili sem er leigumiðlari umræddra íbúða.

Að sögn Jófríðar stafa skemmdirnar af því að raka leiðir eftir festingum milli útveggja og gipsplatna þar fyrir innan. „Þetta eru litlir blettir sem myndast uppi við loft og niðri við gólf. Skemmdirnar komu í ljós fyrr í vetur og þá var fljótlega útbúin aðgerðaáætlun sem nú hefur verið fylgt í þrjár vikur,“ segir Jófríður sem kveður verkið ganga afar vel. Skemmdir hafa reynst vera í sextán íbúðum.



**SKEMMDIRNAR** Unnið er að því að ráða niðurlögum myglusvepps í stúdentaíbúðum á gamla varnarsvæðinu.

„Iðnaðarmennirnir hafa reynt að valda íbúunum sem minnstu ónæði. Það verður líka að taka fram að við erum alls með 430 íbúðir á okkar vegum og þessar skemmdir eru aðeins í innan við tuttugu íbúðum, í flestum þeirra aðeins í einu herbergi,“ segir Jófríður.

Eigandi umrædds húsnæðis er enn Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar og segir Jófríður félagið munu borga lagfæringarnar. Ekki fengust upplýsingar hjá Þróunarfélaginu í gær um hver væri áætlaður kostnaður vegna þessa. - gar



**LOKAHÖND LÖGÐ Á VERKIÐ** Skemmdir vegna myglusvepps reyndust vera í sextán námsmannaíbúðum Keilis.
MYND/VÍKURFRÉTTIR

Nýr tækniháskóli ESB:

## Búdapest og Vín meðal keppenda

**BRUSSEL, AP** Vínarborg, Búdapest og Wroclaw (Breslau) eru meðal evrópskra borga sem keppa nú um að hýsa hinn nýja tækniháskóla Evrópu, sem ætlað er að bæta samkeppnishæfni álfunnar á sviði tækni og raunvísinda.

Frá þessu greindi Jan Figel, sem fer með menntamál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Sagði hann ákvörðunina um staðsetningu stofnunarinnar verða tekna af ráðherrum aðildarríkjanna jafnvel svo snemma sem í maímánuði.

Reyndar hafa ráðherrarnir áður samþykkt að öllum nýjum stofnunum ESB skuli fundinn staður í einhverju hinna tólf nýjustu aðildarríkja. - aa

Geimferja á sporbaug:

## Athuguðu með skemmdir

**BANDARÍKIN, AP** **Sjö manna áhöfn geimferjunnar Endeavour nýtti fyrsta sólarhringinn á sporbaug til að athuga hvort nokkrar skemmdir hefðu orðið á ferjunni á ferðinni út fyrir gufuhvolfið á þriðjudag. Er slík skoðun regla eftir að sjö geimfarar fórust með geimferjunni Columbiu árið 2003.**



**GEIMFERJAN ENDEAVOUR** Verður 16 daga í geimnum.

Lögreglan á Vestfjörðum:

## Allir með tetrastöðvar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Vestfjörðum hefur fengið afhentar þrettán tetratalstöðvar og mun hver og einn lögreglumaður framvegis hafa eigin stöð til afnota. „Þetta er til að tryggja okkar samskipti við fjarskiptamiðstöðina sem er fyrir sunnan,“ segir Jón Bjarni Geirsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar á Vestfjörðum.

Afhendingin kemur í kjölfar heimsóknar Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra til Ísafjarðar í febrúar. - ovd









**SKORA Á FARC** Þingmenn á Evrópuþinginu í Strassborg halda á loft myndum af Ingrid Betancourt til að þrýsta á um lausn hennar úr gíslingu FARC-liða í Kólumbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tónlist í vefverslun D3 var mun dýrari á Íslandi en erlendis þar til á föstudag:

# Hækkuðu verð um hundrað prósent

**NEYTENDUR** Verðlagning á Tonlist.com, systursíðu vefverslunarinnar Tónlist.is, er nú allt að hundrað prósent hærri en í síðustu viku. Ástæðan er ábending Fréttablaðsins um að tónlistin væri mun dýrari fyrir Íslendinga en þá sem kaupa hana frá útlöndum.

Á Tónlist.is og Tonlist.com má kaupa íslenska tónlist í gegnum netið. Ekki er hægt að versla á Tonlist.com nema með tölvu sem er staðsett utanlands. Síðurnar líta eins út og selja að mestu leyti sömu tónlist. Þær eru báðar í eigu D3 sem er dótturfélag 365 hf.

Í síðustu viku var sama hljómplatan allt að því tvöfalt dýrari á Tónlist.is en á Tonlist.com. Aðspurður sagði Steingrímur Árnason, framkvæmdastjóri D3, eina ástæðu fyrir þessum verðmun vera að Tonlist.com selji tónlist á erlendu markaðssvæði þar sem verðlag sé annað.

Á föstudag barst blaðamanni tölvupóstur frá Steingrími þar sem sagði að verðið á Tonlist.com hefði verið „einhver misskilningur sem hefur verið leiðréttur“.

Verðið sé nú það sama og á Tónlist.is, að undanskildum virðisaukaskatti sem leggst ekki á útflutningsvörur.



**NÝTT VERÐ** Hér má sjá hvernig verðið hækkaði á Tonlist.com eftir að Fréttablaðið spurði hvers vegna Íslendingar borguðu mun meira en þeir sem eru erlendis.

Nokkrum mínútum síðar hafði allt snarhækkað á Tonlist.com. Platan Ferðasót með Hjálmum, sem kostaði 662 krónur fyrr um daginn, hafði hækkað í 1.125 krónur eða um 70 prósent. Platan kostar 1.399 krónur á Tónlist.is.

Aðrar plötur hækkuðu um 20 til 70 prósent. Einstök lög, sem kostuðu áður 66 krónur kosta nú 131 krónu. Hækkunin nemur hundrað prósentum. - sþs

Hljóðið skýrist með ADRO™

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku ADRO tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ! Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

Þróunarmálaráðherra Svíþjóðar:

# Leiðin til áhrifa í gegnum Brussel

**EVRÓPUMÁL** Samstarf Norðurlandanna væri öflugra ef öll Norðurlöndin væru aðilar að Evrópusambandinu og samkvæmt reynslu Svía af ESB-aðild undanfarin 13 ár liggur leiðin fyrir lítið Evrópuríki til áhrifa í heiminum í gegnum Brussel. Þetta segir Gunilla Carlsson, þróunarmálaráðherra Svíþjóðar, en hún var framsögumaður á málfundi um Norðurlönd og ESB sem haldinn var á vegum Evrópusamtakanna og Alþjóðamálastofnunar HÍ í gær.

„Svíar myndu fagna sterkari viðveru Norðurlanda í Brussel. Ég tel að það myndi líka styrkja Norðurlandasamstarfið ef þau væru öll í sambandinu,“ sagði Carlsson í erindi sínu. Hún segir Evrópusambandið líka myndu hafa gott af því að hafa öll Norðurlöndin innanborðs. Þó segir hún ekki um það að ræða að Norðurlöndin myndi „blokk“ innan sambandsins. Engu að síður líti hún svo á að það myndi styrkja stöðu Svíþjóðar innan þess að fá Noreg og Ísland einnig inn.

> Ég tel að það myndi styrkja Norðurlandasamstarfið ef þau væru öll í sambandinu.
>
> **GUNILLA CARLSSON** ÞRÓUNARMÁLARÁÐHERRA SVÍÞJÓÐAR

Carlsson lýsti þeirri reynslu sinni að leiðin fyrir land af stærðargráðu Svíþjóðar til áhrifa í hinum hnattvædda heimi nútímans lægi í gegnum Evrópusambandið. Með því að finna sér bandamenn innan þess fyrir sinni afstöðu til mála væri mögulegt að hafa mun meiri áhrif á gang mála í heiminum en ef Svíþjóð stæði utan við ESB og reyndi upp á eigin spýtur að beita sér í sömu málum á alþjóðavettvangi, svo sem gagnvart löndum eins og Bandaríkjunum eða Kína.



**GUNNILLA CARLSSON** Þróunarmálaráðherra segir að samstarf Norðurlandanna væri öflugra ef öll löndin væru aðilar að ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meðal annars í þessu lægi ávinningurinn af aðild að Evrópusambandinu. „Með því að standa utan við missir maður af möguleikum til áhrifa,“ segir hún.

Spurð hvort hún telji að Ísland gæti gert sér vonir um að geta samið um sérlausn í sjávarútvegsmálum, ef það færi út í aðildarviðræður, segir hún að viss sveigjanleiki sé alltaf fyrir hendi í aðildarviðræðum. En hún segir það ekki til góðs árangurs fallið að fara út í slíkar viðræður með of harðar kröfur um undanþágur. „Ef Ísland íhugar alvarlega að fara út í aðildarviðræður myndi ég ráðleggja að gera ekki eins og Bretar eða Danir, að segjast vilja vera með en þó bara að hluta. Maður ætti að ganga hreint til verks og sýna vilja til að taka þátt að fullu.“ - aa



* Innifalið í verði: Flug aðra leiðina, flugvallarskattar og gjöld. Sölutímabil: 13.–16. mars. Ferðatímabil: 1.–30. apríl.



Glæsilegar handsmíðaðar fermingargjafir
CARAT
HAUKUR GULLSMIÐUR
577 7740 / Smáralind / www.carat.is




VERÖLDIN OKKAR
uppáhald krakkanna á meðan foreldrarnir versla




Ferming mars 2008
Spariföt
Skór
Hárgreiðsla
Snyrtivörur
Matur
Drykkjarföng
Skraut
Gjöf
Opið til klukkan 21 í kvöld
ALLT FYRIR
FERMINGUNA
Í SMÁRALIND
VELDU RAFRÆNT GJAFAKORT FYRIR FERMINGARBARNIÐ
Stundum getur verið vandasamt að velja réttu gjöfina handa fermingarbarninu. Gjafakort Smáralindar er alltaf góð lausn því þá getur unglingurinn sjálfur valið það sem hann langar í.
Þú færð kortið á þjónustuborði Smáralindar 2. hæð.
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

# Pioneer

Hljómar eins og til var ætlast!

Pioneer DCS-363

## HEIMABÍÓ

- 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
- 360W magnari (6 x 60W RMS)
- HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
- Spilar alla DVD og CD diska, Mp3, WMA, JPeg og DivX.
- USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, Mp3 spilurum o.fl.
- Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surroundkerfi
- Spilar öll DVD-kerfi, bæði PAL og NTSC
- FM útvarp með RDS
- Tengi: HDMI út, USB inn, Euro-SCART (RGB) út, Composite út, RCA hljóð inn.

Verð: 49.900 kr.




Nýjasta snilldin frá Pioneer ..!!

*Komdu til okkar og fáðu að heyra hljóminn.*

## Nintendo

LEIKJATÖLVAN

NÝ UPPLIFUN!

*Vinsælasta leikjatölva heims.**

*Skv. mælingu www.vgchartz.com






**Freyju** *páskaegg nr. 6 fylgir hverri* **Wii**-*tölvu fram að páskum*




VERÐTRYGGING – ALLTAF ÓDÝRUST Í ORMSSON!

FLÆÐI AF FRÁBÆRUM LEIKJUM!



***Super Mario Galaxy***
*- einn besti leikur allra tíma!*

***Lego Star Wars; Complete Saga***
*- spilaðu allt ævintýrið með Lego*

***Zack & Wiki***
*- Viltu verða besti/versti sjóræninginn?*

***Big Brain Academy***
*- þjálfaðu hugan með Wii*

***Zelda – Twilight Princess***
*- ævintýrið heldur áfram*



# ORMSSON

KVIKA

EÐ ÞIG
HUGA

# HIN FULLKOMNA GJÖF



KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!

OLYMPUS®
3ja ára ábyrgð

## OLYMPUS E-410

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5” skjá
- “Dust Reduction System” rykfríar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000 – 60 sek, Bulb
- Tekur allt að 3 ramma á sekúndu
- 21 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið
- **14–42mm *og* 40–150mm linsur**

**OLYMPUS FL-36R leifturljós**

· TTL Flass fyrir Olympus stafrænar myndavélar
· Þráðlaus stýring á flassi · Hægt að nota handvikt eða sjálfvirkt
· Snúnings haus · Leiði tala 36 · Þyngd 260 gr.

*Bjóðum nú þessa frábæru myndavél – með tveimur OLYMPUS linsum, öflugu flassi, 1GB minniskubb og OLYMPUS tösku á aðeins* ***kr. 95.900,-***




*Eru einhverjir að bjóða jafn tæknilega fullkomna fartölvu á þessu verði?*

ZEPTO®
the notebook company

Zepto 3215W
Fartölva
Kr. 99.900,-

- Skjár: 15,4” WXGA
- Örgjörvi: Intel Core DUO T2330 1,6Ghz
- Vinnsluminni: 2 Gb PC5300
- Harður diskur: 160GB SATA 5400rpm
- Drif: DVD-RW
- Windows Vista Home Basic

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |

SIEMENS

Þvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.



Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Fjórtán **blettakerfi** fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænku. Tromlan er óvenjustór, tekur 65 l og hægt er að þvo í henni allt að **8 kg.** Innra byrði tromlunnar er með droplaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: **15 mín. hraðkerfi** og **60 mín. kraftþvottakerfi** fyrir meðalóhreinan þvott. **Snertihnappar**. Stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun og er í orkuflokki **A+**.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA – KMI / FIT

Meirihluti umhverfisráðs borgarinnar um möguleg viðbrögð við svifryksmengun:

# Aukin skattheimta óraunhæf

**UMHVERFISMÁL** Meirihluti umhverfisráðs Reykjavíkurborgar telur það ekki raunhæft að berjast gegn svifryksmengun með því að auka skattheimtu af bílum, loka umferðargötum eða banna ákveðnar bílategundir á ákveðnum svæðum.

Þetta kemur fram í svari meirihlutans við fyrirspurn fulltrúa minnihlutans um það hvernig brugðist verði við tillögum umhverfissviðs um viðbrögð við svifryksmengun.

Í tillögum umhverfissviðs kemur fram að til þess að draga úr menguninni séu helstu ráðin þau að draga úr umferðarhraða, minnka bílaumferð, taka toll til að minnka umferð um ákveðna borgarhluta, loka götum tímabundið þegar mengun er mikil, takmarka þungaumferð og takmarka notkun nagladekkja.



**SVIFRYK** Draga ætti úr umferðarhraða, minnka bílaumferð og loka götum tímabundið til að bregðast við svifryksmengun, að mati umhverfissviðs borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í bókun minnihluta í umhverfisráði segir að óþarfi sé að hafna afdráttarlaust hugmyndum umhverfissviðs, eins og meirihlutinn hafi gert í svari sínu.

Meirihlutinn bókaði á móti að með grænum skrefum nýs meirihluta sé einmitt farið að ráðum sérfræðinga umhverfissviðs. Markmiðið sé að hvetja borgarbúa til umhverfisvænna samgangna með því að gera almenningssamgöngur og hjólreiðar að raunhæfum og góðum kosti. - bj

# Vilja feðraorlof að íslenskum hætti

**Jafnlaunanefnd norsku ríkisstjórnarinnar hefur lagt til að Norðmenn taki upp íslenska fæðingarorlofskerfið með því að færa orlofsrétt frá mæðrum til feðra en lengja það ekki eins og var gert hér. Tillagan mætir harkalegri gagnrýni.**

**NOREGUR** Jafnlaunanefnd norsku ríkisstjórnarinnar hefur lagt til að Norðmenn taki upp sams konar fæðingarorlof og Íslendingar og skipti fæðingarorlofinu í þrjá jafnlanga hluta fyrir móðurina, föðurinn og svo síðasta hlutann sem foreldrarnir skipta sjálfir á milli sín. Tillagan hefur skapað heitar umræður í Noregi.

Bæði atvinnurekendur og verkalýðshreyfingin hafa lýst yfir stuðningi við hugmyndina en gagnrýnendur benda á að á Íslandi hafi fæðingarorlofið verið lengt úr sex í níu mánuði um leið og réttur feðranna jókst. Norðmenn ætla hins vegar ekki að lengja fæðingarorlofið heldur taka af rétti mæðranna til að auka rétt feðranna.

Í Noregi er fimmtán prósenta launamunur kynjanna. Norska ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að minnka launamuninn og var jafnlaunanefndin skipuð til þess að fara yfir stöðuna og koma með tillögur til úrbóta. Hún hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að með breytingum á fæðingarorlofinu verði hægt að minnka launamuninn og vitnar til þróunarinnar á Íslandi máli sínu til stuðnings.



JENS STOLTENBERG

„Við teljum að launamunurinn verði til á þeim tíma þegar fólk er með lítil börn. Mæðurnar sitja eftir en pabbarnir rjúka upp launastigann. Fjörutíu prósent af launamuninum verða til í einkageiranum og tuttugu prósent í opinberum geira,“ hefur norska ríkisútvarpið NRK eftir Anne Enger, formanni nefndarinnar.

Í umræðunni í Noregi hefur komið fram að fæðingarorlof feðra hafi fengið frábærar viðtökur meðal karla á Íslandi og því haldið fram að fæðingarorlof feðra hafi minnkað launamun kynjanna um helming en um leið hafi ýmsir dregið þróunina í efa, aðallega áhugamenn og fagmenn sem vinna með brjóstagjöf ungbarna.

Norskar mæður hafa rétt til fæðingarorlofs í 44 vikur á fullum launum og 54 vikur á áttatíu prósenta launum. Með breytingu þyrftu mæður að fara á vinnumarkað eftir sex mánaða fæðingarorlof.



**KOMI NIÐUR Á KONUM** Norsk nefnd hefur lagt til að Norðmenn taki upp þrískipt fæðingarorlof á íslenska vísu, stytti fæðingarorlof kvenna og lengi fæðingarorlof karla þannig að kynin eigi jafnan rétt. Tillagan hefur verið harkalega gagnrýnd og meðal annars bent á að hún komi niður á konum.

Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, telur tillöguna ganga of langt. „Það er mikill munur á því hvort móðirin þarf að fara að vinna aftur eftir sex mánuði eða níu mánuði,“ sagði hann við VG Nett.

Norska ríkisstjórnin hefur lofað að lengja fæðingarorlof feðra í tíu vikur, að sögn Dagsavisen, en feður eiga nú rétt á sex vikum. ghs@frettabladid.is




Framkvæmdastjóri SA ráðleggur fólki að taka lán í erlendri mynt:

# Krónan verðlögð af markaði

**EFNAHAGSMÁL** Stýrivextir eru einna hæstir hér á landi ef miðað er við önnur vestræn ríki. Stýrivextir eru nú 13,75 prósent á Íslandi og eru líklega hvergi hærri í hinum vestræna ríkjunum nema þá helst í Tyrklandi. Þar eru stýrivextir 15,25 prósent.

Stýrivextirnir eru yfirleitt á bilinu 3,0 prósent, eins og er í Bandaríkjunum, upp í 5,25 prósent í Noregi og Bretlandi. Lægstir eru þeir í Japan, þar sem þeir eru 0,5 prósent. Í Ástralíu eru þeir 7,25 prósent og á Nýja-Sjálandi 8,25 prósent.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, segir löngu vitað að stýrivextir séu mun hærri hér á landi en í nágrannalöndunum. „Þetta er mjög bagalegt. Þegar stýrivextir eru háir svona lengi og ekki fyrirsjáanlegt að Seðlabankinn lækki þá ótilneyddur þá er verið að verðleggja krónuna út af markaðnum,“ segir hann.

**STÝRIVEXTIR**

**Í nokkrum löndum**

| | |
|---|---|
| Noregur | 5,25 |
| Svíþjóð | 4,25 |
| Danmörk | 4,25 |
| Seðlabanki Evrópu | 4,0 |
| Bandaríkin | 3,0 |
| Bretland | 5,25 |
| Japan | 0,5 |
| Ástralía | 7,25 |
| Nýja-Sjáland | 8,25 |
| Kanada | 3,5 |
| Ísland | 13,75 |
| Tyrkland | 15,25 |

Miðað við föstudaginn 7. mars 2008.

„Íslenska krónan er í samkeppni við aðra gjaldmiðla. Þegar stýrivextirnir eru svona háir svona lengi rýrir það samkeppnishæfni krónunnar sem gjaldmiðils til að taka lán í. Lántakendur fara að flýja krónuna í sífellt meira mæli og smám saman minnkar hennar hlutdeild,“ segir Vilhjálmur.



**SAMKEPPNI VIÐ AÐRAR MYNTIR** „Íslenska krónan er í samkeppni við aðra gjaldmiðla,“ segir Vilhjálmur Egilsson um stöðuna í gjaldeyrismálum þjóðarinnar.

Vilhjálmur segist ráðleggja fólki að taka lán núna í erlendri mynt „Eftir að gengið hefur lækkað er krónan ódýr.“ - ghs




# Sársauki er ekki eðlilegt ástand

## Átt þú rétt á slysabótum?

Það er ekkert gott við það að verða fyrir slysi. Því geta m.a. fylgt þjáningar, tekjutap og ýmiss kostnaður. Þá eru því miður margir illa upplýstir um bótarétt vegna afleiðinga slysa enda þótt flestir séu vel tryggðir. Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fáir endurgreiddan sjúkrakostnað, fáir greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiðir, jafnvel þó þú hafir verið í órétti? Ef þú hefur lent í slysi, t.d. umferðarslysi eða vinnuslysi, er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband við okkur og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

TORT

NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - **www.tort.is**

## „ORÐRÉTT“

### Gæta hlutleysis

**„Dómarar eru fyrst og fremst að gæta hlutleysis og þess vegna eru þeir varkárir þegar þeir tjá sig.“**

EGGERT ÓSKARSSON, FORMAÐUR DÓMARAFÉLAGS ÍSLANDS
Fréttablaðið 12. mars

### Kæra hvor annan

**„Ég kærði Ragnar áður en hann kærði mig, en hann er búinn að vera að dreifa einhverjum rógi um mig.“**

BENJAMÍN ÞÓR ÞORGRÍMSSON
EINKAÞJÁLFARI
DV 12. mars

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUNNAR HÓLMSTEINN GUÐMUNDSSON VERKFRÆÐINEMI**

## Tíu tíma ísbíltúr til Akureyrar



„Ég er frekar nýkominn úr skiptinámi í Danmörku,“ segir Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson verkfræðinemi. „Ég ákvað að fara þangað til að taka nokkra valkúrsa sem voru ekki í boði hérna heima.“

Gunnar segir það hafa verið áhugavert að kynnast annars konar námsáherslum. „Námið hérna heima er mun fræðilegra, en áhersla Dana er á að gera verkefni og útskýra þau munnlega. Mér finnst það mjög mikilvægt fyrir atvinnulífið,“ segir Gunnar. „Á Íslandi sitja krakkar í tíu ár í grunnskóla án þess að þurfa að segja neitt, nema kannski flytja eitt og eitt ljóð. Mér finnst að krakkar ættu ekkert að komast upp með það.“

Gunnar tekur þátt ásamt félögum sínum í Frumkvöðlakeppni Innovit. „Við erum að þróa nýstárlega leið til að gera viðhorfsrannsóknir með aðstoð gervigreindar á netinu,“ segir Gunnar. Í fyrstu verðlaun er ein og hálf milljón króna.

„Svo erum við fimm saman félagar að spá í að kaupa okkur hús í miðborginni. Það er fiðringur í manni vegna þess hvað markaðurinn er óstöðugur, en við lögðum fram tilboðið í gærmorgun,“ segir Gunnar.

„Annars fór ég með Gumma félaga mínum í ísbíltúr í síðustu viku til Akureyrar. Við fengum okkur Brynjuís og það tók alveg tíu klukkutíma, en það var ferðarinnar virði. Í næstu viku förum við líklega til Þorlákshafnar í humarsúpu og svo kannski seinna í hreindýrsborgara á Egilsstöðum,“ segir Gunnar Hólmsteinn.

## LUNDINN:
### KALLAÐUR PRÓFASTUR



Lundinn er svartur á kolli, hálsi og baki, hvítur að neðan og grár í vöngum. Til eru litaafbrigði sem kennd eru við kóngafólk. Alhvítur lundi kallast kóngur, lundi með brúnan lit í stað þess svarta kallast drotting, og flekkóttur eða hvítdröfnóttur lundi kallast prins. Lundinn gengur undir mörgum gælunöfnum vegna sköpulags síns og hátternis. Hann er kallaður prófasturinn vegna göngulagsins og þess virðuleika sem hann hefur yfir að bera þegar hann gengur sperrtur um auk þess sem liturinn á fjaðrahamnum minnir á hempu.

## SJÓNARHÓLL
### STJÓRNMÁLAMENN Í SENDIHERRASTÖÐUR

## Gerir ekki athugasemd

„Ég geri enga athugasemd við að stjórnmálamenn séu skipaðir í þessi embætti,“ segir Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, um skipan stjórnmálamanna í sendiherrastöður. „Vegna þess að í flestum tilfellum er verið að skipa stjórnmálamenn sem eru með mikla reynslu, góða þekkingu á íslenskum aðstæðum og aðstæðum útlendinga á Íslandi. Þeir hafa í flestu þekkingu til að koma hagsmunum Íslands vel á framfæri. Ég tel það mjög vel við hæfi að erlendum samskiptum sé sinnt vel því það er mjög mikilsvert fyrir okkur sem þjóð, upp á viðskipti, samskipti, kynningu landsins og annað. Varðandi fjölgun sendiherra þá er þetta ekki ótæmandi en við þurfum að koma okkar sjónarmiðum á framfæri á svo mörgum sviðum.“



**GÍSLI S. EINARSSON** Bæjarstjóri á Akranesi.

# Afrek sem vert er að synda fyrir

**Á hverju ári þreyta karlar og konur Guðlaugssund í Vestmannaeyjum og minnast um leið eins frækilegasta afreks sem unnið hefur verið á vorum dögum. Afreksmaðurinn sjálfur var á svæðinu að venju.**

Hinn 1. mars árið 1984 var Guðlaugur Friðþórsson í fimm manna áhöfn á Hellisey VE á togveiðum austur af Stórhöfða þegar trollið festist í botninum með þeim afleiðingum að bátnum hvolfdi. Guðlaugur var sá eini sem komst lífs af en hann synti rúma fimm kílómetra leið til Vestmannaeyja í ísköldum sjónum.

Friðrik Ásmundsson var á þessum árum skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum. „Árið eftir að Guðlaugur vann þetta afrek fengu nemendur mínir þá hugmynd að halda Guðlaugssund í Sundhöll Vestmannaeyja,“ segir Friðrik. „Síðan þá höfum við minnst þessa frækilega afreks á hverju ári 12. mars en það var á þeim degi sem hann kom í land.“

Að þessu sinni tóku sautján þátt í sundinu en fimm syntu heilt Guðlaugssund sem er 5,4 kílómetrar eða sama vegalengd og hann synti fyrir 24 árum.



**ALLIR Í GUÐLAUGSSUNDI** Friðrik Ásmundsson stendur þarna með skeiðklukkuna yfir buslandi sundköppum í Guðlaugssundi en Allan Friðriksson sundvörður fylgist með honum á vinstri hönd. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Þeir voru Helgi Einarsson, sonur hans Aron og dóttir hans Árney, Guðný Jensdóttir og Sólrún Haraldsdóttir. Aron náði bestum tíma eða einni klukkustund og 26,5 mínútur.

„Svo tóku Óskar Óskarsson og Guðný Óskarsdóttir, sem eru systkini á miðjum aldri, þátt og skiptu Guðlaugssundinu bróðurlega á milli sín,“ segir Friðrik kankvís. Síðan skiptu fjórir starfsmenn úr Glitni sundinu á milli sín og krakkar úr Sunddeild Vestmannaeyja létu heldur ekki sitt eftir liggja.

„Svo leit Guðlaugur sjálfur við eins og hann gerir alltaf,“ bætir Friðrik við. Aðspurður hvort sundgarpurinn sá hefði stungið sér til sunds segir Friðrik „nei, hann er víst búinn að fá að synda nóg. Reyndar má segja, ef ég gantast nú aðeins, að hann hafi notið nokkurra forréttinda í sínu sundi fyrir 24 árum en hann fékk fylgd frá múkkanum en því var ekki að heilsa í Sundhöllinni.“

**jse@frettabladid.is**



**GUÐLAUGUR FRIÐÞÓRSSON** Afreksmaðurinn kom við í Sundhöllinni eins og hann hefur alltaf gert þegar Guðlaugssund hefur verið þreytt til að minnast afreks hans. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON




Fréttaskýring um kvótakerfið á franskri sjónvarpsstöð:

## Íslenskir sjómenn á franska skjánum

Verið er að undirbúa umfjöllun um íslenska kvótakerfið fyrir fréttaskýringaþáttinn „Thalassa“ sem sýndur er á frönsku sjónvarpsstöðinni France 3. Hann verður svo sýndur laugardaginn 19. apríl að sögn Jóns Þórðarsonar, athafnamanns á Bíldudal, en hann er einn af viðmælendum þeirra í þættinum. Þeir voru við tökur á Bíldudal og í Arnarfirði í byrjun febrúar en einnig fóru þeir víðar um landið.

„Þátturinn þar sem umfjöllun þeirra verður sýnd er mjög vinsæll fréttaskýringaþáttur og er áhorf um 15 til 20 prósent sem telst nokkuð mikið að teknu tilliti til hve margra sjónvarpsstöðva Frakkar geta valið um,“ segir Jón. „Þættinum er einnig dreift til 25 landa að lokinni sýningu í heimalandinu.“

Hann segir enn fremur að áhugi þeirra hafi vaknað á kvótakerfinu í kjölfar álits mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna en þar segir að íslensk yfirvöld hafi beitt þá Örn Snævar Sveinsson og Erling Svein Haraldsson misrétti en þeir sóttu málið eftir að hafa verið sakfelldir af íslenskum dómstólum fyrir að veiða án veiðiheimilda.

Sjónvarpsmenn tóku viðtal við Örn Snævar sem nú sækir sjóinn frá Reykhólahreppi. **- jse**



**VIÐ TÖKUR Í ARNARFIRÐI** Hér eru frönsku sjónvarpsmennirnir frá France 3 við tökur í Arnarfirði. Þátturinn verður sýndur í Frakklandi 19. apríl en síðan í 27 löndum. MYND/BILDUDALUR.IS


INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR
ALLTAF GÓÐIR!
FJÖLDI BÍLA Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI. KOMDU OG GERÐU BÍLAKAUP ÁRSINS.
Nissan Primastar 1.9D
Ekinn 70 þús. Nýskr. 06/05
Áður: 1.790.000 kr.
2005 Beinskiptur
Nú: 1.490.000 kr.
Opel Astra 1.8
Ekinn 40 þús. Nýskr. 09/07
Áður: 1.750.000 kr.
2007 Sjálfskiptur
Nú: 1.350.000 kr.
Subaru Forester Luxury
Ekinn 68 þús. Nýskr. 11/03
Áður: 1.790.000 kr.
2003 Sjálfskiptur
Nú: 1.590.000 kr.
Mitsubishi L200
Ekinn 2 þús. Nýskr. 06/07
Áður: 2.590.000 kr.
2007 Beinskiptur
Nú: 2.390.000 kr.
Suzuki Grand Vitara
Ekinn 65 þús. Nýskr. 05/05
Áður: 1.760.000 kr.
2005 Beinskiptur
Nú: 1.520.000 kr.
Mitsubishi Pajero GLS
Ekinn 56 þús. Nýskr. 06/06
Áður: 4.450.000 kr.
2006 Sjálfskiptur
Nú: 3.790.000 kr.
Isuzu Trooper
Ekinn 119 þús. Nýskr. 01/03
Áður: 1.850.000 kr.
2003 Sjálfskiptur
Nú: 1.690.000 kr.
Renault Mégane
Ekinn 24 þús. Nýskr. 03/06
Áður: 1.850.000 kr.
2006 Beinskiptur
Nú: 1.590.000 kr.
Hyundai Tucson
Ekinn 18 þús. Nýskr. 06/06
Áður: 2.550.000 kr.
2006 Beinskiptur
Nú: 2.190.000 kr.
Opel Corsa 1.2
Ekinn 51 þús. Nýskr. 08/04
Áður: 990.000 kr.
2004 Bsk / ssk
Nú: 790.000 kr.
Hyundai Tucson
Ekinn 55 þús. Nýskr. 04/05
Áður: 2.120.000 kr.
2005 Beinskiptur
Nú: 1.890.000 kr.
Suzuki Grand Vitara
Ekinn 95 þús. Nýskr. 05/05
Áður: 1.630.000 kr.
2005 Beinskiptur
Nú: 1.330.000 kr.
Nissan Primera Comfort
Ekinn 96 þús. Nýskr. 05/02
Áður: 750.000 kr.
2002 Beinskiptur
Nú: 550.000 kr.
Mitsubishi Outlander
Ekinn 100 þús. Nýskr. 02/04
Áður: 1.690.000 kr.
2004 Sjálfskiptur
Nú: 1.490.000 kr.
Ford Explorer
Ekinn 33 þús. Nýskr. 04/05
Áður: 2.290.000 kr.
2005 Sjálfskiptur
Nú: 2.090.000 kr.
Opel Vectra 2.2 Elegance
Ekinn 21 þús. Nýskr. 05/06
Áður: 2.190.000 kr.
2006 Sjálfskiptur
Nú: 1.790.000 kr.
Nissan Navara SE 2.5
Ekinn 50 þús. Nýskr. 04/06
Áður: 3.250.000 kr.
2006 Beinskiptur
Nú: 2.890.000 kr.
Mitsubishi Pajero Sport
Ekinn 58 þús. Nýskr. 02/05
Áður: 2.690.000 kr.
2005 Beinskiptur
Nú: 2.350.000 kr.
Ford F-150
Ekinn 31 þús. Nýskr. 03/06
Áður: 3.950.000 kr.
2006 Sjálfskiptur
Nú: 3.320.000 kr.
Nissan Terrano II 2.4
Ekinn 95 þús. Nýskr. 06/02
Áður: 1.490.000 kr.
2002 Beinskiptur
Nú: 1.250.000 kr.
Volvo XC70
Ekinn 195 þús. Nýskr. 11/02
Áður: 2.390.000 kr.
2002 Sjálfskiptur
Nú: 1.790.000 kr.
Mitsubishi Pajero Sport
Ekinn 43 þús. Nýskr. 11/05
Áður: 3.110.000 kr.
2005 Beinskiptur
Nú: 2.740.000 kr.
Hyundai Terracan
Ekinn 27 þús. Nýskr. 11/05
Áður: 3.650.000 kr.
2005 Beinskiptur
Nú: 3.190.000 kr.
Opel Astra 1.8
Ekinn 8 þús. Nýskr. 04/07
Áður: 2.180.000 kr.
2007 Sjálfskiptur
Nú: 1.990.000 kr.
Isuzu Trooper
Ekinn 164 þús. Nýskr. 07/00
Áður: 1.290.000 kr.
2000 Sjálfskiptur
Nú: 1.090.000 kr.
ENNEMM / SÍA / NM32567
Að sjálfsögðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Allt að 100% lán og fyrstu greiðslu þarf ekki að inna af hendi fyrr en 1.maí n.k. Með fyrirvara um prentvillur.
GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU
Þeir sem vilja nota hádegið til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammíslenska pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu notuðum bíl að eigin vali. Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.
INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is
IH
INGVAR HELGASON

## Kjarni málsins

> Fjöldi nemenda á hvern kennara í grunnskólum landsins.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**menntun**
*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** BALDUR VIGNIR KARLSSON NEMI Í NÁTTÚRULÆKNINGUM

# *Allt verður náttúrulegra og náttúrulega*

„Bretar eru mjög jákvæðir gagnvart óhefðbundnum lækningum enda eru áhrif þeirra miklu viðurkenndari hér heldur en heima,“ segir Baldur Vignir Karlsson, nemi í Náttúrulækningaskóla í London sem nefnist The College of Naturopathic Medicine.



Baldur er nú að ljúka öðru ári af fimm ára löngu námi. Hann segir að á fyrstu tveimur skólaárunum sé farið yfir grunnfögin. En á þriðja ári geti nemendur farið að líta til ferkari sérhæfingar. Sjálfur hyggst hann sérhæfa sig í smáskammtalækningum og næringarþerapíu. Spurður hvort fólk furði sig á því hvaða nám hann leggi fyrir sig segir hann svo ekki vera. „Hér í Bretlandi eru allir að verða náttúrulegri og náttúrulegri. Það sést ef til vill best á því að í London er starfrækt sjúkrahús sem byggir á náttúrulækningum. Ég er samt á því að þeir sem starfa við hefðbundnar lækningar og svo þeir sem starfa við þær óhefðbundnu eigi að geta unnið miklu meira saman en nú er. Bretar eru á réttri braut og ég get ekki séð annað en mikill áhugi sé fyrir náttúrulækningum á Íslandi og hlakka því til að snúa aftur heim,“ segir hann.

Baldur kveðst mjög ánægður með uppbyggingu námsins í London en sjálfur kjósi hann þó að búa í borginni Brighton, þar sem unnusta hans er við nám í afbrotafræði og taka lest á milli.

„London er skemmtileg borg en lífsgæðin eru miklu meiri hér í Brighton. Bæði er allt ódýrara auk þess sem hávaðinn og lætin eru ekki jafn mikil og í stórborginni.“

■ **Framhaldsskólar á sjónvarpsstöðinni ÍNN**

## Fókus á framhaldsskólana

Hafin er ný þáttaröð um framhaldsskólana á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þáttaröðin heitir Fókus á framhaldsskólana og var fyrsti þátturinn sýndur á mánudagskvöldið var. Þátturinn fjallaði um Menntaskólann við Hamrahlíð, MH, og var sjónum beint að skólanum og félagslífinu, nemendur spjölluðu um skólalífið og ræddu málin auk þess sem brot úr daglegu lífi voru sýnd. Þetta kom fram á vef MH, www.mh.is.

■ **Menntun í Ríkisútvarpi**

## Kennarastarfið frá ýmsum hliðum

Ríkisútvarpið hefur á dagskrá sinni útvarpsþáttaröð um kennara og kennarastarfið frá ýmsum hliðum í tilefni af hundrað ára afmæli Kennaraháskólans. Þættirnir eru á dagskrá á Rás 1 kl. 14.40 á laugardögum. Í næsta þætti verður fjallað um samband, samvinnu og samskipti kennara og nemenda.

Í fyrsta þættinum var dregin upp mynd af tíðaranda á Íslandi þegar Kennaraskólinn var stofnaður árið 1908, lýst skólastarfi í sveitum landsins og litið inn í Kennaraskólann um miðja öldina. Rætt var við Helga Skúla Kjartansson sagnfræðing og tvo fyrrverandi nemendur Kennaraskólans sem báðir gerðu kennslu að ævistarfi sínu, þau Torfa Guðbrandsson og Vilborgu Dagbjartsdóttur.

Umsjónarmenn þáttanna eru Anna Margrét Sigurðardóttir og Leifur Hauksson.

■ **Málstofa**

## Leitun til heilbrigðiskerfisins vegna verkja

„Hvað ræður því hvort einstaklingar leita til heilbrigðiskerfisins vegna verkja eða ekki?“ er spurning sem Þorbjörg Jónsdóttir, aðjúnkt við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri, veltir upp í erindi sínu á málstofu deildarinnar sem fram fer í dag.



Langvinnir verkir eru almennt viðurkenndir sem eitt af útbreiddustu og erfiðustu heilbrigðisvandamálum á Vesturlöndum og valda þeir miklum sálrænum og líkamlegum þjáningum. Þá er kostnaður samfélagsins mikill en rannsóknir hafa sýnt að aðeins lítill hluti einstaklinga með slíka verki leita til heilbrigðiskerfisins. Ætlar Þorbjörg í fyrirlestri sínum meðal annars að ræða nokkra hugsanlega þætti sem áhrif geta haft á hvort einstaklingar leita til heilbrigðiskerfisins. Málstofan hefst klukkan 12.10 í stofu L201 á Sólborg og er öllum opin.

■ **Fyrirlestur**

## Hlutverk minnihlutahópa í kosningum

Hlutverk minnihlutahópa í forsetakosningunum í Bandaríkjunum er efni fyrirlestrar dr. Davids Lublin, prófessors við American University í Washington, sem fram fer í stofu 101 í Háskólatorgi næstkomandi föstudag. Er fyrirlesturinn hluti af fyrirlestraröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi um bandarísku forsetakosningarnar.

Dr. Lublin er með doktorsgráðu frá Harvard-háskóla og hefur starfað við American University frá árinu 1998. Hefur hann skrifað bækur um minnihlutahópa í bandarískum stjórnmálum en að auki hafa greinar eftir hann birst í mörgum virtum fræðiblöðum. Má þar nefna American Political Science Review, American Journal of Political Science, Journal of Politics og Stanford Law Review. Fyrirlesturinn fer fram á ensku, er öllum opinn og er aðgangur ókeypis.

# Þögn um samkynhneigð í íslensku námsefni

**Í tilefni af þrjátíu ára afmæli sínu efna Samtökin 78 til fyrirlestraraðar í Háskóla Íslands undir yfirskriftinni Með hinsegin augum. Sigrún Sveinbjörnsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri heldur sinn á morgun þar sem hún fjallar um gagnkynhneigðarrembu og gagnkynhneigðarviðmið í skólastarfi.**



**SIGRÚN SVEINBJÖRNSDÓTTIR** Komst að því þegar yngsta barn hennar kom út úr skápnum að lítið hafði verið fjallað um líf of líðan samkynhneigðra unglinga.

Fyrirlestur Sigrúnar nefnist „Veganesti í hinsegin vegferð – Uppeldi og menntun til þátttöku og ábyrgðar“ og fjallar um aðbúnað þeirra nemenda sem ekki eru gagnkynhneigðir. „Hinsegin nemendur leggja upp í hinsegin vegferð,“ segir Sigrún. „Samtökin 78 lögðu upp með þetta orð, hinsegin, í fyrirlestraröðinni og ég greip það á lofti.“

Sigrún segir að í skólum megi víða finna það sem kallað er gagnkynhneigðarviðmið og gagnkynhneigðarrembu og það hafi áhrif á þá nemendur sem ekki eru gagnkynhneigðir. „Oft er þetta ómeðvitað en þó ekki alltaf. Gagnkynhneigðarviðmið og -remba (e. heteronormativity, heterosexism) gengur út á það að önnur norm eru ekki einu sinni rædd heldur liggja í þagnargildi og niðrandi ummæli um hinsegin tilveru oftar en ekki hluti af veruleikanum. Þetta virðist ekki jafn gróft ofbeldi og hatursglæpir, sem oftast eru sýnilegir, en er eigi að síður ofbeldi sem ógnar heilsu barna og unglinga.

Sigrún segir að gagnkynhneigðarviðmið og -remba bitni harðast á börnum samkynhneigðra og á unglingum sem eru að átta sig á að þeir eru ekki gagnkynhneigðir. „Sjálfsmynd unglinganna er að þroskast og ef þeir hafa ekki sýnilegar fyrirmyndir, eins og aðrir unglingar, eða umhverfið er þeim ekki hliðhollt, getur þeirra vegferð orðið strembin, slíkt kann að kosta þau heilsu og í sumum tilvikum jafnvel lífið.“

Í fyrirlestrinum greinir Sigrún frá rannsóknum í nágrannalöndum og niðurstöðum þeirra. Slíkar rannsóknir ganga meðal annars út á að innihaldsgreina námsefni. Í þeim efnum hafi Svíar gengið lengst og staðfest að víða er pottur brotinn. „Hér á landi höfum við ekki greint námsefni kerfisbundið en fyrir tveimur árum unnu tveir nemendur mínir lokaverkefni þar sem skoðað var námsefni í samfélagsfræðum fyrir yngstu bekki grunnskóla. Niðurstaðan var sú að gagnkynhneigðarviðmiðin voru afgerandi,“ segir Sigrún, sem telur að Íslendingar ættu að fara að fordæmi Svía í þessum efnum.

Undanfarinn áratug hefur Sigrún stundað samanburðarrannsóknir á lífi og líðan unglinga. „Ég fór hins vegar að kynna mér hinsegin málefni þegar ég var að ljúka doktorsverkefni mínu um unglinga í byrjun árs 2001; ég átti mér raunar enga undankomuleið því einmitt þá kom yngsta barn mitt úr skápnum. Þá áttaði ég mig á því að gagnkynhneigðarviðmið gegnsýrði minn fræðaheim um bjargráð unglinga þótt ég væri heilt fræðasvið sem helgað var lífi hinsegin fólks. Þarna var greinilega hópur ungs fólks sem ég hafði ekki gaumgæft svo ég sneri mér að því að skoða mál þessa unga fólks meðfram öðru.“

Fyrirlestur Sigrúnar fer fram í Odda klukkan 12.15 á föstudag. Í kvöld klukkan 20 flytur hún hins vegar annan fyrirlestur í Þjóðarbókhlöðunni á vegum Félags aðstandenda samkynhneigðra. Yfirskrift hans er Rödd þagnarinnar. Fyrirlestrarnir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis.

bergsteinn@frettabladid.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTA-TÍMABIL



40% AFSLÁTTUR

TILBÚINN Í OFNINN

# FERSKUR KRYDDAÐUR BÓNUS KJÚKLINGUR

Bónus heill ferskur kryddaður kjúklingur í álbakka **40% afsláttur**
**aðeins 479 kr./kg.**
*MERKT VERÐ 799 KR./KG.*




1798

KF frosnar lambalærisneiðar
**1798 kr./kg.**
*AÐEINS MIÐLÆRISNEIÐAR.*




1598

KF frosnar lambakótilettur
*T-BONE* **1598 kr./kg.**



1498

KS ferskt lambaprime
**1498 kr./kg.**




30% AFSLÁTTUR

Ali hamborgarhryggur m/beini
**1252 kr./kg** *MERKT VERÐ 1789 KR/KG.*



499

KS ferskur lambabógur
**499 kr./kg.**



898

Bónus hamborgarhryggur m/beini **aðeins 898 kr/kg.**



298

Kristjáns rúllutertan 315g
**aðeins 298 kr.stk.**




OS smjör tilboð 500g
**Komið í Bónus.**




79

Fanta 2 ltr. **79 kr flaskan**



198

Polar brauðbollur 6 stk
**198 kr.**




598

ChicagoTown TakeWay pizzur
**aðeins 598 kr.stk.**




159

Polar kökur 6 stk **159 kr.**

ATH: BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR EÐA UPPSELDAR VÖRUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

NÝTT KORTA-TÍMABIL

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

## Útgjöldin

> Strætisvagnafargjald fullorðinna í Reykjavík, einn miði:




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS OG STRAETO.IS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR KYNNINGARFULLTRÚI

## *Nytsamar og ódýrar netbækur*



„Ég geri góð kaup í hverjum einasta mánuði þegar ég greiði lítinn fjögur hundruð kall fyrir að vera með aðgang að vefbókum Eddu,“ segir Kristrún Heiða Hauksdóttir, kynningarstjóri Þjóðleikhússins.

Kristrún kveðst alltaf hafa verið löt við að fletta upp í orðabókum en netorðabækurnar létti henni lífið. „ Þessi þjónusta er alveg met. Maður skráir sig einu sinni inn í kerfið og hefur síðan aðgang að fjölda orðabóka, skýringa og fleiri upplýsinga sem gagnast vel fólki sem er fast fyrir framan tölvu nær allan daginn þarf að senda frá sér skammlausan texta,“ segir Kristrún, sem er ekki frá því að henni hafi farið fram í Scrabble eftir að hún byrjaði að nýta sér þessa þjónustu.

Sín verstu kaup segir Kristrún vera línuskauta. „Vinur minn keypti þá fyrir mig dýrum dómi á meginlandi Evrópu, dröslaði þeim síðan með sér þvers og kruss um lestarkerfi álfunnar til að koma þeim til mín. Ég held að ég hafi farið svona þrisvar í þá og öllum þeim ferðum lauk á fremur niðurlægjandi hátt. Mig minnir að þeir séu enn uppi í skáp, mér til háðungar og stöðugrar áminningar um að halda mig á jörðinni.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ:

### DRASLIÐ FER EKKERT

■*Andrea Jónsdóttir útvarpskona hefur það á hreinu hvað virkar best.*



Andrea útvarpskona var ekki lengi að bregðast við þegar Fréttablaðið innti hana eftir góðu húsráði. „Mitt húsráð er einfaldlega svona „slappið þið bara af, draslið fer ekki neitt“. Ég held að það sé ekki betra húsráð frá mér að fá.“

Þetta var snögg afgreiðsla hjá Andreu en eflaust þykir sitt hverjum um þetta heilræði.

■ **Neytendasamtökin**

## Jóhannes Gunnarsson sjálfkjörinn



Framboðsfrestur vegna formannskjörs í Neytendasamtökunum rann út um síðustu mánaðamót, samkvæmt því sem fram kemur á vefsíðu Neytendasamtakanna. Eitt framboð barst og var það frá núverandi formanni samtakanna, Jóhannesi Gunnarssyni. Jóhannes er því sjálfkjörinn sem formaður Neytendasamtakanna fyrir næsta kjörtímabil 2008-2010 en kjörtímabilið hefst á næsta þingi Neytendasamtakanna upp úr miðjum september.

■ **Verð í auglýsingum**

## Ekki hægt að krefjast prentvilluverðs

Vöruverð á að vera rétt í auglýsingum og samræmi þarf að vera á milli myndar og verðs svo ekki sé brotið í bága við ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðins. Verð í auglýsingum og bæklingum er hins vegar ekki bindandi.

Sé vara auglýst á of lágu verði, til dæmis vegna prentvillu, á neytandi ekki rétt á að fá vöruna á því verði ef seljandi upplýsir um villuna áður en viðskiptin eiga sér stað. Það er því ekki hægt að krefjast þess að kaupa vöru eða þjónustu á verði sem fram kemur í auglýsingu. Að gefa upp rangt verð af ásetningi brýtur þó í bága við lög og getur neytandinn krafist bóta. Ekki er gerð krafa um að verð komi fram í auglýsingum. Sé verð gefið upp þarf auglýst verð að vera endanlegt verð til neytenda. Þetta þýðir að virðisaukaskattur á að vera innifalinn í auglýstu verði. Sé vara auglýst með afborgunarkjörum á bæði staðgreiðsluverð og heildarverð með vöxtum og kostnaði að koma fram.

Mikilvægt að neytendur séu vakandi yfir möguleikum örtæknimerkja:

# Fylgst með ferðum og innkaupum

„Þessi tækni fer vaxandi hér á landi þótt enn sem komið er sé hún ekki mikið notuð,“ segir Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, um örmerkjatæknina RFID sem sífellt er meira notuð um heiminn.

Tæknin, sem á ensku kallast Radio Frequence Indentification, byggist á litlum merkjum í eða utan á vörum eða kortum sem gerir fólki kleift að rekja hvert stykki sérstaklega. Þannig er auðvelt að ganga úr skugga um framleiðsludag, uppruna vöru eða hegðunarmynstur manneskja sem notar tæki sem innihalda þessi örmerki. Þuríður segir að vaxandi notkun þessara merkja kalli á ýmsar spurningar sem varði friðhelgi einkalífs. Nefnir hún sem dæmi að á Englandi sé þessi merki að finna í sumum lestarmiðum og því hægt að rekja ferðir fólks. Þá hafi merkjunum einnig verið komið fyrir í sumum greiðslukortum á Spáni og þá er hægt að fylgjast með neysluvenjum eigenda kortanna.

„Þessi tækni getur verið mjög hentug en fólk verður að vera upplýst um að slík merki séu í tækjum eða vörum sem það notar og vita hvað er hægt með henni,“ segir Þuríður og bendir á að sé slík flaga í greiðslukortum þurfi þjófar ekki annað en að ganga með RFID-lesara til að komast að fullu nafni eigenda kortanna og kortanúmeri. Hún segir að það sé þó bót í máli að nú vinni Evrópusambandið að reglugerð um tæknina sem eigi meðal annars að stuðla að friðhelgi einkalífs fólks og sjá til þess að neytendur séu upplýstir um hvaða möguleikum þau búa yfir. - kdk



**NEYTENDUR VERÐA AÐ VITA HVAÐ BÝR Í TÆKNINNI** Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir örtæknimerkin RFID lítið notuð hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




ENNEMM / SÍA / NM32571

# Páskaeggin lækka víða í verði

**Nú styttist óðum í páska og páskaeggin fyrir nokkru farin að setja svip sinn á matvöruverslanir. Fréttablaðið lét sér ekki nægja að kíkja á góssið heldur kannaði verð á helstu tegundum í nokkrum verslunum. Svo var komið að því að opna þau, spá í innihaldið sem var vegið og að endingu vel þegið.**

Líkt og um síðustu páska eru umsvifamestu innlendu framleiðendurnir Nói-Síríus, Freyja og Góa. Fréttablaðið kannaði verð á einni stærð frá þessum framleiðendum í Bónus-verslunum, Fjarðarkaupum, Hagkaupum, Krónunni, Nettó, Nóatúni og Samkaupum. Tegundirnar eru Góupáskaegg númer 6, Freyju rísegg númer 9 og páskaegg Nóa-Síríus númer 6.

**Verð**

Góueggið sem keypt er í Fjarðarkaupum er eina eggið, af þeim sem könnuð voru, sem selt er undir þúsund krónum. Er það jafnvel lægra verð en ódýrasta eggið í könnun Fréttablaðsins í fyrra sem gerð var á sömu tegundum. Séu þær tölur bornar saman má sjá að verðið á páskaeggjunum hefur lækkað í mörgum tilfellum. Til dæmis hafa allar þessar tegundir lækkað í Fjarðarkaupum og þær tvær tegundir sem fást í Bónus hafa einnig lækkað í verði. Í Krónunni hafa ríseggið og eggið frá Nóa-Síríus lækkað og í Nóatúni hafa Góueggið og egg Nóa-Síríus einnig lækkað.



„Það er bara samkeppnin við lágvöruverðsverslanirnar sem fær okkur til að lækka verðið,“ segir Gísli Sigurbergsson, verðlagsstjóri Fjarðarkaupa. Kristján Geir Gunnarsson, markaðsstjóri Nóa-Síríus, segir að hrávöruverð hafi hækkað og því hafi framleiðendur hækkað sitt verð um 5 til 7 prósent frá í fyrra. Hann fagnar því að sú hækkun hafi ekki bitnað á neytendum.

Í ár fer hins vegar ein af þessum tegundum yfir tvö þúsund krónur en það kom ekki fyrir í fyrra. Það er egg Nóa-Síríus í Hagkaupum.

**Hvar er dýrast og ódýrast?**

Í öllum verslunum var eggið frá Nóa-Síríus dýrast nema í Nóatúni og svo Nettó þar sem það var á sama verði og Freyju ríseggið. En páskaeggið frá Nóa-Síríus er einnig þyngst, eða 600 grömm. Páskaeggið frá Góu var alls staðar ódýrast. Munurinn á ódýrasta egginu, sem er Góueggið keypt í Fjarðarkaupum, og dýrasta egginu, sem er egg Nóa-Síríus keypt í Hagkaupum, er 1.061 króna.

Góueggið fæst ekki í Bónus en hinar tegundirnar tvær voru ódýrastar þar. Freyju ríseggið var dýrast í Nóatúni en þó var sáralítill munur á verðinu þar og í Samkaupum og Hagkaupum. Góueggið var dýrast í Samkaupum þar sem það var einni krónu dýrara en í Hagkaupum og Nóatúni.

**Páskaegg númer 6 frá Góu**

„Fátt fer svo vel, að eigi megi betur fara“, segir málshátturinn í páskaeggi númer 6 frá Góu. Inni í því má finna karamellur, konfektmola, lakkrís, hlaup, sleikjó og súkkulaðihúðaðar rúsínur. Minnst af sælgæti fylgir því eggi, eða 238 grömm, sem er ögn minna en góssið sem er í rísegginu.

**Rísegg númer 9 frá Freyju**

„Sá vægir sem vitið hefur meira“, segir málshátturinn í rísegginu og kæmi sú speki sér eflaust vel víða þegar vel hefur verið neytt af sykri. Innihaldið er býsna litríkt enda er mikið um sælgætiskúlur, hlaup og möndlur í ýmsum litum. Þar að auki eru karamellur, hrískpoki, konfektmolar og svo rís-súkkulaði sem reyndar er utan við eggið. Í könnun Fréttablaðsins í fyrra reyndist sælgætið mest með þessu eggi en nú er það um 50 grömmum léttara en í Nóa-Síríus egginu.

**Páskaegg númer 6 frá Nóa-Síríus**

„Enginn er of gamall gott að læra“, segir málshátturinn í páskaeggi númer 6 frá Nóa-Síríus. Inni í því er að finna tvo Nóakropp-poka, konfektmola, súkkulaðihúðaðar rúsínur, lakkrísrúllu, tvo poka með hlaupi, krít í poka, litskrúðuga sælgætismola í poka og síðan töggur. Þar að auki eru kúlur sem sumar hverjar innihalda lakkrís. Í verslunarferðinni spurði Fréttablaðið nokkra viðskiptavini í matvöruverslunum hvaða páskaegg þeim þætti best og var Nóa-Síríus páskaeggið oftast nefnt í því sambandi. Þetta er þyngsta eggið og með mesta sælgætið. **jse@frettabladid.is**

**VERÐKÖNNUN Á PÁSKAEGGJUM**

| | GÓA PÁSKAEGG NÚMER 6 | | FREYJA RÍSEGG NÚMER 9 | | NÓI-SIRÍUS EGG NÚMER 6 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Heildarþyngd 550 g | | Heildarþyngd 540 g | | Heildarþyngd 600 g | |
| | Þyngd innihalds 238 g | | Þyngd innihalds 240 g | | Þyngd innihalds 293 g | |
| | 2008 | 2007 | 2008 | 2007 | 2008 | 2007 |
| Bónus | - | - | 1.389 | 1.398 | 1.589 | 1.598 |
| Fjarðarkaup | 998 | 1.189 | 1.398 | 1.462 | 1.689 | 1.727 |
| Hagkaup | 1.398 | 1.299 | 1.835 | 1.695 | 2.054 | 1.675 |
| Krónan | 1.229 | 1.199 | 1.390 | 1.399 | 1.590 | 1.599 |
| Nettó | 1.299 | 1.202 | 1.799 | - | 1.799 | 1.632 |
| Nóatún | 1.398 | 1.399 | 1.839 | 1.698 | 1.798 | 1.985 |
| Samkaup | 1.399 | 1.099 | 1.835 | - | 1.999 | 1.795 |

## HVAÐA PÁSKAEGG ÞYKIR ÞÉR BEST?

**Jónas R. Jónsson**



„Ég hreinlega man það ekki hvaða páskaegg mér finnst best, það er svo langt síðan ég smakkaði þau. En ég gef nú barnabörnunum páskaegg og þau hafa eflaust mikla skoðun á þessu. Ég kaupi venjulega Nóa Síríus-páskaeggin, ætli það sé ekki vegna þess að sjálfur fékk ég Nóa-egg þegar ég borðaði þetta af kappi og svo er gott að kaupa þau því maður er viss um að þetta er íslensk framleiðsla.“

**Egill Kaktus Þorkelsson**



„Mér finnst reyndar páskaeggin sem amma býr til best en þegar ég kaupi páskaegg kaupi ég Nóa-Síríus. Ég fékk oft aðrar tegundir þegar ég var yngri en mér finnst þau ekki eins góð, ég veit ekki af hverju, kannski bara stemningin. Málshátturinn skiptir miklu máli, ég man meira að segja enn þann sem ég fékk í fyrra: Betra er að vera laukur í lítilli ætt en strákur í stórri.“

**Katrin Faulkes**



„Ég er svo sem enginn sérfræðingur í páskaeggjum. Við erum náttúrulega með páskaegg í Bretlandi þaðan sem ég kem, ég er þó ekki frá því að þau íslensku séu betri því innihaldið er meira spennandi hér, hin bresku eru nefnilega tóm. Til dæmis eru börnin afar spennt fyrir namminu og ég fyrir málsháttinum.“




## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
4.937 **+0,51%**

**Fjöldi viðskipta:** 465
**Velta:** 11.894 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATLANTIC PETROL. | 3,54% | ATORKA | 8,40% |
| LANDSBANKINN | 1,79% | 365 | 3,40% |
| STRAUMUR-BURÐA. | 1,16% | EIK BANKI | 1,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,42 -8,4% ... Bakkavör 40,55 -0,25% ... Eimskipafélagið 28,60 -0,52% ... Exista 12,14 +0,66 ... FL Group 9,00 +0,45% ... Glitnir 17,55 +1,115% ... Icelandair 24,95 -0,40% ... Kaupþing 735,00 +0,00% ... Landsbankinn 28,50 +1,79% ... Marel 88,90 +0,00% ... SPRON 5,06 -0,39% ... Straumur-Burðarás 11,30 +1,16% ... Teymi 4,99 -0,80% ... Össur 89,50 -0,56%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápur ...*

### Starfsfólk skikkað í frí

Breska fjármálaeftirlitið hefur beint þeim tilmælum til banka og fjármálafyrirtækja þar í landi að þeir sendi starfsfólk sitt í frí í tvær vikur samfleytt á hverju ári. Tilmælin eru á meðal nokkurra slíkra sem koma eiga í veg fyrir að starfsfólk fyrirtækjanna geti veðjað háum upphæðum á hlutabréfamörkuðum án heimildar. Auk annarra hugmynda sem fjármálaeftirlitið hefur viðrað er möguleiki á því að grannskoða viðskipti og fjármálagjörninga starfsfólks til að koma í veg fyrir misfærslur og meiri háttar og meðvituð brot. Eftirlitið hefur rætt við fimmtíu fyrirtæki í þessum geira í Bretlandi nú þegar og nokkur þeirra hafa tekið upp breytta starfshætti, að sögn breska dagblaðsins Daily Telegraph í gær.



### Undarleg vinnuharka

Blaðið bætir því við að franski verðbréfaskúrkurinn Jérôme Kerviel, sem sakaður er um að hafa veðjað sem nemur markaðsverðmæti vinnuveitanda síns, franska bankans Société Générale, á hlutabréfamarkaði hafi unnið í rúmt ár án þess að hafa tekið sér frí. Eins og fram hefur komið nýtti hann hluta tímans til að fela gjörningana um hver mánaðamót. Slíkt hefði alla jafna átt að vekja grunsemdir. Hvað sem segja má um vinnuhörku Kerviels þá tapaði hann jafnvirði 500 milljarða króna í nafni bankans. Kollegi hans, Íslandsvinurinn Nick Leeson, sem flaggar þeirri vafasömu nafnbót að vera þekktasti verðbréfaskúrkur heims, þótt hann hafi glutrað niður mun lægri upphæðum, vann sömuleiðis myrkranna á milli. Hver segir svo að sumir hafi ekki gott af fríi?

## MARKAÐSPUNKTAR

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, er tilnefndur til stjórnarsetu í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo Group. Aðalfundur félagsins fer fram 15. apríl næstkomandi. Exista á tæpan fimmtungshlut í fjármálafyrirtækinu finnska.

Velta í dagvöruverslun jókst um 19 prósent á milli ára á föstu verðlagi, samkvæmt upplýsingum Rannsóknarseturs verslunarinnar sem birt var í fyrradag.

Heildarlaunakostnaður hækkaði um 5,7 til 9,1 prósent á síðasta fjórðungi nýliðins árs frá sama tíma í hittiðfyrra, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Mest var hækkunin í verslun og viðgerðaþjónustu en minnst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

# Fundað um efnahagsmál

Fulltrúar stjórnvalda og íslensks viðskiptalífs funda í dag með fjármálasérfræðingum og fjölmiðlum í Bandaríkjunum til að kynna íslenskt efnahagslíf.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sækir árvissan fund Íslensk-ameríska verslunarráðsins (IACC) í New York í Bandaríkjunum í dag, en þar verður farið yfir efnahagsmál hér og svarað spurningum.

Á þriðjudag var sambærilegur blaðamannafundur haldinn í Kaupmannahöfn þar sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sat fyrir svörum.

Á ráðstefnu IACC verða auk forsætisráðherra Lárus Welding, forstjóri Glitnis, Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, og Gregory Miller, prófessor við Harvard Business School, en umræðum stjórnar Þórður Friðjónsson, forstjóri OMX Kauphallar Íslands. Ólafur Jóhann Ólafsson, formaður IACC, framkvæmdastjóri Time Warner, rithöfundur og athafnamaður, opnar ráðstefnuna. **- óká**



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra fundar með amerískum fjölmiðlum í dag í tengslum við árvissa ráðstefnu Íslensk-ameríska verslunarráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Baugur í hópi smásölurisa

Baugur er 47. umsvifamesti smásali í heimi, að því er fram kemur í nýrri könnun markaðsrannsóknarfyrirtækisins Deloitte Touche Tohmatsu. Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að tekjur 250 umsvifamestu smásala í heimi hafi vaxið um átta prósent á milli ára og numið 3.250 milljörðum punda í hittiðfyrra.

Stærsti smásalinn er sem fyrr bandaríski risinn Wal-Mart en franska verslanakeðjan Carrefour er í öðru sæti. Sérstaklega er tekið fram að af 188 smásölufyrirtækjum í könnuninni hafi einungis sjö skilað tapi. **- jab**



**Í VERSLUN WAL MART** Ameríska verslunarkeðjan Wal Mart er stærsti smásali í heimi. Baugur er í 47. sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP






# Halda öllum leiðum opnum í fjármögnun

**Glitnir ætlar að gefa út breytileg skuldabréf upp á allt að 15 milljarða króna sem síðar verður breytt í hlutabréf í bankanum. Aðalfundur Kaupþings samþykkti fyrir helgi heimild til svipaðrar útgáfu, en tífalt stærri og í erlendri mynt. Erlendir bankar, sér í lagi bandarískir, hafa farið þessa leið í fjármögnun.**



**PENINGAR** Margvíslegar leiðir eru færar í fjármögnun banka, en í lausafjárþurrðinni hefur markaður með breytileg skuldabréf verið einna líflegastur erlendis. Þar mun óplægður akur fyrir íslenska banka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breytileg skuldabréf þykja aðlaðandi fjárfestingarkostur á bankamarkaði. Arðgreiðslur eru tryggar, auk mögulegs gengishagnaðar kjósi fjárfestarnir að breyta þeim síðar í hlutabréf í félaginu sem gaf þau út. Íslenskir bankar hafa ekki áður farið þessa leið í fjármögnun, þótt fyrirtæki hafi gefið út slík skuldabréf.

Stjórn Glitnis hefur ákveðið að gefa út slík skuldabréf upp á allt að 15 milljarða króna og stendur útboð, sem hófst í gær, til fagfjárfesta vegna útgáfunnar allt fram á næsta mánudag. Útgáfan er hins vegar háð samþykki hluthafafundar í bankanum, en boðað hefur verið til sérstaks fundar miðvikudaginn 19. mars.

Hluthafar Kaupþings samþykktu á aðalfundi bankans fyrir helgi heimild til stjórnar til svipaðrar útgáfu. Heimildin er þó meira en tíu sinnum hærri en nemur útgáfu Glitnis nú og hljóðar upp á 1,5 milljarða evra, eða tæpa 160 milljarða króna, miðað við gengi gærdagsins. Þá er einnig sá munur á útgáfunum að samkvæmt heimild Kaupþings ráða fjárfestarnir því sjálfir hvort bréfunum verður breytt í hlutafé í bankanum, hvort heldur sem er að hluta eða heild.



**ALEXANDER K. GUÐMUNDSSON**

Í tilkynningu stjórnar Glitnis til Kauphallar Íslands kemur fram að eftir fimm ár frá útgáfu skuli skuldabréfunum breytt í hlutafé. Bankinn fundar nú með fagfjárfestum hér innanlands til að kynna kjörin í útgáfunni. Skiptiverð yfir í hlutafé eftir fimm ár er fundið út með því að bæta fjármögnunarkostnaði við núverandi gengi bréfanna. Ættu því fjárfestar að geta hagnast verði hækkun á gengi bréfa bankans umfram fjármögnunarkostnað. Framreiknað gengi liggur samkvæmt heimildum blaðsins í rúmum 27 krónum á hlut. Fari hins vegar svo að gengi bréfa bankans verði lægra en nú fá fjárfestarnir hlutabréf til viðbótar sem nemur lækkuninni og eign þeirra í bankanum stækkar.

Alexander K. Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Glitnis, segir útgáfu breytanlegra skuldabréfa Glitnis góðan kost fyrir fjárfesta um þessar mundir. „Bréfin eru höfuðstólstryggð, gefa fasta verðtryggða vexti í fimm ár og breytast í hlutabréf að fimm árum liðnum. Fjárfestar njóta þar með góðs af jákvæðri verðþróun á tímabilinu. Útgáfan styrkir eiginfjárhlutfall Glitnis verulega og er ein fjölmargra fjármögnunarleiða bankans," segir hann.

Útgáfunni er fyrst og fremst beint til íslenskra fjárfesta nú, segir Alexander, enda í krónum. Hann segir þó ekki hægt að útiloka frekari útgáfu síðar og þá jafnvel til erlendra fjárfesta í erlendri mynt. „En núna er ekkert nýtt í spilunum með það. Heldur þykir okkur bara jákvætt að styrkja hlutföllin með þessum hætti og fá stuðning þeirra fjárfesta sem þekkja okkur best, en það eru íslenskir fagfjárfestar."

**olikr@frettabladid.is**

# Aukning næmi fimmtungi hlutafjár

Með heimild til að gefa út breytileg skuldabréf upp að 1,5 milljörðum evra vill Kaupþing fjölga leiðum í fjármögnun, en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um að ráðast í slíka útgáfu, eða á hvaða kjörum hún kynni að verða. Heimildin til útgáfunnar sem stjórn bankans fékk hjá hluthöfum á aðalfundi bankans síðasta föstudag gildir í fimm ár, til 1. mars árið 2013.

Taki Kaupþing þá ákvörðun að gefa út skuldabréfin og þeim verði öllum skipt yfir í hlutabréf þegar fram líða stundir næmi sú hlutafjáreign 19,1 prósenti af heildarhlutafé bankans.

Aðalfundur bankans samþykkti fyrir helgi heimild til útgáfunnar og jukust verulega í kjölfarið vangaveltur um mögulega aðkomu fjársterkra fjárfesta úr arabalöndum að bankanum. Bankinn hvorki játar né neitar mögulegri aðkomu fjárfesta að bankanum og tjáir sig ekki um orðróm á markaði. Samkvæmt heimildum Markaðarins væri þó óvarlegt að draga slíkar ályktanir, jafnvel þótt bankar í Bandaríkjunum og víðar hafi í stórum stíl farið þá leið að sækja sér með þessum hætti fjármagn til arabalanda, Japans og víðar.

Samkvæmt heimildum blaðsins voru ákveðnar efasemdir í stjórn bankans um hvort vænlegt væri að fara þessa leið í fjármögnun bankans, enda á vissan hátt verið að færa ávinning af hækkandi hlutabréfaverði í hendur annarra. Þau sjónarmið urðu hins vegar ofan á að þarna gæti verið mikilsverður markaður að sækja í ef í harðbakka slægi í annarri fjármögnun bankans og lausafjárþurrð á fjármálamörkuðum drægist fram undir árslok. Kæmi til þess væri mikilvægt að hafa þegar heimild hluthafa til að fara þessa leið, fremur en að þurfa að kalla saman sérstakan hluthafafund vegna þessa. **- óká**



**Á AÐALFUNDI KAUPÞINGS** Hluthafar Kaupþings samþykktu fyrir helgi heimild til stjórnar til að gefa út víkjandi skuldabréf sem breyta má í nýtt hlutafé í bankanum. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður bankans, sést hér í pontu á fundinum og í baksýn glittir í Hreiðar Má Sigurðsson forstjóra. MARKAÐURINN/ANTON

# Tilfærsla á bréfum FL Group

BG Capital ehf., dótturfélag Baugs Group, færði í gær 5,6 prósenta hlut í félaginu til Landsbankans. Færslan er tilkomin vegna fjármögnunar með framvirka samninga BG Capital.

BG Capital er stærsti hluthafi FL Group með 25,29 prósenta hlut. Það fer eftir færsluna með öll réttindi yfir hlutnum sem færist til, að því er fram kemur í tilkynningu frá FL Group.

Færslan, sem var gerð fyrir upphaf viðskiptadagsins í Kauphöllinni í gærmorgun, var á genginu 9,5 á hlut og verðmætið rúmir 7,2 milljarðar króna. Tilfærslan var ekki verðmyndandi. **- jab**

# Sparisjóðasala í salt fram á næsta ár

Líkur eru á að hætt verði við sölu á Irish Nationwide Building Society, stærsta sparisjóði Írlands. Landsbankinn og Kaupþing hafa báðir verið orðaðir við kaup á bankanum.

Gangi þetta eftir hafa báðir bankarnir hætt við fyrirtækjakaup á árinu. Kaupþing hætti við kaup á hollenska bankanum NIBC í enda janúar auk þes sem Landsbankinn var langt kominn með kaup á hluta af fjármálafyrirtækinu Close Brothers þegar hætt var við söluna í sama mánuði. Söluferli hafði í báðum tilvikum staðið yfir frá síðasta hausti.

Hvorugur bankanna hefur viljað tjá sig um fyrirtækjakaupin á þeim forsendum að um orðróm hafi verið að ræða.

Málið verður tekið fyrir á aðalfundi sparisjóðsins í enda næsta mánaðar, að sögn vefútgáfu breska blaðsins Sunday Business Post. Þar kemur fram að stjórnendur sparisjóðsins og væntanlegir kaupendur hafi ekki náð saman um verð og því ákveðið að setja söluna í salt. Aðstæður á mörkuðum eiga stærstan þátt í þróun mála. Sé markaðsvirðið langt undir væntingum og vilji til að bíða hríðina á fjármálamörkuðum af sér fram á næsta ár, að sögn blaðsins.

Írski sparisjóðurinn var metinn á 1,5 milljarða evra, jafnvirði 160 milljarða króna, fyrir ári. Verðmætið hefur hins vegar fallið um helming síðan þá og nemur nú um 700 milljónum evra, samkvæmt heimildum Sunday Business News. **- jab**




**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Líkur eru á að hætt verði við sölu á stærsta sparisjóði Írlands vegna aðstæðna á mörkuðum. Landsbankinn og Kaupþing hafa verið orðaðir við kaupin.



**OLÍUVINNSLUSTÖÐ** Sérfræðingur í olíumálum segir litla eftirspurn eftir olíu hafa valdið óvæntri aukningu á birgðastöðu vestanhafs í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Olíuverð fór úr hæstu hæðum

Heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkaði í gær eftir að olíubirgðir jukust talsvert umfram væntingar á milli vikna í Bandaríkjunum í síðustu viku.

Olíuverðið fór í 109,83 dali á tunnu á fjármálamörkuðum í Bandaríkjunum fyrir birtingu bandaríska orkumálaráðuneytisins á birgðatölunum í gær. Slík verðlagning á svartagullinu hefur aldrei áður sést. Það lækkaði talsvert eftir birtingu upplýsinganna og fór lægst í 107,09 dali á tunnu í gær.

Bandaríska fréttastofan CNN hefur eftir Stephen Schork, ritstjóra tímarits um olíuiðnaðinn, að birgðaaukningin hafi komið sér á óvart enda dragist þær iðulega saman um þetta leyti árs. Lítil eftirspurn upp á síðkastið skýri breytinguna að einhverju leyti. **- jab**

# Afföll á ríkisskuldabréfum

Verðtryggð bandarísk ríkisskuldabréf til fimm ára hafa verið seld með 0,17 prósenta afföllum frá enda febrúar. Þróunin þykir vísbending um að fjárfestar vestanhafs sjái háa verðbólgu í spilunum, að mati Bloomberg-fréttaveitunnar.

Bankastjórn bandaríska seðlabankans vísaði iðulega til þess síðasta sumar að fremur ætti að halda verðbólgu niðri en að koma til móts við versnandi aðstæður á fjármálamörkuðum með lækkun stýrivaxta. Eftir því sem kreppti að breyttist stefnan í haust og hafa stýrivextir lækkað úr 5,25 prósentum í 3,0 prósent nú. Útlit er fyrir 50 punkta lækkun á ný í næstu viku. Á sama tíma er því spáð að verðbólga mælist 2,4 prósent á árinu. **- jab**

VG UM ALLA BORG!
www.vg.is

vinbud.is

VANTAR ÞIG ANDAGIFT?

VIÐ ERUM VÍNRÁÐGJAFAR VÍNBÚÐANNA

· við veitum faglega ráðgjöf við val á víni með mat
· við aðstoðum við að ákvarða magn fyrir veisluhöld
· við erum reglulega til aðstoðar í vínbúðinni þinni
· við skrifum fróðleik um vín á **vinbud.is**
· við höfum alþjóðlega gráðu frá vínskólanum WSET í London



ENNEMM / SÍA / NM30401

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stóru málin sem skildu flokkana að voru afgreidd á síðustu öld.

# Flokkar úr takt við tímann

JÓN KALDAL SKRIFAR

Stundum hefur verið haft á orði að íslenskt stjórnmálalíf hafi setið eftir þegar viðskiptalíf landsins tók undir sig stökk og innleiddi þau vinnubrögð og viðhorf sem tíðkast í hinum vestræna heimi.

Þetta sjónarmið hefur fengið byr undir báða vængi í umræðunni um evru og Evrópusambandið undanfarin misseri. Því hefur jafnvel verið haldið fram að það verði athafnalífið sem að lokum leiði landið í Evrópusambandið en ekki stjórnmálamennirnir, enda hafa þeir upp til hópa forðast það eins og heitan eldinn að taka Evrópuumræðuna föstum tökum.

Það er margt til í þessu. Og stjórnmálaflokkarnir eru líka að mjög mörgu öðru leyti úr takt við samtíma sinn.

Dvínandi kjörsókn er stundum höfð til vitnisburðar um að fólk hafi minni áhuga á pólitík nú en áður fyrr. Hér skal því haldið fram að þetta sé hreint ekki tilfellið, heldur þvert á móti að pólitískur áhugi sé mikill og almennur. Það sem hefur hins vegar breyst er að þessi áhugi er ekki flokkspólitískur.

*Þau pólitísku mál sem langmest hreyfa nú við fólki liggja þvert á flokkslínurnar.*

Vandamál stjórnmálaflokkanna eru að stóru málin sem skildu þá að voru flest afgreidd á tuttugustu öldinni og það síðasta leystist á þessari öld þegar herinn pakkaði saman. Almenn sátt ríkir um að frjáls markaður sé sá grunnur sem öll velmegandi samfélög heimsins byggi tilveru sína á og sama gildir um hvert skuli vera hlutverk hins opinbera í grunnatriðum. Hið opinbera á til dæmis að sjá öllum fyrir heilbrigðisþjónustu og veita jöfn tækifæri til menntunar. Nú er einna helst deilt um tæknilegar útfærslur, hvort eigi til dæmis að auka einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni og skólum landsins.

Almenn flokkshollusta við einn flokk til æviloka er örugglega á hröðu undanhaldi. Viðhorf landsmanna til borgarstjórnar Reykjavíkur er dæmi um þetta. Við síðustu meirihlutaskipti var hagsmunum borgarbúa ýtt til hliðar á kostnað gamaldags valdabrölts. Málum sem breið samstaða var um í borgarstjórn, uppbyggingu við Laugaveg og ákvörðun um framtíð Reykjavíkurflugvallar, var fórnað í skiptum fyrir vegtyllur í Ráðhúsinu. Áður fyrr hefðu fylgismenn flokkanna fagnað völdum allir saman með sínu liði. Nú var bróðurparti fólks svo stórlega misboðið að borgarstjórn galt sögulegt afhroð í könnun Capacent á trausti til stofnana samfélagsins.

Vandkvæðin sem stjórnmálaflokkarnir standa frammi fyrir eru að þau pólitísku mál sem langmest hreyfa nú við fólki liggja þvert á flokkslínurnar. Þetta eru umhverfismálin, jafnrétti kynjanna, skipulagsmál, málefni innflytjenda og auðvitað afstaðan til Evrópusambandsaðildar.

Allt eru þetta stórpólitísk málefni sem er þó snúið að takast á um í gamaldags skotgrafahernaði, á borð við þann sem stjórnmálaflokkarnir hafa svo lengi tamið sér.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Pólýfónfélagið Pólýfónkórinn

Afmælishátíð, 50 ár frá stofnun Pólýfónkórsins
Grand Hótel Sigtúni 38 - Gullteigur

Laugardaginn 29.mars 2008, klukkan 18:30

Mætum öll og minnumst gamalla, góðra daga með söng og skemmtiatriðum. Aðgöngumiðar kr. 6.500 seldir í Tólf tónum á Skólavörðustíg 15. Einnig hjá stjórn félagsins og skemmtinefnd.

Frekari upplýsingar hjá Ólöfu 5656799 - 8477594 og Guðmundi 5530305 - 8640306.

Stjórn og skemmtinefnd.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bindislausir lögmenn

Framkoma lögmanna í dómsal nefnist grein eftir Helga I. Jónsson dómstjóra í nýjasta tölublaði Lögmannablaðsins. Helgi telur að almennt hagi lögmenn sér vel í dómssal, samskipti þeirra og dómara séu almennt góð, en sumt megi þó betur fara. Að mati dómstjórans hefur það færst í vöxt að karlkyns lögmenn af yngri kynslóðinni mæti til aðalmeðferðar án hálstaus, sem sé ekki til eftirbreytni. Konur í lögmannastétt hafi aftur á móti snyrtilegan klæðnað í heiðri.



### Slökkva á símanum, takk

Helgi sér líka ástæðu til að brýna fyrir lögmönnum að slökkva á farsímum áður en þeir gangi inn í dómssal; komið hafi upp vandamál vegna símhringinga. Þá segir hann lögmenn og skjólstæðinga sína hafa verið fullduglega við að mæta í dómssal með eigin drykkjarföng. Nú hefur verið tekið fyrir það svo lögmenn og aðrir gestir verða að láta sér kranavatn dómssalanna að góðu lynda.



### Aðhald heimilanna

Neytendasamtökin réðust í verðkönnun á Mackintosh-konfekti, eins og lesa mátti í blöðum í gær. Niðurstöðurnar eru sláandi, mestur er verðmunurinn allt að tvö þúsund krónur fyrir tæplega þriggja kílóa dollu. En er það ekki í anda góðærisins að fólk þurfi að vita hvar nú sé best að kaupa nauðþurftir á borð við Mackintosh? Og miðað við efnahagsástandið er útlit fyrir að bráðum verðum við að fara að borða vondu molana líka. Annað væri bruðl.

bergsteinn@frettabladid.is

# Fresturinn er hálfnaður



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Úrskurður Mannréttindanefndar SÞ

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna felldi þann úrskurð og kunngerði um miðjan desember 2007, að kvótakerfið íslenzka brjóti í bága við Mannréttindasáttmála SÞ. Kvótakerfið brýtur nánar tiltekið gegn 26. grein alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem Ísland er aðili að og hefur skuldbundið sig til að virða. Nefnd 26. grein alþjóðasamningsins er samhljóða 65. grein stjórnarskrár okkar. Brot gegn annarri greininni þýðir brot gegn þeim báðum, enda komst Hæstiréttur að sömu niðurstöðu og Mannréttindanefndin í dómi sínum í máli Valdimars Jóhannessonar gegn ríkinu 1998. Mannréttindanefndin gaf Alþingi 180 daga frest til að breyta eða lofa að breyta fiskveiðistjórnarlögunum í hátt við úrskurðinn og jafnframt að greiða viðeigandi bætur sjómönnunum tveim, sem höfðuðu málið, þeim Erlingi Sveini Haraldssyni og Erni Snævari Sveinssyni. Úrskurður Mannréttindanefndarinnar er endanlegur í þeim skilningi, að honum verður ekki áfrýjað.

### Níutíu dagar til stefnu

Alþingi hefur ekki enn brugðizt við úrskurði Mannréttindanefndarinnar, þótt 180 daga fresturinn sé nú hálfnaður. Þingsályktunartillaga Jóns Magnússonar, Atla Gíslasonar og fjögurra annarra þingmanna um það, að Alþingi beri að hlíta úrskurðinum og breyta lögunum í samræmi við hann, hefur ekki enn fengizt rædd í þinginu, hvað þá afgreidd. Alþingi hefði helzt þurft að samþykkja ályktunina án tafar til að eyða öllum vafa innan lands og utan um afstöðu þingsins til mannréttinda og mannréttindabrota, en þingið virðist að svo stöddu ekki treysta sér til að lýsa því yfir, að það muni héðan í frá reyna að virða mannréttindi. Svo virðist sem meiri hluti Alþingis og ríkisstjórnin séu að leita leiða til að skjóta sér undan úrskurðinum og halda mannréttindabrotunum til streitu. Mun þingið kalla slíka niðurlægingu yfir Ísland? Reynslan sker úr því. Fresturinn rennur út um miðjan júní.

Úrskurður Mannréttindanefndarinnar veldur ýmsum vandkvæðum. Dómskerfið hefur reynzt svo hvikult í kvótamálinu, að Erlingur Sveinn Haraldsson og Örn Snævar Sveinsson hafa eins og allt er í pottinn búið ástæðu til að efast um hæfi dómsvaldsins til að ákveða þeim sanngjarnar bætur í samræmi við úrskurðinn. Hugsum okkur, að ákvörðun bótanna til þeirra komi að endingu til kasta Hæstaréttar. Þar sitja níu dómarar. Einn þeirra var ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu og er flæktur sem slíkur í kvótamálið. Geta sjómennirnir treyst honum til að gæta hlutleysis? Annar dómari var ríkislögmaður og þurfti sem slíkur að verja málstað ríkisins í kvótamálinu fyrir rétti. Tveir aðrir dómarar skrifuðu undir Vatneyrardóminn 2000 og sneru undir þrýstingi við fyrri dómi Hæstaréttar í Valdimarsmálinu 1998, og hafði annar þeirra þó kveðið upp Valdimarsdóminn, og hinn sakfelldi ásamt enn öðrum núverandi dómara Erling og Örn með einfaldri skírskotun til Vatneyrardómsins án frekari rökstuðnings. Einn dómarinn enn var formaður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál og felldi þar marga úrskurði til að hlífa stjórnvöldum við birtingu óþægilegra upplýsinga um ferðakostnað og fleira. Enn er ónefndur dómari, sem var ötull talsmaður Sjálfstæðisflokksins og kvótakerfisins, áður en hann tók sér sæti í Hæstarétti, auk frændans. Og þá er eftir aðeins einn dómari, sem sjómennirnir tveir geta treyst til að fjalla hlutlaust um mál þeirra. Greiðasta leiðin út úr vandanum er að kveðja til gerðardóm með útlendingum, svo sem lengi hefur tíðkazt við ráðningar í Háskóla Íslands til að stemma stigu fyrir hlutdrægni og klíkuskap, stundum en þó ekki alltaf með góðum árangri.

### Fjórþættur fjárskaði

Saga kvótakerfisins er öðrum þræði saga mikilla útláta af hálfu almennings. Fyrst var sameignin afhent fáeinum útvöldum án endurgjalds gegn eindregnum mótmælum þeirra, sem töldu ókeypis afhendingu hvorki hagkvæma né réttláta. Þá færðust brottkast og löndun fram hjá vigt í vöxt, ef marka má frásagnir margra sjómanna, enda hvetur kvótakerfið menn til að fylla kvótana sína með sem verðmætustum afla og fleygja verðminni fiski fyrir borð. Evrópsk stjórnvöld viðurkenna, að brottkast og löndun fram hjá vigt eigi snaran þátt í síminnkandi fiskgengd, en hér þræta stjórnvöld fyrir hvort tveggja gegn vitnisburðum sjónarvotta. Í þriðja lagi hlaut að því að koma, að draga þyrfti enn úr veiðum til að hlífa rýrnandi stofnum, og var skattgreiðendum þá gert að greiða fyrir mótvægisaðgerðir handa þeim byggðum, sem verst urðu úti. Og nú bíður skattgreiðenda reikningur vegna skaðabótanna, sem ríkið þarf að greiða fórnarlömbum fiskveiðistjórnarkerfisins eftir úrskurði Mannréttindanefndar SÞ.

# Um fréttaflutning af dómsmálum

UMRÆÐAN

Fjölmiðlar



SIGURÐUR LÍNDAL

Háværar umræður hafa undanfarið verið um störf dómstóla og þá sérstaklega að almenningur virðist bera takmarkað traust til þeirra, eða einungis 39% landsmanna samkvæmt síðustu skoðanakönnun Capacent.

Allnokkur ár eru síðan einstaka lögmenn tóku upp á því að hefja hvassa gagnrýni á dómstóla ef þeir voru ekki sáttir við niðurstöðu og urðu fréttatímar sjónvarps fyrirferðarmikill vettvangur slíkrar orðræðu. Þetta hefur síðan haldið áfram: Óánægðir aðilar og tapsárir lögmenn birtast með reglulegu millibili og viðhafa oftar en ekki miður falleg orð um dómana. Nú er gagnrýni á dómstóla í ræðu og riti er svo sem ekki ný af nálinni; hún hefur verið stunduð a.m.k. síðastliðin tæp 200 ár, en sjónvarpið hefur breytt brag þessarar umræðu.

Stutt er síðan erlend kona birtist tvö kvöld í röð og lét í ljós mikla vanþóknun á vægum dómi sem sambýlismaður hennar hafði hlotið fyrir ofbeldi gagnvart henni. Jafnframt hafa verið rifjaðar upp niðurstöður refsidóma fyrir ofbeldi gagnvart konum og þær bornar saman við dóma í öðrum málum, svo sem í meiðyrðamálum og jafnvel fíkniefnamálum. Sú ályktun hefur síðan fylgt, að gildismat dómara sé brenglað svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Athygli vekur hins vegar að í fréttum segir fátt af röksemdum dómara. Þetta birtist með sérstaklega skýrum hætti þegar áðurnefnd erlend kona birtist tvö kvöld í röð til að gagnrýna áðurnefndar dóm, en röksemdir dómarans fengu áheyrendur aldrei að heyra.

Í siðareglum Blaðamannafélags Íslands segir þetta í 3. gr.: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

Áður en dómarar fara að taka þátt í umræðu um dómsmál og taka að útskýra viðhorf sín til starfa sinna eins og nú er hvatt til, virðist varla ósanngjarnt að fréttamenn taki að virða eigin siðareglur þegar þeir fjalla um dómsmál, þannig að dómarar njóti sannmælis, í stað þess að láta reiða málsaðila og tapsára lögmenn stjórna umræðunni.

*Höfundur er lagaprófessor.*


160 GB UPPTÖKU DISKUR
42PT85
42” Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarps-móttakarar
100Hz
209.900
42LC51
42” LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
164.900
42PC51
42”Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001ms
100Hz
153.900
50PC51
50” Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími innan við 1ms
100Hz
263.900
Ljómandi góð sjónvörp
37LF75
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari
219.900
160 GB UPPTÖKU DISKUR
37LT75
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
2 stafrænn móttakari
209.900
37LC55
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari
153.900
32LC56
32” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
109.900
26LC56
26” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms
Stafrænn móttakari
99.900
22LS4R
22” LCD sjónvarp
Upplausn 1680x1050
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms
76.900
19LS4R
19” LCD sjónvarp
Upplausn 1440x900
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms
59.900
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Lífið er gott

# Hvað kostar að meiða fólk?

UMRÆÐAN
Dómskerfið


ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ómar R. Valdimarsson hefur fengið staðfest fyrir dómi að staðhæfingar Gauks Úlfarssonar um að hann sé rasisti séu ósannar og beri því að líta á þær sem ærumeiðingar. Meira hékk á spýtunni því Gaukur mun hafa sagt að Ómar ynni fyrir alþjóðlegt glæpagengi. Þar er vísað til þess að Ómar hafi verið fréttafulltrúi fjölþjóðarisans Impregilo. Ómari þótti þessi áburður svo ærumeiðandi að hann lét ekki við það eitt sitja að krefjast þess að ummælin væru dæmd ómerk heldur vildi láta dæma sér tvær milljónir í skaðabætur. Í dómsniðurstöðu segir hins vegar að Impregilo sé ekki aðili að málaferlunum og því ekki ástæða til að fella dóm um þau ummæli.

Ég skal játa að mér hefði þótt fróðlegt að fylgjast með Impregilo hvítþvo sig af áburði um glæpsamlegt athæfi í Suður-Ameríku, Afríku og víðar. Í málaferlum um ærumeiðingar gagnvart Impregilo væri Gaukur ekki einn á báti. Þar væri undirritaður líka, höfundar rannsóknarskýrslu breska þingsins, fréttamenn, þingmenn í Brasilíu og Paragvæ að ógleymdum Carlos Menem, fyrrverandi forseta Argentínu, sem sagði að Impregilo hefði reist minnisvarða um spillingu með sviksemi og prettum við framkvæmdir í Suður-Ameríku.

Ekki ætla ég að fara í saumana á hvað bjó að baki ásökunum Gauks Úlfarssonar varðandi meinta fordóma Ómars R. Valdimarssonar. Þar komst dómur að niðurstöðu sem ég ætla ekki að vefengja þótt ýmsar yfirlýsingar Ómars, þar sem erlendir menn koma við sögu, þyki mér umdeilanlegar jafnvel þótt ekki sé um kynþáttafordóma að ræða.

Það er hins vegar sitthvað annað sem orkar tvímælis í þessu máli. Í niðurstöðu dómara segir m. a.: „þótt stefndi hafi tekið þátt í stjórnmálaumræðu á vefsíðu sinni … verður ekki fallist á að stefnandi sé opinber persóna í þeim skilningi að hann verði að þola meiri og sterkari gagnrýni en gengur og gerist.“ En ber prívatpersónan Ómar ekki einhverja ábyrgð gagnvart þeim sem hann fjallar um? Af málskjölum að dæma virðist vefsíða Ómars hafa verið nokkuð glæfraleg á köflum, óspart dylgjað um pólitíska andstæðinga og stundum gróflega snúið út úr orðum þeirra. Því fer fjarri að Ó.R.V. sé saklaus af pólitískum leðjuslag. Þrátt fyrir þetta samhengi hlutanna lætur dómarinn sér ekki nægja að dæma áburðinn um rasisma ómerkan heldur á Gaukur Úlfarsson að punga út með 300 þúsund krónur í miskabætur og 500 þúsund krónur fyrir málskostnaði Ómars. Með dráttarvöxtum kemur kostnaðurinn til með að teygja sig í átt að milljóninni.

En lítum nú á annað mál. Maður er dæmdur fyrir að hafa barið konu til óbóta með „ítrekuðum hnefahöggum í höfuð og andlit og þá sparkað í líkama hennar, með þeim afleiðingum að hún hlaut opið sár og mar á augnlok og augnsvæði hægra megin, marga yfirborðsáverka á höfði, mar yfir hryggjartindi, mar á aftanverðum hægri upphandlegg, yfirborðsáverka á öxl og mar á vinstra læri.“ Og hver skyldi niðurstaða dómara hafa verið í þessu máli? Í dómsorði segir: „Ákærði …sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum. Ákærði greiði … 90.000 krónur í málsvarnarlaun, þar með talinn virðisaukaskattur.“

Hvað er íslenska dómskerfið að segja? Ef einstaklingur er borinn röngum sökum opinberlega er ekki látið sitja við það eitt að dæma viðkomandi ummæli ómerk heldur er beitt þungum viðurlögum. Ef einstaklingur hins vegar misþyrmir annarri manneskju þannig að hún stórskaddast eru engar miskabætur dæmdar.

Þetta þýðir að menn skuli gæta orða sinna á hinum pólitíska vígvelli, annars skuli þeir hafa verra af. Ef þú hins vegar ert kona og þér er misþyrmt þannig að þú bíður verulegan skaða er til einskis að leita til dómstóla um miskabætur. Í hugum kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi er reyndar svo komið að dómstólaleiðin er slík þrautaganga að aðeins lítill hluti þeirra kærir ofbeldið. 15% kvenna sem sóttu Kvennaathvarfið árið 2007 kærðu ofbeldið. Af þeim konum sem sóttu Stígamót árið 2007 kærðu 13%. Það er hægt að meiða fólk með margvíslegum hætti. Það er hægt að meiða fólk með orðum. Það er líka hægt að meiða fólk með hnefanum. Íslenskir dómstólar hafa verið að prísleggja meiðslin.

En það er líka hægt að meiða fólk með dómum. Svo mikið er hægt að misbjóða fólki með ranglátum dómum að réttarvitundin og þar með sjálft réttarkerfið bíði skaða af.

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*


# RÁÐSTEFNA

## NEYÐAR- OG ÖRYGGISFJARSKIPTI

Ein samhæfingarstöð - samræmt fjarskiptakerfi

Verður haldin á Hótel Loftleiðum föstudaginn 14. mars kl. 9:00 – 16:00

**Dagskrá:**

| | | |
|---|---|---|
| 09:15 | Setning | Björn Bjarnason |
| 09:30 | Hvað eru neyðar- og öryggisfjarskipti | Magnús Hauksson |
| 09:45 | Staðan í dag: Land | Þröstur Brynjólfsson |
| 10:00 | Staðan í dag: Loft | Bergþór N. Bergþórsson |
| 10:15 | Staðan í dag: Sjór | Gylfi Geirsson |
| 10:30 | Kaffihlé | |
| 11:00 | Lögreglan | Hjálmar Björgvinsson |
| 11:15 | Björgunarsveitir | Daníel Gunnlaugsson |
| 11:30 | Smærri slökkvilið | Davíð Rúnar Gunnarsson |
| 11:45 | Almannavarnir | Rögnvaldur Ólafsson |
| 12:00 | Vegagerðin | Nicolai Jónasson |
| 12:15 | Matarhlé | Boðið upp á léttan hádegisverð |
| 13:15 | Sjúkraflutningar | Ármann Höskuldsson |
| 13:30 | Orkufyrirtækin | Guðlaugur Sigurgeirsson |
| 13:45 | Slökkviliðin | Kjartan Blöndahl |
| 14:00 | Vinnubúðir (workshops) | 4 hópar |
| 15:00 | Eiginleikar og uppbygging Tetrakerfisins | Þröstur Brynjólfsson |
| 15:30 | Pallborðsumræður. Lögregla, Landsbjörg, Sjúkra- og slökkviliðsmenn, Tetra. | |
| 16:00 | Ráðstefnu lýkur | |

Í lok ráðstefnu verður boðið upp á léttar veitingar.

Ráðstefnustjóri: Róbert Marshall



**Vinnubúðir (workshops)**
Fjarskiptastjórar - Fjölhópar
Eiginleikar kerfisins
Gáttir – Endurvarpar - DMO
Notendabúnaður

112 RARIK Tetra

Grafika 2008


# Betri búsetuskilyrði

UMRÆÐAN
Heimaþjónusta fyrir aldraða


JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Í starfsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2008 kemur fram pólitísk áhersla meirihluta borgarstjórnar á samþættingu, uppbyggingu og aukna þjónustu við aldraða og fatlaða í heimahúsum. Við leggjum ríka áherslu á þessa þætti í þriggja ára áætlun sem var til umræðu í borgarstjórn Reykjavíkur hinn 5. mars síðastliðinn. Meðal þess sem stendur til er að auka fjármagn til heimaþjónustu um 250 milljónir króna.

**Á réttri leið**

Af nýútkominni skýrslu OECD má glöggt ráða að hugmyndir okkar og ákvarðanir í málefnum eldri borgara eru réttar – við eigum að leggja enn frekari áherslu á að nóg sé til af sérhönnuðum íbúðum fyrir þennan hóp í tengslum við hjúkrunarheimili og þjónustu. Þetta er einmitt það sem við höfum verið að gera og við hyggjumst halda áfram á sömu braut. Hafið er mikið átak í húsnæðismálum aldraðra og við höfum þegar sett í gang uppbyggingu á tveimur nýjum félags- og þjónustumiðstöðvum við Sléttuveg og Spöng auk yfir 200 þjónustuíbúða í tengslum við þær. Nú þegar höfum við skrifað undir viljayfirlýsingu um að veita Samtökum aldraðra lóð við Sléttuveg og verður gengið frá úthlutun á henni innan tíðar. Í farvatninu er einnig úthlutun lóða til Félags eldri borgara bæði við Gerðuberg og í Suður-Mjódd. Beðið er samþykkis nýs deiliskipulags til þess að hægt verði að úthluta þeim lóðum. Auk þessa er verið að skoða hvar SA geti fengið aðra lóð til uppbyggingar fleiri íbúða og er t.d. horft til miðsvæðis Úlfarsárdalsins í því samhengi.

**Meira en steinsteypa**

Við höfum ekki einungis gert átak í búsetuuppbyggingu því við höfum líka skoðað fleira sem hægt er að gera til að auðvelda einstaklingum að búa heima.

- Við fórum af stað með tilraunaverkefni um öryggissíma til sex mánaða hjá hundrað einstaklingum. Sú tilraun hefur gengið vel og er nú verið að skoða með hvaða hætti við höldum áfram með þá þjónustu.
- Við erum í tilraunaverkefni við að aðstoða fimm einstaklinga sem eru á bið eftir þjónustuíbúð við að gera breytingar á íbúðum sínum svo þeir geti áfram búið heima.
- Við skrifuðum undir forvarnarsamning við Forvarnarhús Sjóvár um fræðslu til aldraðra um hættur í heimahúsum. Auk þess mun Forvarnarhús Sjóvár taka út nýbyggðar íbúðir ætlaðar eldri borgurum.

*Með því að sameina þjónustuna teljum við að megi ná fram samfelldari, einfaldari og betri þjónustu við þjónustuþega.*

**Sameining þjónustunnar**

Sennilega er þó það mikilvægasta ótalið, en það eru viðræður okkar við heilbrigðisráðuneytið um að sameina heimahjúkrun og heimaþjónustu. Með því að sameina þjónustuna teljum við að megi ná fram samfelldari, einfaldari og betri þjónustu við þjónustuþega.

Það komst loks skriður á það mál síðastliðið sumar með nýjum vindum í heilbrigðisráðuneytinu, en því er ekki að leyna að okkur hafði ekki tekist að fá fund með fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Nú er umhverfið annað og mikill vilji af hálfu ríkis og borgar til þess að við látum sameiningu heimahjúkrunar og heimaþjónustu verða að veruleika. Velferðarsvið og heilbrigðisráðuneytið funda nú vikulega um það hvernig best sé að sameina þessa þjónustu og ráðinn hefur verið verkefnastjóri í fullt starf til Velferðarsviðs til þess að vinna að sameiningunni. Auk þess vinnur verkefnastjóri á vegum heilbrigðisráðuneytisins að þessum málum.

Það er að mörgu að hyggja og mikilvægt að vel takist til. Ég bind miklar vonir við að okkur takist að sameina þessa þjónustuþætti í borginni öllum þjónustuþegum til heilla og aukinna lífsgæða. Þetta er afar mikilvægt skref sem við þurfum að stíga sem allra fyrst.

*Höfundur er borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs.*

# Ruslpóstur Íslandspósts

UMRÆÐAN
Ruslpóstur


FRIÐRIK HARALDSSON

Síðasta misserið fór að bera á verulegri aukningu ruslpósts með venjulegum pósti frá Íslandspósti. Við höfðum verið blessunarlega laus við þennan ófögnuð um langa hríð og bréfberarnir virðast hafa kunnað að lesa áberandi skilti við bréfalúguna. Nú ber svo við, að þeir virðast vera orðnir ólæsir og láta afþökkun ruslpósts sem vind um eyru þjóta.

Hinn 31. janúar 2008 var mér nóg boðið eftir ítrekuð mótmæli við þjónustufulltrúa Íslandspósts hf. eða Póstsins hf. Þjónustufulltrúi sagði undirrituðum að fyrirtækið hefði hætt allri kurteisi við móttakendur pósts og gæti ekki hugsað sér annað en að ausa sem mestu rusli yfir okkur. Hann tilkynnti jafnframt, að sér væri óheimilt að segja mér, hver bæri ábyrgð á nýjum vinnureglum fyrirtækisins og hún mætti ekki gefa mér samband við neina ráðamenn þess til að mótmæla þessari ósvífni.

Ég sendi Póst og fjarskiptastofnun fyrirspurn um ástandið. Mig vantar upplýsingar um rétt minn til að losna við þetta rusl og hvaða meðulum stofnunin geti beitt til að gæta réttar míns. Mig langar líka til að vita, hver viðbrögð og afleiðingar kynnu að verða, ef ég ákvæði einhliða að loka bréfalúgunni hjá mér og gera Íslandspóst ábyrgan fyrir afleiðingunum. Íslandspóstur lýsti yfir stríði, sem mig langar ekki til að taka þátt í.

Þjónustufulltrúinn svaraði síðari spurningunni þannig, að pósturinn yrði geymdur í dreifingarstöð svæðisins í tvær vikur og síðan endursendur. Hún sagði einnig, að henni væri óheimilt að segja mér hver og hvar dreifingarmiðstöðin væri, þótt ég byðist til að sækja póstinn minn sjálfur.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki svarað opinberlega enn þá þótt næstum mánuður sé liðinn síðan fyrsti tölvupóstur var sendur stofnuninni. Er virkilega löglegt að bjóða almenningi svona þverstæðubull? Íslandspóstur ætti að skammast sín.

*Höfundur er leiðsögumaður.*

# Velkomin í Holtagarða og Kauptún

MAX RAFTÆKI



Raðgr. Verð á mánuði í 36 mán.

**6.106 kr.**

Stgr.verð 159.978

32 tommur

## 32" LCD og 600w DivX heimabíópakki

**Philips 32PFL5322**
32" LCD Pixel Plus HD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 4.000:1 • Progressive Scan • HD Ready • Active Control og Contrast Plus • 2 x 20w Nicam stereó með Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

**Philips HTS3357**
Heimabíókerfi með fjölkerfa DivX DVD spilara • 600w (4x75w og 2x150w RMS) Digital magnari • Video Upsacaling í 720p/1080i • 2 framhát. á gólf, miðja, 2 bakh. og bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með 40 stöðvaminnum • USB og Line-In að framan • SCART (með RGB) og HDMI tengi • Digital Coaxal tengi • Fjarstýring

18 DVD myndir fylgja frítt með* þessum pakka



*Gildir fyrir þriggja mynda DVD pakkningar!

**5.989 kr.**

Magnaðasta vekjaraklukka allra tíma



- Vekjara klukkan fyrir þá sem eiga erfitt með að vakna!
- Þessi klukka gerir það erfitt að „kúra" að eilífu
- Eftir eitt „snooze" þá stingur hún af með látum

Raðgr. Verð á mánuði í 24 mán.

**1.778 kr.**

Stgr.verð 29.989

JBL iPod hátalarar



**JBL RadialBlk**
Hátalar með innbyggðum magnara • Fyrir iPod, MP3, CD spilara ofl. • 4 Odyssey hátalarar - 1 Neodynium djúptóna • Snertitakkar til að hækka og lækka • Vagga fyrir iPod fylgir (iPod fylgir ekki) • 3.5mm heyrnartólstengi og fjarstýring

# Opið til kl. 22 í kvöld

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI



Philips HX1622
Tannbursti með hleðslu • Gum Protection System • Heldur góðum þrýstingi og verndar góminn • Double Cleaning Action - Aðal burstinn hreinsar tennurnar meðan Active Tip burstinn nær í erfiða staði • 16 tíma hleðsla gefur 25 mín. notkun • Hleðslustöð fylgir
3.989kr.
Barkalaus þurrkari
5 Lenor MÝKINGAREFNI FYLGJA FRÍTT
5 Ariel ÞVOTTAEFNI FYLGJA FRÍTT
1400 snúninga þvottavél
Dúndur PAKKA TILBOÐ
Raðgr. Verð á mánuði í 36 mán.
Whirlpool AWOD6720
1400 snúninga og 6kg þvottavél • Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir • 6th Sense - Skynjar óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma • Stafræn niðurtalning á þvottatíma • Íslenskt stjórnborð
Whirlpool AWZ7465
Tvíátta Barkalaus þurrkari • Tekur 6kg. • 2 hitastig • Kaldur blástur • Rakaskynjari með 6th Sense • Orkunýtni: C • Vatnstankur niðri • Hljóð: 69dB • Stærð í sm (bxhxd): 60x85x59,6
4.639kr.
Saman í pakka
Stgr.verð 119.978
Melissa 635085
1800w hárblásari • Ion tækni sem afrafmagnar hárið • 2 hraðastillingar og kaldur blástur • Sléttujárn með keramik húð • Hitastillir frá 80° til 230°C • Keramik krullujárn • 33mm breidd • Stiglaus hitastillir • Hárbursti fylgir
4.989kr.
Casio hljómborð
Casio CTK591
Hljómborð með 5 áttundum • Ásláttarnæmni • 61 nóta • 128 hljóð (MIDI samhæfð) • 110 ryþmar • 24 nótna pólífónía • 3ja þrepa kennslukerfi • Píano stilling • 100 innbyggð lög • Sing along möguleiki • Míkrafóntengi ofl.
Raðgr. Verð á mánuði í 10 mán.
2.474kr.
Stgr.verð 19.989
Smásjá
Sjónauki
Tasco 49TN
Stjörnusjónauki • Smásjá • Taska fylgir
3.989kr.
8 milljóna punkta
Olympus MJU830SV
Digital myndavél • 8 milljónir punkta • 5x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom • Linsa: 6.4 - 32mm (35mm samb.: 36 - 180mm) • 2,7" LCD skjár • Dual Image Stabilization hristivörn • Hreyfimyndataka með hljóði • USB • 47mb innb. minni ofl. • Tekur xD kort
Raðgr. Verð á mánuði í 24 mán.
2.032kr.
Stgr.verð 34.989
7.2 milljóna punkta
Casio EXZ77
Digital myndavél • 7.2 millj. punkta upplausn • EXILIM Engine 2.0 • BESTSHOT • Face Detection function • Anti-Shake DSP • 2.6" LCD skjá • 3x Optical og 4x Digital Zoom • 6.3 - 18.9mm linsu • You Tube Capture Mode • Hreyfimyndatöku • 11.4MB innra minni • Rauf fyrir SD kort • Rafhlaða dugar 190 skot.
Raðgr. Verð á mánuði í 10 mán.
2.474kr.
Stgr.verð 19.989
10.x milljóna punkta
Olympus E410DZKIT
Digital SLR myndavél • 10 milljónir punkta upplausn • Hægt að skipta um Digital linsu • Supersonic Wave Filter - eyðir út ryki milli linsu og body • Live View • Tvær linsur • 2,5" LCD skjár • Tímarofi • USB 2.0 • CompactFlash og xD kort ofl.
Stafræn SLR vél fyrir skiptilinsur
2 LINSUR FYLGJA!
1: 14 - 42mm og 2: 40 - 150mm
Raðgr. Verð á mánuði í 36 mán.
3.178kr.
Stgr.verð 79.989
MAX RAFTÆKI
Dæmið er einfalt: Hlutirnir eru ódýrari í Max – Úrvalið ótæmandi!
Tilboðin gilda til 19. 03. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.







allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSGAGNA LAGERSALA
allt að 70% afsláttur
ALLTAF BESTA VERÐIÐ
LEÐUR SÓFASETT
TAU SÓFASETT
LEÐUR HORNSÓFAR
TAU HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
TUNGUHORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUSTÓLAR
BORÐSTOFUHÚSGÖGN
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR JÁRN
RÚM 120-150-180X200
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jóhanna Vala er að fara að flytja til Flórída en kemur þó heim til að krýna arftaka sinn í vor og til að starfa sem flugfreyja hjá Icelandair í sumar.

# Jakkinn keyptur í Kína

***Fegurðardrottningin Jóhanna Vala Jónsdóttir fékk einstakan jakka að gjöf frá kærastanum.***

Jóhanna Vala Jónsdóttir, Ungfú Ísland 2007, fékk jakka sem hún heldur mikið upp á að gjöf frá kærasta sínum þegar hann kom að heimsækja hana í Miss World-keppnina í Kína á síðasta ári. Keppnin fór fram í nóvember og fengu hún og kærastinn einn dag til að versla.

„Við fundum jakkann í kínverskri hönnunarbúð og er bara til eitt svona eintak. Hann er hermannagrænn með stórum vösum og voðalega hlýr. Hann á reyndar örugglega að ná kínverskum konum niður að hnjám en á mér er hann aðeins styttri og með frekar stuttum ermum, útskýrir Jóhanna Vala. „En mér finnst það bara flott,“ bætir hún við.

Jóhanna Vala er með fjölbreyttan fatasmekk. „Ég er þó mikið fyrir svartar og dökkbláar gallabuxur, stígvél og flottar peysur. Ég er ekki mjög hrifin af retro-stíl og fell frekar fyrir klassískum fötum.“ Jóhanna Vala er líka gefin fyrir kjóla af ýmsu tagi. „Ég á frekar mikið af kjólum eftir keppnirnar og gat nýtt þá vel í Kína.“

Jóhanna Vala segist mjög róleg yfir titlinum og finnst lítið umstang hafa fylgt honum. Hún hefur dvalið hjá kærasta sínum í Dallas síðastliðna tvo mánuði en er nú að fara að flytja með honum til Flórída.

„Ég verð hér heima næstu tvær vikurnar en verð svo í Flórída þangað til ég kem heim að krýna arftaka minn í lok maí,“ segir Jóhanna Vala sem er þó ekki alveg búin að yfirgefa landið enda ætlar hún að búa hér í sumar og starfa sem flugfreyja hjá Icelandair.

*vera@frettabladid.is*

NeoStrata®
BÓLURNAR BURT!
Frísklegri og fallegri húð

NeoStrata húðvörur eru hágæðaframleiðsla. Þær eru þróaðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum. Húðvörurnar eru ekki prófaðar á dýrum, innihalda hvorki ilmefni né lit og eru ofnæmisprófaðar.




NeoStrata
icepharma Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is


**Hálsklútar** og slæður með stórum og litríkum munstrum koma manni í vorskapið. Tilvalið að binda um hárið í íslenska rokinu.

Fljótlegt - auðvelt - mjög áhrifaríkt!
TRIND
Alltaf no. 1

Útsölustaðir: Apótek - Snyrtivöruverslanir
trind.com - nákvæmar leiðbeiningar á íslensku!

Gæðastólar á góðu verði fyrir fagfólk!

22.300 kr
32.400 kr
23.000 kr
21.000 kr
25.500 kr
43.600 kr
S. Gunnbjörnsson ehf. Iðnbúð 8 S. 565 6317
ecopostural


Heimagallar
Kr. 4.500.-
www.vefta.is
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

Frábært úrval af hárskrauti og skarti fyrir fermingarnar

Twizzt skart og fylgihlutir
Firði Hafnarfirði og Glæsibæ

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mæðgurnar Hjördís Sif Bjarnadóttir klæðskeri og Ragnhildur Ólafsdóttir reka saman Basler/Parísartízkuna.

# Tískuverslun á traustum grunni

***Parísartízkan, ein elsta tískuverslun landsins, hefur fært sig um set af Laugaveginum í Skipholt 29b. Þar var hún opnuð á alþjóðlega kvennadaginn 8. mars.***

Það er bjart yfir Parísartízkunni í sínum nýju húsakynnum. Nú er þýska Basler-merkið þar allráðandi en Ragnhildur Ólafsdóttir, eigandi verslunarinnar, kveðst hafa boðið upp á það merki í fimmtán ár. „Þetta eru vönduð þýsk föt sem henta vel vaxtarlagi íslenska kvenfólksins,“ segir hún og sýnir líka ýmsa fylgihluti eins og veski, slæður og töskur.

Parísartízkan var stofnuð vorið 1963 og er því 45 ára í maí. Hún hóf starfsemi sína að Hafnarstræti 8 og var þar í tuttugu ár. Þá flutti hún á Laugaveg 71 og hafði þar aðsetur í 25 ár. Rúna Guðmundsdóttir stofnaði verslunina og Ragnhildur keypti hana að henni látinni fyrir nítján árum. „Verslunin fékk nafnið Parísartízkan af því að í þá daga komu helstu tískustraumarnir frá París,“ segir Ragnhildur. „En flest fötin voru þá saumuð á saumastofu Parísartízkunnar og enn í dag eru þau löguð og breytt á hvern og einn viðskiptavin.“

*gun@frettabladid.is*



Síða úr Vikunni frá árinu 1980. Sýningardömur eru Kristín Waage og Brynja Nordquist.


Útsaumaður silkijakki með tvöföldum kraga, fóðrað pils með nettum fellingum og útsaum og hvítur toppur við.


Mynstraður jakki úr bómull, viskós og polyemid, ásamt samlitum toppi. Flott með hvítu og svörtu.


Rúmgóð leðurtaska, flott bæði hvunndags og spari.


Gallapils með belti og rennilásum á vösum, fer vel með vönduðum bol úr viskos og polyamid og léttu vattvesti.


Sportleg í útivistina, gallabuxur og léttur vattjakki.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Kreppa í tísku

Tískuviku lauk á dögunum í París og eru menn almennt sammála um að hún hafi verið heldur tilþrifalítil þetta árið. Fáguð hönnun var þar þó á ferð og fallegar tískusýningar en þær eiga líklega ekki erindi í annála tískusögunnar. Hugsanlega má skýra þessa útkomu með erfiðu efnahagsástandi bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum og af þeirri ástæðu haldi tískuhönnuðir sig aðeins við jörðina og reyni að hanna seljanlegan fatnað. „Showroomin“ (þar sem innkaupastjórar fjöldamerkjabúðanna og stjórnendur tískuhúsanna sem hafa útibú um allan heim, sýna hvað á að bjóða á komandi árstíð) höfðu rólegt yfirbragð að þessu sinni hjá tískuhúsunum. Mikið var um að stefnumót yrðu ekki að veruleika og að boðaðir viðskiptavinir létu ekki sjá sig. Stóru verslunarhúsin í Bandaríkjunum eins og Saks, Barney´s eða Linman Marcus eiga í miklum erfiðleikum vegna minnkandi veltu og panta því minna en venjulega fyrir næsta vetur. Helst eru það Rússar, sum Asíulönd og stöku S-Ameríkuríki sem ekki virðast finna fyrir kreppunni. Flestir eru þó sammála um að 2008 verði erfitt ár í tískunni, spurning hvort eitthvað rætist úr á næsta ári.

Alexander McQueen er einn þeirra hönnuða sem færa sig nær hátískunni með alls kyns smáatriðum eins og útsaumi og blúndum eða blöndun á mismunandi efnum eins og silki og tjulli. Kjólarnir eru úr sléttflaueli, silki og ull. Tískuhús McQueen er í eigu PPR, annarrar stærstu lúxussamsteypunnar hér í landi, og á dögunum var tilkynnt að McQueen og Stella McCartney, (í eigu sömu samsteypu) hefðu í fyrsta skipti skilað hagnaði á árinu 2007.

Jean-Paul Gaultier er ofvirkur að vanda. Hann stóð fyrir tveimur sýningum á einni viku, hjá sínu eigin tískuhúsi og kvenlínu Hermès þar sem hann er listrænn stjórnandi. Með hátísku og herralínu Gaultier gerir það átta tískusýningar á ári. Auðvitað með fjölda aðstoðarmanna en það er þó meistarinn sem hefur síðasta orðið. Á eftir hafmeyjusýningunni í hátískunni varð það ein söngvamynda Catherine Deneuve, Peau d´âne eftir Jacques Demy, (Asnaskinn gæti verið þýðingin) sem var innblástur fyrir Gaultier, mynd sem naut vinsælda 1970, meðal annars á Íslandi. Gaultier leitar hugmynda í villtum skógi og veiðum og óhugnanlegum skógarverum eins og varúlfum. Fyrir vikið er mikið um loðfeldi, sebrahestamunstur og krókódílaskinn. Í kvöldklæðnaði er heldur siðaðri stíll á ferð, rauður kvöldkjóll undir kínverskum áhrifum eða hvít pils með perlum. Annars getur Gaultier verið ánægður því á dögunum tók Marion Cotillard við Cesarstyttunni á föstudegi og Óskarnum á sunnudegi fyrir hlutverk sitt sem Edith Piaf, í bæði skiptin klædd fatnaði eftir Gaultier. Á Óskarsverðlaununum var hún í hafmeyjukjól úr hátískunni.

*bergb75@free.fr*




## Sólarlaus sólbrúnka

NÚ GETA ÍSLENDINGAR LITIÐ HRAUSTLEGA ÚT MEÐ SÓLKYSST HÖRUND ALLAN ÁRSINS HRING.

Með Au Courant-brúnkufroðunni er einfalt að bera á sig brúnkukrem án þess að verða flekkóttur eða þurfa að bíða tímunum saman eftir lit. Froðan gefur fagurgullinn lit án tafar og án þess að votti fyrir gulum lit á húðinni. Au Courant-brúnkufroðan ilmar vel, er mjúk, rakagefandi og dreifir vel úr sér um leið og hún kallar fram hinn eftirsótta brúna húðlit. Í Au Courant-línunni fæst einnig brúnkukrem fyrir andlit og kornakrem fyrir líkama og andlit. Au Courant var kosin vara ársins í Bretlandi 2005.

*- þlg*


Vor- og sumarfatnaður

Þýsku gæðamerkin

Guðrún Tískuhús

Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



Vorvörurnar komnar

MARIA LOVISA

FATAHÖNNUÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B

SÍMI 562 6999

Skór frá GULL Í GRJÓTI
Skólavörðustíg 4





FERMINGAGJAFIR

Seðlaveski

ókeypis nafngylling fylgir

**Opnunartími:**
mánudag - föstudag 8:00 - 17:00
fimmtudag 8:00 - 19:00
laugardag 12:00 - 15:00

Atson

Atson • Brautarholti 4 • s. 561-0060 • www.atson.is









Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854






**Svefn** er eitt af því nauðsynlegasta fyrir okkur svo við höldum heilsu og sönsum. Best er að fara alltaf að sofa á sama tíma hvert kvöld.


RAFMAGNSHITARAR
VERÐ FRÁ 1.990
ís-húsið
S: 566 6000
netverslun ishusid.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Slendertone Total Body Massage
nudd sem virkar...
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
verð kr. 14.985
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
SLENDERTONE
Slökun - vellíðan - innri ró

ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótelum
Heilsusamlegir páskar á Fosshóteli Reykholti
TILBOÐ
Heilsupakki 20. - 22. mars kr. 23.500
Hatha jóga pakki 21. - 23. mars kr. 29.900 / 50.000 fyrir parið
Bókanir og upplýsingar í síma 435 1260

Maternity
Fyrir verðandi og nýbakaðar mæður.
• Neðanþvottaklútar fyrir þrútin og viðkvæm svæði
• Olíugel, eykur teygjanleika húðarinnar og er tilvalið til að nudda upp úr
• Næringarkrem sem eykur teygjanleika húðarinnar
• Fótakrem sem léttir á þrútnum fótum
Dr. Fischer
Fæst í apótekum um land allt

allt bílar
Alla laugardaga


# Aðeins ein máltíð í einu

***Joan M. Johnston er kanadískur læknir sem hefur sérhæft sig í meðferðarúrræðum við átröskun. Átröskun líkir hún við sjúkdóma á borð við áfengissýki. Líkt og með áfengissýkina má yfirbuga sjúkdóminn með aðferðum tólf spora kerfisins.***



Joan M. Johnston þekkir átröskun vel af eigin raun og hefur haldið fyrirlestra um sjúkdóminn víða um heim.

„Söngkonan Karen Carpenter lést af völdum átröskunar árið 1983. Það var ekki fyrr en þá að augu umheimsins opnuðust fyrir því að glíman við sjúkdóminn er dauðans alvara," segir Joan M. Johnston, sem hefur skrifað fræðigreinar og gefið út bækur um átröskun. Í bókinni Feast of famine lýsir hún því hvernig öðlast bata með hjálp tólf spora kerfisins, sem þekkist um allan heim sem leið við áfengissýki. Sem heilbrigðisráðgjafi og læknir stýrir hún í dag meðferðardagskrá fyrir átröskunarsjúklinga. Hún var hér á landi nýverið með erindi auk þess sem hún hélt námskeið fyrir þolendur átröskunar og aðstandendur þeirra.

Joan leggur áherslu á persónulega ábyrgð hvers og eins. Um leið og sjúklingurinn reynir að hætta að skilja sjúkdóminn getur hann fyrst farið að ná bata, bendir hún á. Hér kemur tólf spora kerfið að gagni samhliða þeim stuðningi sem almenn heilbrigðisþjónusta veitir. „Sá sem stríðir við átröskun verður að læra upp á nýtt að takast á við það að borða reglulega og hugsa um eina máltíð í einu. Fíkillinn hefur ekki stjórn á hegðun sinni því hann er valdalaus gagnvart fíkn sinni og þarf aðstoð. Um leið og hann áttar sig á þessu og tekst á við eigin veikleika getur hann fyrst öðlast bata."

Joan glímdi sjálf við átröskun um árabil og það var ekki fyrr en hún kynntist tólf spora kerfinu að hún öðlaðist nýja sýn á sjúkdóminn. „Þegar ég áttaði mig á því að átröskun væri vandamál í mínu lífi en ekki lausn gat ég fyrst tekist á við sjúkdóminn," segir hún. „Sá sem glímir við átröskun hefur enga stjórn á matarhegðun sinni og hugurinn er upptekinn af kaloríum í fæðunni. En á tímabili borðaði ég til dæmis alltaf sextán engiferkökur á dag af því ég hafði reiknað það út að það væri rétti kaloríuskammturinn fyrir mig. Mér fannst ég vera við stjórnvölinn þegar ég hafði yfirsýn yfir kaloríufjöldann og hafa vald yfir eigin líkama en fyrr eða síðar missir maður alla stjórn."

Joan segir lykilatriðið að fólk verði að vilja hjálpa sér sjálft til þess að eiga von um bata. „Sjúklingurinn verður að viðurkenna vanda sinn og leggja raunir sínar í hendurnar á öðrum. Með réttri leiðsögn og styrk frá öðrum getur sá sem glímir við átröskun náð að fóta sig á beinu brautinni. Enda þarf algjör hugarfarsbreyting að koma til ef sjúklingurinn ætlar sér að ná að yfirbuga fíkn sína. Sjúklingurinn þarf að fara í gegnum heljarátök við sjálfan sig ef hann ætlar virkilega að bera sigur úr býtum," segir Joan að lokum.

*- vg*


Eirberg
Björgum mannslífum!
PRIMEDIC hjartastuðtæki
• Ávallt tilbúið til notkunar
• Einfalt og öruggt
• Einn aðgerðarhnappur
• Lithium rafhlaða
• Íslenskt tal
PRIMEDIC
www.eirberg.is · 569 3100 · Stórhöfða 25

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?
Námskeið með Ebbu Guðnýju í hvernig útbúa á einfaldan og næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Hvaða fæðutegundum er gott að byrja og hvenær? Námskeiðið nýtist einnig vel þeim sem eru með eldri börn. Nýjar uppskriftir fylgja með og verða nokkrir réttir útbúnir á staðnum og allir fá að smakka.
Miðvikudaginn 2. apríl kl. 20-22 í Heilsuhúsinu Lágmúla
Þriðjudaginn 8. apríl kl. 20-22 í Heilsuhúsinu á Selfossi
Að auki verður bókin Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? seld með 20% afslætti á námskeiðinu. Námskeiðið kostar 3000 kr. Upplýsingar og skráning fer fram í síma 694 6386 og á netfanginu ebbagudny@mac.com
Ebba Guðný
náttúrulega heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla & Selfossi


## Vaxandi tölvu- og tæknifíkn

Æ FLEIRI VERÐA HÁÐIR FARSÍMUM SÍNUM OG LÓFATÖLVUM EN TÆKNIFÍKN GETUR ORÐIÐ SVO SVÆSIN AÐ FÓLK VAKNAR UM MIÐJAR NÆTUR TIL AÐ ATHUGA MEÐ NÝ SKEYTI.

Tölvu- og tæknifíkn er vaxandi vandamál um allan heim og getur truflað fólk í starfi þegar því finnst það þurfa að vera í látlausu sambandi við farsímaskeyti og tölvupóst á vinnutíma. Þetta segir Nada Kakabadse, prófessor við Northampton-háskóla, sem stýrir rannsókn á því hversu útbreidd fíknin er orðin.

Í nýlegu 360 manna úrtaki rannsóknar hennar kemur fram að þriðjungur er haldinn tækni- og tölvufíkn, en prófessor Kakabadse segir mannskepnuna geta orðið háða næstum hverju sem er.

„Mannfólkið gerir sér flest að vana og verður háð óvenjulegum hlutum. Tækni hefur orðið áhugaverðari síðastliðinn áratug með auðveldari netaðgengi og það yrðu margir undrandi ef þeir vissu hve margir sofa með lófatölvur sínar og farsíma við rúmgaflinn. Þeir verst höldnu vakna upp um miðjar nætur til að athuga með skilaboð; jafnvel þrisvar á nóttu."

Fíkn af þessu tagi getur einnig leitt til samskiptavanda þar sem tölvufíklar fjarlægjast æ meira fjölskyldu og vini. Félagslegar afleiðingar koma einnig fram í kvíða og ýmiss konar sjúkleika, en á fyrstu stigum tæknifíknar er fólk afkastamikið í vinnu við að svara og senda tölvupósta, þótt afleiðingar verði alvarlegri eftir því sem á líður.

*- þlg*



**Blaðagrind** til að halda utan um reikningana er nauðsynleg til að friður ríki yfir heimilishaldinu. Ekki láta gluggaumslögin dreifast um húsið.





Mademoiselle. Rósamunstraðir stólar eftir Philippe Starck úr plexigleri.

# Litríkt plast og plexigler ráðandi

***Kartell fylgist með tækniframförum og vinnur með hönnuðum í fremstu röð.***

Ítalska fyrirtækið Kartell var stofnað árið 1949 af efnaverkfræðingnum Giulio Castelli. Kartell framleiddi bílahluti til að byrja með en festi sig í sessi á sjöunda áratugnum með litríkum húsgögnum úr plasti. Enn í dag er plast og plexigler aðalatriði í framleiðslu fyrirtækisins á húsgögnum.

Fyrirtækið vinnur með fyrsta flokks hönnuðum og eru plexiglerstólar Philippe Starck eins og Louis Ghost og La Marie með frægustu húsgögnum fyrirtækisins. Stóll Starcks, Mademoiselle, sameinar framleiðslutækni og efni en stólfæturnir eru steyptir eftir nýjustu tækni úr gagnsæu plasti en setan er úr mjúkri plastefnablöndu sem gerir stólinn fallegan og þægilegan.

*- rat*

# Blóm og ævintýri

***Ævintýralega munstraðir stólar Tord Boontje fyrir Moroso.***

Hollenski hönnuðurinn Tord Boontje er þekktastur fyrir fínleg blóma- og náttúrumunstur sem hann útfærir á ýmsan hátt í húsgögnum, ljósakrónum og áklæðum. Þessi stóll, Dúkkustóllinn, er eins og íklæddur prinsessukjól og er úr línu húsgagna sem Boontje hannaði fyrir ítalska fyrirtækið Moroso en það leggur áherslu á samvinnu við frumlega hönnuði. Í línunni finnast ruggustólar, bekkir, borð og sessur og skapar Boontje ævintýraheim með munsturgerð en húsgögnin bera nöfn eins og Nornastóll og Fagri spegill.

*- rat*



Doll chair, eða Dúkkustóllinn, frá Moroso.






















**Stöðumælar** passa upp á að bílastæði losni reglulega og fleiri geti lagt leið sína um miðbæinn yfir daginn og fundið stæði. Skipuleggðu tíma þinn svo þú fáir ekki sekt.


Tilboð pallhús + tjald 47.500 kr verðlækkun





Nú fer að líða að sumri.

Avenger XTC + tjald kr 240.000

IMP 483 3227 www.imp.is


# Ódýr pallbíll

***Dacia er bílamerki sem er Íslendingum ekki kunnugt.***

Dacia er merki í eigu franska bílaframleiðandans Renault. Dacia framleiðir ódýra bíla sem njóta vinsælda í Austur-Evrópu og á Indlandi.

Fyrsti pallbíll fyrirtækisins var nýlega kynntur og ber hann nafnið Dacia Logan Pick-Up. Nýi bíllinn er ódýr en útsöluverð hans er aðeins um 400.000 þúsund krónur. Logan er framleiddur í Rúmeníu og fæst hann með dísel-eða bensínvélum sem þróaðar eru af Renault.

Logan verður ekki í boði á Íslandi enda skortir hann allan þann útbúnað sem Íslendingar eru vanir að hafa í þessari tegund bíla en þetta er gert til þess að halda kostnaði við framleiðslu í lágmarki. *- mmr*

Dacia Logan Pick-Up er framleiddur í Rúmeníu.





Toyota Rav4 Sport-bílum fylgja ýmsir aukahlutir þessa dagana.

# Alveg nýr heimur

***Toyota á Íslandi kynnir nýjan heim með Toyota RAV4.***

Þessa dagana fylgir veglegur aukahlutapakki öllum nýjum Toyota RAV4 SPORT jeppum.

Þessum aukahlutapakka fylgir heilsársdekk, dráttarbeisli, krómgrill, aurhlíf og skyggðar rúður. Um er að ræða afar veglegan pakka en hann er að verðmæti 235.000 krónur.

Nýjan RAV4 SPORT er hægt að fá með D-4D dísilvél og WT-I bensínvél en báðar vélarnar auka snerpu og afköst.

RAV4 SPORT jeppinn kostar frá 3.120.000 krónum.

*- mmr*


THULE® SWEDEN

SKÍÐABOGAR



Allar upplýsingar um THULE er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

Smurþjónusta

fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN

„Sá smurði gengur"

STÓRAHJALLA
S. 554 3430

allt matur

Alla föstudaga

TOYO TIRES ALVÖRU JEPPADEKK

ALL TERRAIN MUD TERRAIN TRANPATH HARÐSKELJADEKK



FRÁBÆR DEKK FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR...

www.toyo.is

561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is



FERMINGARTILBOÐ
sjá www.svefn.is

Svefn & heilsa

Dalsbraut 1
Akureyri - Sími 461 1150

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík - Sími: 581 2233


# fermingar

FIMMTUDAGUR 13. MARS 2008

Fermingargjafir
fyrir tæknifrík
BLS. 6






NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES




## Rétta sveiflan

Í Tösku- og hanskabúðinni má finna mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt. Þú getur litið við í verslun okkar eða einfaldlega farið á slóðina www.th.is þar sem hægt er á aðgengilegan og myndrænan hátt að skoða vörurnar og gera góð kaup.

Tösku og hanskabúðin



Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

**FERMINGARPENINGAR**



Ingólfur H. Ingólfsson, fjármálaráðgjafi hjá Spara.is, myndi leggja peninga sem hann fengi í fermingargjöf inn á bankareikning.

# Myndi spara í dag

„Ég man ekki eftir að hafa fengið peninga í fermingargjöf. Ég var skáti á þessum árum og man að ég óskaði mér að fá svefnpoka og annan útilegubúnað og líklega rættust þær óskir," segir Ingólfur H. Ingólfsson, fjármálaráðgjafi hjá Spara.is.

„En ef ég væri að fermast í dag og fengi peningagjafir myndi ég líklega setja peningana inn á bankareikning því ég þoli ekki að vera blankur og eiga ekki peninga þegar mig langar til að kaupa eitthvað.

Ég veit líka í dag að besta og einfaldasta leiðin til þess að eignast peninga og jafnvel að verða ríkur er með sparnaði. Ég get til dæmis tvöfaldað fermingarpeningana á fimm árum ef ég fæ fjórtán prósenta vexti. Og af því að ég veit meira um peninga í dag en ég vissi þegar ég fermdist myndi ég líklega taka þá ákvörðun að leggja alltaf tíu prósent af öllum peningum sem ég myndi fá í framtíðinni og leggja inn á bók. Því fyrr sem ég byrja á sparnaði, þeim mun ríkari get ég orðið.

Ef ég spara til dæmis 5.000 krónur á mánuði og fæ tíu prósenta vexti sem reiknast mánaðarlega, þá á ég 400.000 krónur eftir fimm ár og eina milljón eftir tíu ár.

Til þess að sýna ykkur hvað sparnaður getur verið geggjaður ætla ég að leggja fyrir ykkur eina þraut. Hvað hef ég sparað mikið ef ég legg fyrir eina krónu á mánuði í 65 ár með tuttugu prósenta vöxtum sem reiknast mánaðarlega? Svar A) 2.456.321 krónu; Svar B) 47.381.286 krónur; Svar C) 763.920.769 krónur. Ef þið viljið vita rétt svar, legg ég til að þið byrjið strax að spara. Til hamingju með daginn!" *- vaj*

# Of ungur til að játa trú

**Finnbogi Jónsson valdi borgaralega fermingarathöfn í stað þess að fermast í kirkju og er hæstánægður með fermingarfræðsluna sem hann hefur fengið hjá Siðmennt, félagi húmanista á Íslandi, en það hefur annast slíkar athafnir frá árinu 1989. Þar segist hann meðal annars hafa lært heimspeki og gagnrýna hugsun, sem hafi kennt honum að munurinn á réttu og röngu sé ekki alltaf ljós.**



Fermingardrengurinn Finnbogi nýtir góða veðrið og snjóinn í Böggvistaðafjalli til að æfa nýjar kúnstir á snjóbretti. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Ég trúi ekki nógu mikið á Guð til að skuldbinda mig honum," segir Finnbogi Jónsson, sem hefur valið að fermast borgaralega þrátt fyrir að allir skólafélagarnir velji trúarlega athöfn.

Finnbogi er fæddur árið 1994 og verður því fjórtán ára í ár. Hann ákvað að fermast núna eins og allir skólafélagarnir en í staðinn fyrir að fylgja hópnum og fermast í kirkju valdi hann borgaralega fermingu.

Eldri systkini Finnboga völdu einnig borgaralega fermingu en stjúpsystkini hans í Svarfaðardalnum og skólasystkini á Dalvík hafa öll valið kirkjulega fermingu.

„Krakkar þurfa að pæla meira í fermingunni. Út á hvað fermingin gengur og hvort þau trúi nógu mikið á Guð til að fermast í kirkju. Það höfðar ekki til mín að staðfesta mína trú núna, ég er of ungur.

Fyrir mér er fermingin hluti af því að fullorðnast og þroskast. Ferming er hefð sem mig langar til að halda í og ég hlakka mikið til," segir Finnbogi og viðurkennir að vissulega hafi það áhrif að nánast allir fermist.

„Þetta er bara eitthvað sem maður gerir, en maður þarf samt að vita út á hvað fermingin gengur."

Finnbogi er ánægður með fræðsluna sem fermingarbörnin fá hjá Siðmennt, félagi húmanista á Íslandi, sem hefur staðið fyrir borgaralegum fermingum síðan árið 1989. Hann hefur lært gagnrýna hugsun og heimspeki.

„Maður lærir að pæla í hlutunum áður en maður framkvæmir. Það er ekki alltaf augljóst hvað er rétt og rangt og þótt einhverjir geri alltaf eitthvað er það ekki endilega rétt," segir Finnbogi hugsandi og ánægður.

Hann nefnir einnig að gaman hafi verið að hitta hópinn sem mun fermast saman. Þau hafa átt tvær helgar saman þar sem farið var yfir mikilvægi þess að þroskast, bera ábyrgð og fullorðnast en einnig hafi allir skemmt sér vel í keilu og kynnst hvert öðru.

Eftir fermingarathöfnina í Háskólabíói í Reykjavík verður haldin vegleg veisla fyrir ættingja og vini. Foreldrarnir hafa haft veg og vanda af því að undirbúa veisluna og allt veraldlega stússið.

„Ég hlakka mest til að hitta allt það góða fólk sem kemur og gleðst með mér. Sumir sem ég sé mjög sjaldan koma í veisluna," segir Finnbogi með tilhlökkun og aðspurður segir hann að þótt gjafirnar skipti sig minna máli vonist hann samt eftir peningum eða nýju snjóbrettadóti.

„Brettið mitt er algjört rusl," segir hann glottandi og rjóður í kinnum enda nýkominn heim úr Böggvistaðafjalli. *- vaj*



Sólveig Anna Pálsdóttir segir fullorðna fólkið oft setja of mikla pressu á krakka þegar kemur að fermingunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Pressan frá fullorðnum mikil

**Sólveig Anna Pálsdóttir er í engu frábrugðin öðrum unglingum hvað varðar spenninginn sem fylgir því að fermast, en hún horfir þó gagnrýnni augum á aðdraganda athafnarinnar en margir aðrir.**

„Mér finnst fullorðnir oft ekki alveg hugsa nógu mikið um krakkana, það er pressa á krakka að fermast," segir Sólveig Anna, sem gengur í Álftamýrarskóla. „Til dæmis segja þeir við krakka: „Jæja, nú ferðu bráðum að fermast." En þeir spyrja aldrei hvort krakkann langi til að láta ferma sig eða hvort hann trúi á Guð og hvort hann sé að gera þetta á réttum forsendum. Það mætti alveg spyrja fleiri að því."

Sjálf er hún ekki í vafa um af hverju hún er að fermast. „Ég trúi á Guð og ég hef hugsað mikið um það af hverju ég er að láta ferma mig, ég hef séð fullt af frændum mínum og frænkum fermast á síðustu árum og ég hef velt þessu mikið fyrir mér. Það skiptir mig máli að játa það að ég er kristin og að gera það með vinum mínum," segir Sólveig Anna og bætir við að auðvitað hlakki hún líka til að fá pakkana. Hún segir að spennan magnist þessa dagana, en hún mun fermast 30. mars í Grensáskirkju.

Sólveig Anna og fjölskylda hennar fóru nýverið til Danmerkur þar sem hún keypti snjóhvítan, hnésíðan fermingarkjól. „Hann er bara svona einfaldur en mjög flottur," segir hún og bætir við að hann sé ermalaus og hún ætli að vera í gegnsæjum ermum yfir. Við þetta verður hún svo í hvítum og silfruðum hælaskóm. „En ég er ekki búin að ákveða greiðsluna, ég verð annað hvort með mjög flotta kórónu eða með demanta í hárinu. Ég ætla að ákveða þetta með hárgreiðslukonunni," útskýrir hún.

Sólveig Anna hikar þegar hún er spurð hvaða fermingargjafir hana langi mest í. „Ég er svona eins og flestir krakkar og langar alveg í tölvu, en svo væri ferlega gaman að fá svona þriggja vikna enskunámskeið í Englandi. Ég þekki eina sem fékk svoleiðis og það var víst rosalega gaman að kynnast fullt af krökkum alls staðar að úr heiminum."

Enda er Sólveig Anna greinilega mikil félagsvera. Hún hlakkar mikið til að hitta fjölskylduna í veislunni, sem haldin verður í dansskóla Jóns Péturs og Köru í gömlu Rúgbrauðsgerðinni. „Mér þykir eiginlega bara verst að ég á svo mikið af vinafólki í Danmörku af því að við bjuggum einu sinni í Danmörku, en það getur auðvitað ekki komið í veisluna," segir fermingarstúlkan Sólveig Anna að lokum. *- smk*

ÓskalistinnMinn





Canon Ixus myndavél


Flakkari


Sony flatskjár


Canon prentari


Bakpoki fyrir fartölvu
og skólabækur

# Sony Bravia 32” LCD flatskjár 119.000,-

Stórglæsilegur flatskjár með HD Ready upplausn (1366x768).
Tölvuleikirnir, þættirnir og bíómyndirnar í skýrari myndgæðum.

Nýherji Borgartúni 37 sími 569 7700 ww.nyherji.is

NÝHERJI




Fyrir ferminguna

Leynist *listamaður* í þinni fjölskyldu?

Höfum mikið úrval af myndlistarvörum við allra hæfi.
Glæsilegt úrval af sérhönnuðum handskreyttum fermingarkertum, serviettum, fermingarstyttum, skreytingarefni, gestabókum og kortum.

LITIR OG FÖNDUR

Skólavörðustíg 12 & Smiðjuveg 4, Kópavogi
litirogfondur.is




Örn Arnarson, sundkappi með meiru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Í blazer-jakka af pabba

**Sundkappinn Örn Arnarson var fermdur annan í páskum fyrir þrettán árum.**

„Ég man nú ekkert sérstaklega mikið eftir þessum degi," segir sundkappinn Örn Arnarson þegar við hittum hann að máli á dögunum og spurðum hann út í fermingardaginn sinn. „Ég man samt að ég var í einhverri skyrtu og buxum, og svo var ég í blazer-jakka af pabba mínum."

Flestir kannast við Örn úr sundinu en hann er einna helst frægur fyrir að vera sexfaldur Evrópumeistari í sundi og að hafa unnið til silfur- og bronsverðlauna á heimsmeistaramótinu 2001. Í dag er Örn 26 ára og starfar hann sem íþróttakennari við Áslandsskóla í Hafnarfirði og sundþjálfari Sundfélags Hafnarfjarðar.

Örn var fermdur í Vífilsstaðakirkju í Hafnarfirði annan í páskum árið 1995 og var veislan haldin í sal í íþróttahúsinu við Strandgötu. Örn telur að sjötíu eða áttatíu manns hafi mætt í veisluna.

„Það var ýmislegt sem maður fékk í fermingargjöf. Ég fékk tjald og vekjaraklukku og svo fékk maður náttúrlega einhvern pening. Það var alveg fullt sem ég fékk í fermingargjöf en ég man bara ekki helminginn af því," segir hann og hlær.

Örn segist finna fyrir því að viðhorf krakka til ferminga hafi breyst á þessum þrettán árum sem liðin eru síðan hann stóð við altarið í Vífilsstaðakirkju ásamt félögum sínum. „Ég er ekki viss um að krakkar í dag láti allir ferma sig af réttum ástæðum. Það skiptir öllu máli að fara í þetta af réttum ástæðum, það er, til að staðfesta trú sína á guð. Fyrir mig var það jákvæð reynsla að staðfesta trú mína," segir Örn og bætir við í lokin að hann sé enn „töluvert trúaður, upp að vissu marki, þótt ég fari mjög sjaldan í kirkju". - smk



Örn í blazer-jakkanum góða.


LCD myndarammi




elo
www.elo.is

Spilar stafrænar myndir, video og tónlist.
Dagatal og klukka, vekjari, 2 innb. hátalarar.
Tekur USB og flest minniskort. Fjarstýring.

Netverslun - Hlíðasmára 13, Kóp - Sími 554-0400


## FERMINGARGJAFIR NÁTTÚRUBARNSINS

**Ef fermingarbarnið er spennt fyrir útivist er úr mörgu að velja til gjafa. Fátt er líka ánægjulegra fyrir skyldfólkið en að efla og ýta undir heilbrigðan lífsstíl. Reyndar kemur sér alltaf vel að eiga viðleguútbúnað, þótt fjallgönguáhugi sé kannski ekki gífurlegur á fermingaraldrinum.**



Kúlutjald er yndislegt heimili í útilegum.

Kíkir kemur sér vel úti í náttúrunni, ekki síst við fuglaskoðun.

Fátt gleður hestakrakka meira en höfðinglegur hnakkur.

Gastæki er þarfaþing þegar búið er í tjaldi.

Svefnpoki er alger nauðsyn ef farið er í útilegur og íþróttaferðir.


SAVAGE X 4.6 Big Block



HPI Savage X 4,6
fjarstýrður bensín torfærutrukkur
**nú á lækkuðu verði.**

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is






*“ Fermingin er einn stærsti áfangi lífs míns. Um leið og ég kemst í fullorðinna manna tölu vil ég sýna að ég er ábyrg og skynsöm í fjármálum. Þess vegna vel ég SPRON Framtíð.”*

## SPRON Framtíð

hávaxtasparnaðarreikningur

- Ég fæ frábæra vexti á fermingarpeningana mína
- SPRON geymir peningana mína þangað til að ég verð 18 ára
- Ég fæ 2.000 kr. mótframlag frá SPRON þegar ég stofna reikninginn*

## Fermingartilboð

Ef lagðar eru inn 30.000 kr. eða meira fyrir 1. júní 2008 gefur SPRON 5.000 kr. mótframlag.
Allir sem leggja inn fara í pott og eiga möguleika á að vinna iPod touch, iPod nano og DVD-myndir.

## Gefðu bjarta framtíð í fermingargjöf

Fermingargjafabréf SPRON er gjöf sem vex og vex

Framtíðarreikningum stofnuðum með gjafabréfi SPRON fylgir 2.000 kr. mótframlag frá SPRON.*

spron

Sími 550 1200 - Þjónustuver 550 1400 - www.spron.is

*Leggja þarf inn að lágmarki 2.000 kr. við stofnun reiknings.



● **ÍSINN BROTINN** Það þykir góður siður að heilsa upp á fermingarbarnið og í það minnsta óska því til hamingju. Fermingarveislur eru gjarnan mannmargar og mikið af ættmennum sem fermingarbarnið hefur ef til vill ekki hitt í langan tíma. Það vill því oft brenna við að fermingarbarnið sitji í herberginu sínu ásamt félögum sínum á meðan veislan stendur og hitti engan. Sum þeirra eru feimin og óframfærin og eiga erfitt með að taka frumkvæðið og tala við fólkið. Er það því góður siður að gestirnir hafi sjálfir fyrir því að gefa sig á tal við fermingarbarnið. Ekki þarf mikið meira en að taka í höndina á barninu, óska því til hamingju með daginn og jafnvel fá að kíkja á gjafirnar, það þarf ekki mikið til að brjóta ísinn.



Fjölskrúðugur hópur fermingarbarna.

# Með iPodinn í eyrunum

**Fermingarstyttur unnar af hagleiksmanninum Páli Garðarssyni hafa átt vinsældum að fagna síðustu ár.**

Að Auðbrekku 4 í Kópavogi er lítið handverkstæði sem ber hið hátíðlega nafn Himneskir herskarar. Þar inni mundar Páll Garðarsson útskurðarhnífana og um þessar mundir er mikið að gera hjá honum við smíði fermingarstyttna.

Sumar stytturnar eru sparíklæddar, aðrar sportlegri. Jafnvel með ipodinn í eyrunum. Einnig er mikið um sérpantaðar styttur sem eru tálgaðar og málaðar með ákveðið fermingarbarn í huga, eftir áhugamálum þess.

Páll gerir þessar styttur alveg frá A til Ö og notar við það ýmis verkfæri. Hann kveðst hafa verið í þessari framleiðslu í nokkur ár í misjafnlega miklum mæli. Stytturnar eru um það bil 10-12 sentimetrar á hæð og sóma sér vel hvort sem er ofan á kransaköku, í fermingargjafapakkann eða sem borðskraut við gestabókina í veislunni.

Stytturnar selur Páll bara á verkstæðinu sínu og þar er hann flesta daga við iðju sína. „Það er mitt aðalstarf að tálga," segir hann. „Ég segi ekki að þetta sé blómlegur bisness hvað varðar afkomuna en það er alveg nóg að gera." *- gun*



Sumar stelpurnar eru með blómsveiga í kringum sig.



Páll Garðarsson tálgar fermingarstyttur af lyst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þessi er tilbúinn í golfið.

## FERMINGARGJAFIR TÆKJAFRÍKSINS



Nintendo DS lite Ormsson, kr. 16.900

**Tölvur og tæki er góð lausn í fermingarpakkann. Gæðalegar gjafir sem geta enst lengur en fermingarbarnið endist í foreldrahúsum.**



Fireant-hátalarar fyrir iPod. Apple búðin, kr. 22.990



Sony DCC T70-Myndavél, Sony Center, kr. 34.900



Sony Hifi-samstæða með DVD-spilara, USB-tengi og bluetooth MP3-streymi. Sony Center kr. 54.900

Tivoli Audio

fermingargjöfin...

bestu afspilunartækin með útvarpi fyrir iPod

LÆGSTA VERÐ Í EVRÓPU



iYiYi

AFSPILUNARTÆKI FYRIR iPOD

STEREÓÚTVARP

Stereóútvarp í hæsta gæðaflokki með 5 stöðva minni

Vekjararklukka með svefnrofa og tengimöguleiki fyrir MP3 / CD / TÖLVU

Heldur iPodinum í fullri hleðslu.

Litir: Hvítt, svart - iPod ekki innifalið

Made for iPod

Verð kr. 42.800

Fermingartilboð kr. 35.500.-

reddot design award winner 2006

KORTER.IS



iSongBook

AFSPILUNARTÆKI FYRIR iPOD

STEREÓÚTVARP

Ferða-afspilunartæki fyrir iPod, stereóútvarp í hæsta gæðaflokki með 5 stöðva minni og vekjararklukku með svefnrofa

240V / 12V

Hleðslurafhlöður fáanlegar - Innbyggt hleðslutæki

Tengimöguleiki fyrir MP3 / CD / TÖLVU

Ferðataska fáanleg - Pod ekki innifalið

Made for iPod

Verð kr. 35.980.-

Fermingartilboð kr. 28.800.-

4 1/2 af 5 mögulegum

playlist

www.tivoliaudio.is

tivoliaudio@tivoliaudio.is

Tivoli Audio

ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5012



# Fermingar framundan...



## Úrval gjafa fyrir stelpur og stráka í verslunum Lyfju um land allt.




### CALVIN KLEIN CKIN2U

Stór taska fylgir sem kaupauki ef keyptir eru 2 hlutir í CKIN2U línunni og lítil ef keyptur er 1 hlutur.

Meðan birgðir endast.




### CLINIQUE

3 skref fyrir heilbrigða húð. Þú greiðir fyrir gula kremið og hin tvö fylgja frítt með.

**4.990 kr.**




### MASKARAKASSI

Flottur maskarakassi frá L'Oréal.

**1.990 kr.**




### EASY SUN - BRÚNKUKLÚTAR

Einfaldir og þægilegir í notkun
– mynda fallega og eðlilega sólbrúnku.

**20% afsláttur í mars**




### L'ORÉAL HERRATASKA

Inniheldur rakgel og mjög rakagefandi og gott krem fyrir herra á öllum aldri.
Kaupauki: Hreinsigel.

**2.699 kr.**



### MAYBELLINE

Maskarar og gloss, mikið úrval og flottir litir.

**20% afsláttur í mars**

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 41160 02.2008

# Erfði rúm eftir afa sinn

„Mig langaði allra mest í nýtt rúm í fermingargjöf. Eða, eiginlega ekki nýtt rúm, heldur notað rúm en nýtt fyrir mér,“ segir fjörkálfurinn og tónlistarmaðurinn Jónsi, sem samkvæmt þjóðskrá heitir Jón Jósep Snæbjörnsson og fermdist árið 1991 í Glerárkirkju á Akureyri. „Afi minn átti þetta rúm en hann lést einu og hálfu ári áður en ég fermdist. Rúmið var úr bæsuðum við með springdýnu.“

Jónsi hafði þar til hann fermdist sofið í sama gamla rúminu frá því hann var smápatti. Það rúm var ætlað börnum og svampdýnan var klædd grófu efni sem Jónsa klæjaði undan.

„Ég fékk að vita nokkru fyrir ferminguna að ég ætti að fá rúmið hans afa og ég varð virkilega glaður,“ segir Jónsi og bætir við að rúmið hafi haft sérstaka merkingu, því þeir langfeðgar voru afar nánir, en Jónsi var skírður í höfuðið á afa sínum, sem hét Jón Jósepsson.

Einnig fékk Jónsi forláta bútasaumsteppi frá mömmu sinni, sem og skrifborð og hillu, og herbergið hans var málað sólgult.

„Herbergið breyttist úr barnaherbergi í unglingaherbergi, sem var vel við hæfi. Ég vil samt taka það fram að ég fermdist alls ekki vegna gjafanna. Ég var mjög virkur í kirkjunni á þessum tíma og fyrir mér var það mikið mál að vígjast inn í kristna trú,“ segir Jónsi. - *smk*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jónsi varð ákaflega ánægður með aðalfermingargjöfina sína, sem var að herberginu hans var breytt úr barnaherbergi í unglingaherbergi.

# Trommusett í gjöf

Tónlistarmaðurinn landsþekkti Ragnar Bjarnason varð himinlifandi þegar hann fékk fermingargjöfina frá foreldrum sínum árið 1948. Hann fékk nefnilega trommusett.

„Þetta var nú ekki eins og trommusettin eru í dag, ég man það var brúnt og mjög einfalt, lítið trommusett,“ segir Ragnar og hlær dátt. „Ég held það hafi nú ekki verið mjög dýrt og ég geri ráð fyrir því að mamma og pabbi hafi keypt þetta handa mér til að þurfa ekki að hlusta á vælið í mér lengur. Mig var búið að dreyma lengi um að eignast mitt eigið trommusett.“

Ragnar, sem fermdist í Dómkirkjunni í Reykjavík, var trommari í mörg ár. „Ég byrjaði strax eftir ferminguna að æfa mig á trommurnar og fór fimmtán ára að spila með pabba, Bjarna Böðvarssyni, og fór svo upp úr því að spila í útvarpi og víðar,“ segir Ragnar.

Hann bætir við að herbergið hans hafi verið niðri í kjallara og fyrir vikið var auðveldara fyrir hann að æfa sig daginn út og daginn inn.

„Ég gat djöflast þar eins og mér sýndist. En ég hafði nú svo sem ekki langt að sækja tónlistaráhugann og húsið var alltaf fullt af fólki að æfa tónlist,“ segir Ragnar og útskýrir að móðir hans, Lára Magnúsdóttir, hafi verið fyrsta dægurlagasöngkona Íslands og Bjarni faðir hans hafi stofnað Félag íslenskra hljómlistarmanna skömmu áður en Ragnar fæddist. „Svo ég held að trommuæfingarnar hafi nú ekki farið fyrir brjóstið á neinum.“

Spurður hvort það hafi þá ekki verið tónlist í fermingarveislunni svarar Ragnar játandi. „Það hafa verið svona þrjátíu manns í veislunni og það var að sjálfsögðu bæði spilað og sungið,“ segir hann. - *smk*



**Ragnar Bjarnason, tónlistarmaðurinn góðkunni, man vel eftir fyrsta trommusettinu sínu sem hann fékk í fermingargjöf árið 1948.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR






# Orðabókin ein eftir

Af öllu því sem Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands og blaðamaður á Viðskiptablaðinu, fékk í fermingargjöf er ekkert eftir nema orðabókin.

„Ég fékk tjald, orðabók og margar styttur. Tjaldið týndist í einhverri útilegunni, stytturnar lét ég viljandi hverfa smám saman, enda hef ég aldrei verið nein styttukona, en orðabókin hefur enst vel. Ég notaði hana í gegnum alla mína skólagöngu og nota hana enn reglulega,“ segir Arna, sem fermdist í Dómkirkjunni í Reykjavík árið 1982.

„En svo fékk ég líka tvær skíðaferðir í fermingargjöf, eina til Austurríkis frá pabba sem ég fór í með honum og öllum systkinum mínum og aðra í Kerlingarfjöll frá mömmu. Þetta voru virkilega flottar og veglegar fermingargjafir á þessum tíma,“ segir Arna og bætir við að einnig hafi hún fengið skartgripi og peninga, sem hún keypti sér bakpoka og svefnpoka fyrir.

Orðabókin góða, sem er íslensk orðabók og var frá systur föðurafa Örnu, var alls ekki efst á óskalistanum þótt hún hafi reynst notadrýgst allra gjafanna. Útilegugjafir voru vinsælastar meðal vinkvenna Örnu í byrjun níunda áratugarins, sem og gjafir sem tengdust íþróttum.

„Reyndar langaði mig allra mest í hest eða eitthvað tengt hestamennskunni, en sú ósk rættist ekki og hefur í raun enn ekki ræst,“ segir hún og hlær. - *smk*



**Íslenska orðabókin sem Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, fékk í fermingargjöf hefur komið að góðum notum, enda talar Arna afspyrnu góða íslensku.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Frábær fermingartilboð sjá www.svefn.is




Sá nýjasti og besti frá Leggett




Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með

**Chiropractic®**

Amerísku heilsudýnurnar

**IQ-CARE**

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð og finnið muninn.

**VELJUM GÓÐAR HEILSUDÝNUR FYRIR VAXANDI FÓLK!**




AKUREYRI

**Svefn & heilsa** ★★★★★




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is




Marsipanbækur eru vinsælar í fermingarveislur enda eru þær bragðgóðar og mikil prýði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fallegar fermingartertur

Marsipanbækur og kransakökuturnar eru vinsælustu fermingarkökurnar hjá Bakarameistaranum í Suðurveri.

Hjá Bakarameistaranum er hægt að sérpanta fermingartertur af ýmsum stærðum og gerðum. Marsipanbækur eru vinsælar og þær er hægt að fá með fyllingu að eigin vali.

Í bókum, sem eru fyrir 25 manns, og í stærri marsipantertum, sem eru fyrir fleiri, er ávallt tvöfaldur svampbotn, blandaðir ávextir, muldar makkarónur og ekta rjómi. Hægt er að fá



Bakarasveinninn Aron Egilsson leggur lokahönd á skreytinguna.

perur eða jarðarber í stað blandaðra ávaxta og eins mismunandi tegundir af rjóma. Til dæmis er boðið upp á kirsuberja-, jarðarberja-, súkkulaði-, cappuccino- eða rommrjóma. Allar terturnar eru með marsipanhjúp, handgerðum marsipanrósum í lit að eigin vali og áletrun.

Þá eru kransakökur sígildar og hafa kransakökuturnar notið vinsælda í fermingarveislum. Þá er þremur misháum turnum stillt upp saman og þeir skreyttir og fylltir með kransakökubitum.

Óttar Sveinsson, framleiðslustjóri og bakarameistari hjá Bakarameistaranum í Suðurveri, þar sem öll framleiðslan fer fram, segir vertíðina hafa byrjað um síðustu helgi og á hann von á því að næstu vikur verði annasamar.

Hann segir best að panta tertur með að minnsta kosti viku fyrirvara og er bæði hægt að gera það í verslunum Bakarameistarans og á heimasíðunni bakarameistarinn.is. Á heimasíðunni er einnig hægt að leggja fram fyrirspurnir og fá tilboð í veislur en auk þess að gera einstaka tertur býður Bakarameistarinn upp á alhliða veisluþjónustu með snittum, pastaréttum og öllu tilheyrandi. *- ve*

# Munaður úr Miðjarðarhafi

**Veisluþjónusta The Deli býður upp á ferska og fjölbreytta smárétti frá Miðjarðarhafinu.**

Á The Deli er hægt að fá smárétti, snittur, fingra- og pinnamat af ýmsu tagi. Má þar nefna sjávarrétti, kjúklinga- og lambateina, salöt, brauð, dýfur og sósur.

Skyndibitinn sem margir kannast við á veitingastaðnum í Bankastræti er fyrst og fremst ítalskur en veisluþjónustan er fjölbreyttari.

„Ég sæki innblástur í eldhús Miðjarðarhafsins og nota hefðir frá Ítalíu, Grikklandi, Tyrklandi og Norður-Afríku, segir matreiðslumaðurinn Sigurður Thoroddsen sem hefur rekið The Deli síðustu fimm ár.

„Ég sæki líka innblástur til Indlands en mér finnst kryddin þaðan mjög skemmtileg. Ég legg mikla áherslu á ferskt hráefni og nota ferskar kryddjurtir eins og mintu, kóríander og basil," útskýrir Sigurður.

Hann sér um veislur og móttökur af ýmsu tagi og þar með talið fermingar, afmæli, starfsmannaveislur og fleira. Hann segir brauð, pitsur og kjötteina falla vel í kramið hjá ungu kynslóðinni en þeir sem eldri eru séu duglegri við að prófa nýjungar. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um pantanir og verð á deli.is

*- ve*



Foccacia-kryddbrauð.



Hér má sjá hummus, muhammara, sem er sæt papriku- og chili-dýfa með valmúafræjum og svörtum sesamfræjum, og grískt salat. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Reyktur lax á ávaxtabeði

Melónur (kantalópa), vínber og eða önnur ber eftir árstíð.
Reyktur lax
Amaretto eða grand marnier.
Aðferð:
Melónan skræld og skorin í hæfilega bita. Vínberin skoluð í rennandi köldu vatni. Ef þau eru stór er gott að skera þau í tvennt og taka úr þeim steinana ef þeir eru til staðar. Ávextirnir settir á fat. Þunnt skornum laxinum er síðan komið fallega fyrir á milli þeirra.
Gott er að hella örlitlu af amaretto eða grand marnier yfir. Einnig má nota óáfengt amarettosíróp eða hunang.



Reyktur lax á ávaxtabeði.

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 41327 02/08
HIGH PEAK

Flott hugmynd að
fermingargjöf
Kira 3
Frábært kúlutjald með stóru fortjaldi.
Fermingartilboð
9.990 kr.
Verð áður 11.990 kr.
Tjöld frá 6.990 kr.
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF


Sigga & Timo
GULLSMIÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

# MAX RAFTÆKI

# Velkomin í Holtagarða og Kauptún



## 8GB MP3

**Ótrúlega flottur hljóð- og mynd spilari með Íslensku viðmóti**

**SanDisk VIEW8GB**
8GB Sansa View MP3 spilari • 2.4" LCD litaskjár (320x240) • Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Með hleðslurafhlöðu • Allt að 35 tímar í tónlist og 7 í kvikmyndir • microSDHC kortalesari • Innbyggður diktafónn ofl.

**19.989 kr.**
Fullt verð ~~24.999~~

Sparaðu 5.010

## Philips heimabíósett



**Panasonic SCPT150**
330w heimabíókerfi • fjölkerfa DVD spilari • 12bit/108MHz Video DAC • Progressive scan • 5 hátalarar og bassabox • SDolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með stöðvam. • Hljóðtengi (RCA) • USB • SCART • Fjarstýring

**24.989 kr.**
Fullt verð ~~29.999~~

Sparaðu 5.010

## Ef þú ættir að velja fermingargjöf...



## 7.2 milljón punkta

**Casio EXZ75**
Stafræn myndavél • 7.2 milljón punkta upplausn • BESTSHOT sem einfaldar myndatöku við öll skilyrði • Antishake DSP hristivörn

**14.989 kr.**
Fullt verð ~~19.999~~

Sparaðu 5.010

## Dúndur TILBOÐ



**59.989 kr.**
Fullt verð ~~69.999~~

26 tommur

Sparaðu 10.010

**United LTV26W42**
26" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn •Progressive Scan • HD Ready • 30w Nicam Stereó hljóð • 3 Scart • HDMI • Component • SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • textavarp ofl.

**Dæmið er einfalt – Hlutirnir eru ódýrari í Max – og úrvalið ótæmandi!**

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI




HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500 **ÚTILÍF**

OROBLU




Nýju vorvörurnar frá Oroblu eru komnar.
Glæsilegt úrval af toppum, leggings, sokkum og sokkabuxum.


## FERMINGARPENINGAR



Birna fékk dágóða peningaupphæð í fermingargjöf, sem brann síðan á verðbólgubálinu.

# Pylsa og kók

„Ég fermdist árið 1974 og fékk dágóða peningaupphæð í fermingargjöf. Á þessum tíma þótti það afskaplega góð fjárfesting að kaupa einhvers konar ríkistryggð innlánsskírteini og auðvitað keypti ég svoleiðis fyrir alla fermingarpeningana mína. Mér þótti peningunum vel varið með þessum hætti og sá fram á að geta gengið að peningunum vísum og gott betur þegar ég væri orðin eldri,“ segir Birna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Glitnis.

„Bréfin fínu komu svo til innlausnar þegar ég var í Verslunarskólanum svo ég fór í hátíðlega ferð í Landsbankann til að ná í afraksturinn. Fermingarpeningarnir mínir höfðu þá brunnið illilega á verðbólgubálinu og upphæðin rétt dugði fyrir pylsu og kók. Verðbólgan hafði étið upp restina, ég er nefnilega af hinni svokölluðu verðbólgukynslóð.“

Birna segir að þótt því sé þannig farið að landsmenn bölsótist oft út í verðtrygginguna af og til, þá hefði hún svo sannarlega komið sér vel á þessum tíma. „Fermingarbörn í dag eru í öllu betri málum. Bankar taka við þeim opnum örmum og ávaxta peninga þeirra á öruggan og arðsaman hátt.“ *-vaj*

## FERMINGARGJAFIR TÍSKUVITANS

Tíska og hönnun spilar stóran þátt í lífi margra fermingarbarna. Hérna er úrval sem hentar bæði hal og drós sem vilja fá fallegt tískupunt í fermingarpakkann.



Hettupeysa fyrir tískuvitann úr Brim, Laugavegi, kr. 6.790.



Hárskraut frá KVK, Laugavegi, kr. 6.500.



Hrikalega flott hálsfesti fyrir fermingarpæjuna. KVK, Laugavegi, kr. 6.500.



Töff uglupúði frá Fauna/Salvör. Kisan, Laugavegi, kr. 8.400.

# PÁSKATILBOÐ

## Falleg húsgögn á frábæru verði!



Tilboð 1, eik, hlynur, (kirsuber)
Borð og 6 stólar 89.900
Skenkur (keyptur með setti) 26.900
**Samtals 116.800**
Verð áður 147.500

Tilboð!

Buffer í eik
Sjónvarpssk.
m/læsanlegum
glerhurðum
**9.900**
Verð áður 19.700





Hæðarstillanleg skrifborð frá **35.200**



Tilboð 2, kirsuber
Borð og 6 stólar 79.900
Skenkur (keyptur með setti) 18.600
**Samtals 98.500**
Verð áður 130.000



Bókahillur og geisladiskastandar



Kommóður í úrvali

Tilboð!



**12.900**
(verð áður 16.900)



**16.900**

Tilboð!



**33.900**
(verð áður 41.400)



Omega **59.500**
kirsuber, hlynur, svarbrúnt

# Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

**www.hirzlan.is**







# Woodstock eftirminnilegust

**Matthildur Sigurjónsdóttir fékk að fara í bíó með stóra bróður eftir fermingarveisluna. Janis Joplin í mynd um Woodstock hafði varanleg áhrif á ungu stúlkuna, sem taldi sig þar með hafa teygt sig inn í hóp hinna fullorðnu.**

„Ég fermdist árið 1971 og þá var hippafílingurinn í algleymi. Mamma leyfði mér að fá sérsaumuð föt, þótt hún væri ekki sátt við valið, en ég var alsæl. Ég valdi símunstrað fjólublátt efni í kjól sem var opinn frá mitti og undir voru stuttar buxur. Kjólinn var hnepptur með yfirdekktum tölum úr sama efni og buxurnar. Þessu fylgdu hnéhá stígvél. Mér fannst ég flott en kannski var þetta ekki alveg við hæfi fjórtán ára stúlku,” segir Matthildur Sigurjónsdóttir hlæjandi.

Fermingarundirbúningurinn hófst eftir jól og séra Garðar Svavarsson sóknarprestur í Laugarneskirkju sá um fræðsluna fyrir fermingarárgang Matthildar í sókninni. Stóri dagur Matthildar var 25. apríl, fyrsti sunnudagur sumars.

„Pabbi var ekki sérlega ánægður með mína frammistöðu í kirkjunni. Ég var algjör unglingur og gat illa haldið mér vakandi í kirkju. Jafnvel í minni eigin athöfn rann á mig svefnhöfgi og ég fékk olnbogaskot frá sessunaut. Þegar ég leit út í sal sá ég að pabbi sendi mér illt auga. Hann tók mig þó í sátt og ég hef haldið mér vakandi við kirkjuathafnir síðan,“ fullyrðir Matthildur, sem er gift og á þrjú börn sem öll eru skírð og fermd. Allar hafa athafnirnar farið fram í kirkju, með Matthildi vakandi.



**Tíðarandinn endirspeglast í þeim fatnaði sem fermingarbörnin velja sér og það er ansi skondið að skoða gamlar fermingarmyndir, sérstaklega þegar kyrtillinn hylur ekki tískuna. Matthildur er til hægri í efri röð.**

„Annars var fermingin mín frekar hefðbundin. Ég valdi kökur fram yfir kalt matarhlaðborð. Mamma sá um að fylla borðið af alls kyns hnallþórum og gotterí. Veislan var haldin heima og öll ættin mætti. Mamma og pabbi höfðu þann sið að gefa okkur systkinunum vandað úr í fermingargjöf og ég hef haldið þeim sið fyrir börnin mín. Aðrar gjafir eru ekki eins eftirminnilega en ég man þó að ég fékk 550 krónur sem þótti ekki mikið, enda fengu stelpur þá meira af glingri en strákarnir.“

Að sögn Matthildar var dagurinn ljúfur en hámarkinu var síðan náð um kvöldið þegar hún fór í Austurbæjarbíó með bróður sínum. „Mér fannst ég orðin fullorðin þegar ég horfði á Woodstock-hátíðina. Janis Joplin stal deginum af Jesú og hefur haft meiri áhrif á mig síðan en það sem presturinn sagði í athöfninni. Enda svaf ég í kirkjunni en vakti í bíó,“ segir hin friðelskandi Matthildur kímin og setur Janis Joplin á fóninn í huganum.

*-vaj*






# MÓTEFNI VIÐ KULDA

| | |
|---|---|
| Gerð: ULLARNÆRFÖT | |
| Gunnar - Ingjaldur - Hallgerður - Langbrók | |
| Efni: Undurmjúk Merino ull | |
| Þyngd: 190g | Stærðir: XS - XXL |

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

# 12 LITIR Á FRÁBÆRU FERMINGARTILBOÐI




**INSPIRON 1525 INTEL® CELERON® FARTÖLVA**

## 109.900 kr.

**88.273 kr. án VSK**

**Intel® Celeron® örgjörvi 540, 1,86 GHz**
**(1MB L2 cache, 533 MHz FSB)**
15,4" WXGA+ (1440x900) TrueLife Skjár
**1,5GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni**
**(1x1024MB+1x512MB)**
80GB (5.400 rpm) SATA harður diskur
**8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði**
Intel GMA X3100 skjákort með 385MB samnýttu minni
**Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél**
Microsoft Vista™ Home Basic
**3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu**

**INSPIRON 1525 INTEL® CORE™2 DUO FARTÖLVA**

## 144.900 kr.

**116.386 kr. án VSK**

**Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7250, 2,0 GHz**
**(2MB L2 cache, 800 MHz FSB)**
15,4" WXGA+ (1440x900) TrueLife Skjár
**2GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni**
**(2x1024MB)**
160GB (5.400 rpm) SATA harður diskur
**8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði**
Intel GMA X3100 skjákort með 385MB samnýttu minni
**Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél**
Microsoft Vista™ Home Premium
**3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu**

intel Core™2 Duo inside™
Do More

**HD SKJÁR • MEDIADIRECT • INNBYGGÐ 2,0 MEGAPIXLA VEFMYNDAVEL • WI-FI CATCHER**

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prent-villur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

DELL™
YOURS IS HERE

Gott fólk

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

EJS





# VERÖLD SOFFÍU ER FULL AF VINUM

Sendu þeim sem standa þér nærri heillaskeyti með hamingjuóskum á fermingardaginn. Það er falleg leið til að sýna að þú hugsar til þeirra á hátíðarstundu. Farðu inn á **www.postur.is** eða hringdu í síma 1446.




**Fermingargjöf frá okkur:**
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.

RB RÚM

Svífðu inn í svefninn



**Úrval fylgihluta:**
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.



**Eftir þínu höfði:**
RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafli og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

**Opið alla virka daga frá 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**
RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB RÚM
Stofnað 1943

betur búnar - betra verð - betri þjónusta

# MiTAC MiNote 8252DC




*Betur búnar fartölvur ...*

- *Með nýju **Penryn** 45nm örgjörvunum frá Intel*
- *Með 9 hólfa rafhlöðu - 6600 mAh*
- *Með 512 Mb NV8600MGS skjákorti*
- *Með 15 eða 17" X-Brite skjá*
- *Með vefmyndavél og 5.1. hljóðrásum*
- *Með alla helstu tengimöguleika - HDMI, DVI, Bluetooth, 802.11n þráðlausu netttengi kortalesara, 4x USB o.s.frv.*

*..... frá traustum þjónustuaðila ...*

***Gerið samanburð og sannfærist. Það slær okkur enginn við !***

HDMI
HIGH DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE

## Tilboð A - 15" frábær kaup

Core 2 Duo T7300 2.0 GHz örgjörvi, **2** GB DDR2 vinnsluminni
60 Gb SATA harður diskur, DVD±RW Skrifari. 256 Mb skjákort
Án stýrikerfis *

**kr. 87.490,-**

*Vélar frá Mitac vinna ítrekað til verðlauna*



## Tilboð B - 15" Penryn örgjörvi, 512Mb VRAM

*Þú getur valið um fleiri örgjörva, minni og diska*

Core 2 Duo **T8300** - 2.4 GHz örgjörvi, **2** GB DDR2 vinnsluminni
160 Gb SATA harður diskur, DVD±RW Skrifari. 512 Mb skjákort
Án stýrikerfis *

**kr. 107.890,-**

## Tilboð C - 15" Penryn örgjörvi, 512Mb VRAM

Core 2 Duo **T9300** 2.5 GHz örgjörvi, **4** GB DDR2 vinnsluminni
250 Gb SATA harður diskur, DVD±RW Skrifari. 512 Mb skjákort
Án stýrikerfis *

**kr. 123.900,-**

*Lyklaborð með Íslenskum stöfum Engir límmiðar !*

Tilboðin að ofan eru verðdæmi. Þú getur valið um fleiri samsetningar

### * Microsoft Windows

| | |
|---|---|
| Vista Home Basic 32 bita | 9.990,- |
| Vista Home Premium 32 bita | 12.490,- |
| Vista Business 32 bita | 15.990,- |
| Vista Ultimate 32 bita | 20.990,- |
| XP Professional | 14.990,- |

### Microsoft Office 2007

| | |
|---|---|
| Home & Student Má nota á 3 tölvur! | 13.990,- |
| Basic | 19.990,- |
| Small Business | 26.990,- |
| Professional | 35.990,- |



* Bjóðum fría uppsetningu á "öllum" afbrigðum af Linux, með notendahugbúnaði

| | |
|---|---|
| Norton Anti-Virus 2008 | 1.900,- |
| Fartölvuhlíf fyrir 15.4" tölvur | 2.990,- |
| Fartölvutaska fyrir 15.4" tölvur | 3.990,- |
| Fartölvubakpoki fyrir 15.4" tölvur | 5.990,- |
| 250GB Hýsing SATA í USB2 | 10.980,- |

**Hugver** hefur starfað við innflutning síðan 1992, rekur öflugt verkstæði og íhlutaþjónustu. og hefur verið umboðsaðili Mitac í fjölmörg ár. **Mitac** er stórframleiðandi á tölvuíhlutum og fartölvum sem framleiðir m.a. fartölvur fyrir þekkt vörumerki.

*Líkt búnar 17" vélar eru um 17 þús dýrari*

**HUGVER** ehf Vitastíg 12 | 101 Reykjavík | Sími 562 0707 | hugver@hugver.is | www.hugver.is

Með fyrirvara um hverskyns myndbrengl eða villur



FERMINGAGJAFIR
FYRIR HRAUSTA KRAKKA
Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími 553 5320 • www.markid.is
MARKIÐ
GIANT ROCK 26"
21 gíra fjallahjól með framdempara
Verð aðeins 29.900
PIPAR • SÍA • 80503
SCOTT VOLTAGE
21 gíra Shimano, super stíft álstell með framdempara
Verð frá 44.900
BOXSETT
púði, hanskar, sippuband og teljari.
13.990
HAMMER
Boxpúðar verð frá 12.500
Boxhanskar verð frá 3.500
NITRO SNJÓBRETTI
Verð frá 37.660
Bretti, bindingar og skór
SKÍÐAGLERAUGU
Verð frá 2.690
SKÍÐASKÓR
Verð frá 13.500
SKÍÐI OG BINDINGAR
Skíðaúlpur, buxur, hanskar, húfur, nærföt o.fl.
Verð frá 16.800
Handlóðasett 10 kg. 3.990 kr.
Lóðasett 50 kg. 18.700 kr.
KETTLER PRIMUS LYFTINGABEKKUR
TILBOÐ 41.310




Fermingargjafir
Snyrtitaska kr. 4.900
Seðlaveski með nafngyllingu er nytsöm gjöf. Verð frá 3.900
"Bjútýbox" kr. 12.300
TITAN
Skartgripaskrín er lífstíðareign. Margar stærðir. Verð frá 6.900
Ferðatöskur, fislétt fermingargjöf kr. 24.900, kr. 17.900, kr. 9.900
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

# MAX RAFTÆKI

# DVD verðhrun!

# 1.989 kr. stk.



## Fimm góðar á hverjum DVD

## Seríur og safndiskar

## USB PS3/PS2 heyrnartól

**Logitech Vantage PS3 / PS2**
Þægileg og létt usb tengd heyrnatól með hljóðnema • Noise-cancellation tækni svo aðrir heyri skýrt í þér þrátt fyrir bakgrunns hávaða • 3 mismunandi gerðir eyrnapúða fylgja

**4.989 kr.**





## Þrjár úrvals myndir á hverjum DVD

# Ef þú ættir að velja gjöf ...

## Philips fyrir iPod



**Philips MCM138D**
Glæsileg Míkró samstæða • iPod vagga fylgir til að hulsta og hlaða spilarann • FM útvarp með stöðvaminnum • Geislaspilari með MP3/WMA afspilun • Spilar CD og CD-R/RW • Klukka og vekjari • Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost • Fjarstýring • (Ath. iPod spilari fylgir ekki)

**19.989 kr.**

## Stafræn myndavél

## Högg- og vatnsheld



**Olympus MJU790SWBL**
Digital myndavél • 7.1 milljónir punkta upplausn • Vatnsheld að 3m dýpi • Höggheld upp í 1.5m hæð • 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom • Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar) • Frábær við öll birtuskilyrði • Hreyfimyndataka með hljóði • USB • 14.7MB innbyggt minni • Tekur xD kort ofl.

**29.989 kr.**



## HD flakkari

**Tvix M-6500A**
HD margmiðlunarspilari • Tekur Sata II diska • Stafrænn skjár • Styður allar helstu skrár • 1080P fyrir full HD gæði • HDMI 1.3 • USB / Lan tengi f. tölvur

**44.989 kr.**



**49.989 kr.**
Fullt verð ~~59.989~~

## Tölvuskjár 24 tommur

**Samsung Syncmaster 245BW**
24" tölvuskjár • 1920 x 1200 punkta upplausn • 5 ms svartími • 1000:1 skerpa • VGA & DVI tengi

## Ferðablásari



## Gjafasett

**Remington D3019**
1800W ferðahárblásari • Tveggja hita - tveir hraðar • Spenna - 120/230-240V • Takki fyrir kalt loft • Hitadreifari fyrir sítt hár • Klær fyrir EUR/UK, EUR/USA

**3.989 kr.**
Fullt verð ~~4.989~~



## Sléttujárn

## Gjafasett

**Remington S2005**
Sléttujárn • Stillanlegur hiti upp í 230°C • Tilbúið til notkunnar á 60 sek. • Keramik plötur til tryggja öfluga og jafna hitadreifingu

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~5.989~~

## Dæmið er einfalt - Hlutirnir eru ódýrari í Max - og úrvalið ótæmandi!

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

# FLOTT ÚRVAL FERMINGARGJAFA





HLJÓMTÆKI
SJÓNVÖRP
MP3 OG iPOD
HÁTALARAR
MYNDAVÉLAR
TÖKUVÉLAR
FARTÖLVUR
MINNISLYKLAR
HEIMABÍÓ

MP3 OG iPOD AUKAHLUTIR



# FRÁBÆR TILBOÐ

**JBL** OG **HARMAN KARDON** GRÆJUR Í MIKLU ÚRVALI

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ►** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



# iPod touch 8GB

**iPod touch 8GB**
MP3 spilari • 3.5" snertiskjár • Spilar H.264 video • Sýnir ljós- og kvikmyndir • Geymir 10 klst. myndefni, 1.750 lög eða 10.000 ljósm. • Uppfæranlegur • Tónjafnari • Vekjari og svefnrofi • Spilar MP3, Audible (2/3/4), Apple Lossless, AIFF, WAV og AAC

Raðgr. Verð á mánuði í 24 mán.
2.288 kr.
Stgr.verð 39.989



Raðgr. Verð á mánuði í 36 mán.
4.276 kr.
Stgr.verð 109.989

# Mac Book fartölva

**MacBook MB061**
Fartölva • 13,3" TFT WXGA skjár (1280x800) með vefmyndavél • Intel Core 2 Duo 2.0GHz örgjörvi • 1GB DDR2 667MHz minni • 80GB 5400rpm harðdiskur • Intel GMA X3100 144mb (shared) skjákort • CD/DVD Combo drif CD skrifari DVD lesari • WLAN 802.11 n draft • 10/100/1000 Ethernet • 2xUSB 2.0 • mini-DVI • FireWire 400 • Mac Os X 10,5 Leopard



# 5.1 hátalarar

**Logitech G51**
5.1 hátalarakerfi • 155 w RMS • Matrix Mode sem tekur 2.0 hljóð og breytir í 5.1 • FDD2 hljóðtækni

Raðgr. Verð á mánuði í 16 mán.
2.206 kr.
Stgr.verð 26.989

5000 kr. AFSL. AF SKJÁNUM MEÐ ÖLLUM BORÐTÖLVUM



~~29.989 kr.~~
22 tommur

**22 Acer Al2216WBD**
22 tommu LCD breiðskjár • 5ms svartími • 1680 x 1050 punkta upplausn • DVi & VGA tengi • 700:1 skerpu



# Max PC skólavél

**Max skólavél**
Intel Pentium Dual Core E2140 örgjörvi • 1,6GHz 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni • 250GB SATAII 7200rpm 16MB harður diskur • 18x Samsung DVD+/-RW Dual Layer DVD drif • GeForce 7100 onboard 256MB skjákort • Realtek High Definition onboard 5,1 hljóðkort • Lan 10/100/1000, 6x USB2.0, DVI, VGA • Windows Vista Home Premium ofl.

Raðgr. Verð á mánuði í 24 mán.
2.797 kr.
Stgr.verð 49.989

# Max PC heimilisvél

**Max heimilisvél**
Intel Pentium Dual 2 Core E6550 2,33GHz örgjörvi • 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni • 500GB SATAII 7200rpm 16MB harður diskur • 18x Samsung DVD+/-RW Dual Layer DVD drif • Nvidia GeForce NX8500GT 256mb skjákort • Realtek High Definition onboard 5,1 hljóðkort • Lan 10/100/1000, 6x USB2.0, DVI, VGA, Serial, Parallel tengi • Windows Vista Home Premium



Raðgr. Verð á mánuði í 36 mán.
3.544 kr.
Stgr.verð 89.989



# Max PC leikjavél

**Max leikjatvél**
Intel Pentium Dual 2 Quad E6600 2 örgjörvi • 4GHz • 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 500GB SATAII 7200rpm 16MB harður diskur • 18x Samsung DVD+/-RW Dual Layer drif • Nvidia GeForce NX8600GTS 256mb DDR3 skjákort • Realtek High Definition onboard 5,1 hljóðkort • Lan 10/100/1000, 8x USB2.0, 2xDVI, 2x eSATA tengi • Windows Vista Home Premium

Raðgr. Verð á mánuði í 36 mán.
4.999 kr.
Stgr.verð 129.989

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI






**JVC LT37A80ZU**
42" LCD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 punktar • DynaPix myndtækni - fjölgar línum og punktum • HD Ready • Skerpa 1.000:1 • Fullkomnar Litstýringar (Gamma Curve og Dyn. Black Level) • 20w RMS Nicam stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

**18 DVD myndir fylgja frítt með***
42PFL7662D




**Philips 42PFL7662D**
42" Full HD 1080p LCD Pixel Plus HD breiðtjald • Uppl.: 1920x1080 p • Progr. Scan • HD Ready • Skerpa: 5.000:1 • Innb. Digital DVB-T mótt. • 3D Combfilter og Active Control • 2 x 10w Nicam stereó með Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og heyrnartt. • Textav. ofl.




**Frítt með!**



**Philips 42PFL7962D**
42" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.000:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi ofl.

**400Gb abigs sjónvarpsflakkari fylgir 42PFL7962D**

**Raðgr.** Verð á mánuði í 36 mán. **5.741 kr.**
Stgr.verð 149.989



## 60Gb Full HD tökuvél

**JVC GZHD7**
Full HD Digital Media tökuvél • 60GB harður diskur (5 tímar í Full HD) • Þrjár 1/5" upptökuflögur • 2,8" LCD breiðskjár • Tekur SD/SDHC kort • 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom • Innbyggð kyrrmyndavél • Inngangur fyrir míkrafón • Titringsdeyfir • USB 2.0, HDMI, FireWire, Component, SVHS og Composite útg. • Stærð (bxhxd): 9,1x7,7x18,6sm

**Raðgr.** Verð á mánuði í 24 mán. **1.778 kr.**
Stgr.verð 29.989



## Heimabíó

**Samsung HTX20**
600w heimabíósett • Fjölkerfa DVD DivX spilari • 5 hátalarar • Bassabox • FM útvarp • Dolby Pro Logic II • Dolby Digital • DTS • Surround • Tónjafnari • USB • SCART • Component vídeó útg. • Composite vídeó útg. • Audio inng. ofl.

*Gildir fyrir þriggja mynda DVD pakkningar!

MAX RAFTÆKI

**Opið til kl. 22 í kvöld**

*Tilboðin gilda til 19. 03. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# Gæðastýring, landnotkun og sauðfé

**UMRÆÐAN**
Landbúnaður


SIGURÐUR EYÞÓRSSON

Sauðkindin hefur verið hluti af lífi íslensku þjóðarinnar allt frá því að land byggðist en segja má að ræktun hennar hafi tekið hvað mestum breytingum á síðustu árum. Búum í sauðfjárrækt hefur fækkað og þau stækkað nokkuð. Þau eru nú rúmlega 1.800, en þá eru talin bæði þau sem stunda sauðfjárrækt eingöngu og þar sem hún er stunduð með öðrum búgreinum. Fé hefur jafnframt fækkað og vetrarfóðraðar kindur eru nú 455 þúsund. Framleiðsla á kindakjöti hefur þó haldist að mestu óbreytt þar sem afurðir eftir hverja kind hafa aukist á móti. Jafnframt hafa gæði afurðanna aukist gríðarlega á skömmum tíma en hlutfall lambakjöts sem lendir í tveimur efstu gæðaflokkum þess hefur fimmfaldast frá 1999 og er nú tæpur fjórðungur.

Árið 2003 hófst gæðastýring í sauðfjárrækt. Í henni felst að þeir sem taka þátt í henni vinna eftir ákveðnum aðferðum við framleiðsluna. Í þeim felast meðal annars kröfur um aðbúnað og umhverfi sauðfjár, skýrsluhald, jarðrækt, fóðrun, heilsufar, lyfjanotkun, afurðir, landnýtingu og fleira. 71% sauðfjárbænda hefur nú fengið framleiðslu sína samþykkta sem gæðastýrða og sú tala fer sífellt hækkandi. Þessi 71% af búunum standa þó fyrir 85% af framleiðslunni. Þau bú sem ekki eru með eru því flest í minna lagi.

Þeir sem taka þátt í gæðastýringu þurfa að halda viðurkenndar skýrslur um sinn fjárstofn og afurðir hans, skrá alla fóðuröflun, notkun á tilbúnum áburði og lyfjum. Að auki þurfa þeir, eins og allir aðrir sauðfjárbændur, að einstaklingsmerkja allan sinn bústofn þannig að hver gripur er rekjanlegur. Allir sauðfjárbændur þurfa jafnframt að tryggja fénu góðan aðbúnað skv. sérstakri reglugerð þar um.

Stærsti þátturinn í gæðastýringunni eru þó reglur um landnýtingu. Í reglugerð eru settar ákveðnar reglur um landnotkun þannig að ekki er heimilt að nýta land til sauðfjárræktar nema landið þoli það skv. mati viðurkenndra fagaðila. Landgræðslan hefur hingað til séð um að meta það hjá bændum hvort landið þolir þá beit sem áætluð er. Þetta gildir bæði um þau lönd sem bændur eiga eða ráða sjálfir og líka um sameiginleg lönd eins og afrétti. Sé landið ekki í nægilega góðu ástandi verður að gera tímasetta og skilgreinda landbótaáætlun um úrbætur. Á fræðaþingi landbúnaðarins í febrúar sl. fjallaði Gústav Ásbjörnsson hjá Landgræðslunni um stöðu þessara mála. Þar kom fram að 90% þátttakenda í gæðastýringu í sauðfjárrækt stóðust mat Landgræðslunnar á landnotkun án athugasemda. 9,7% í viðbót höfðu gert landbótaáætlun en 0,3% stóðust ekki kröfurnar. Mikið starf er unnið skv. landbótaáætlununum. Sem dæmi má nefna kom fram í máli Gústavs að sumarið 2007 unnu framleiðendur með gildandi landbótaáætlanir að uppgræðslu um 4000 hektara lands.

Fyrir utan þetta starfrækir Landgræðslan verkefnið „Bændur græða landið“ þar sem 650 bændur um land allt vinna að uppgræðslu í samstarfi við stofnunina. Áætlað er að þessi hópur bænda hafi unnið að uppgræðslu á rúmlega 6000 ha lands á árinu 2006. Í fréttabréfi Landgræðslunnar um verkefnið árið 2007 segir m.a.: „Bændur hafa verið einstaklega samvinnufúsir, tekið vel á móti starfsmönnum og sýnt verkinu áhuga og skilning.“

Sauðfjárbændur leggja því mikla áherslu á ábyrga nýtingu lands í samstarfi við fagaðila á þessu sviði enda er landið sameiginleg auðlind okkar allra. Hver kynslóð bænda og í raun landsmanna allra þarf að skila því til næstu kynslóðar í betra ástandi en hún tók við því.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.*

# *Grjóti kastað úr glerhúsi*

**UMRÆÐAN**
Fjölmiðlar


ÓTTARR GUÐLAUGSSON

Það vakti athygli mína að ríkissjónvarpið þurfti þrisvar sinnum á nokkrum dögum að leiðrétta og biðjast afsökunar á rangfærslum um Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, oddvita Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn. Fyrst var það Kastljósið sem hélt því fram að hann hefði orðið tvísaga um kaupréttarsamninga starfsmanna Orkuveitunnar. Það var rangt og beðist velvirðingar á því. Nokkrum dögum síðar var Vilhjálmur sakaður um að segja ósatt. Þá birtist í aðalfréttatíma Ríkissjónvarpsins frétt um að Vilhjálmur hefði ekki haft formlegt álit frá borgarlögmanni um lögmæti eigendafundar Orkuveitunnar eins og hann hefði haldið fram í útvarpsviðtali í október.

Vilhjálmur hélt aldrei slíku fram og bað fréttastofan velvirðingar á því.

Leiðréttingin var birt inni í fréttatímanum daginn eftir, en á rangfærslunni hafði verið hamrað fjórum sinnum daginn áður því hún var eitt af því helsta sem var í fréttum. Og nú fyrir nokkrum dögum hélt fréttastofa Ríkissjónvarpsins því fram í fyrstu frétt að Vilhjálmur hefði ekki mætt á borgarstjórnarfund þann daginn. Mikið var gert úr því, þetta koma fram í inngangi fréttar þar sem fréttaþulur, Páll Magnússon, spurði fréttamann sem var staddur í Ráðhúsinu hvers vegna Vilhjálmur hefði verið fjarverandi.

Þessi fullyrðing var hins vegar röng því Vilhjálmur var á fundinum. Þessi rangfærsla var síðan leiðrétt í seinni fréttum Sjónvarpsins sem hafa mun minna áhorf en aðalfréttatíminn samkvæmt skoðanakönnunum. Það hlýtur að vera einstakt að svona komi upp þrisvar sinnum gagnvart sama manninum á örfáum dögum og það á ríkismiðli sem ávallt hefur lagt mikið upp úr trausti almennings á að farið sé rétt með.

Skattgreiðendur eiga heimtingu á því að ríkisfjölmiðlar vandi umfjöllun sína og geri ekki svona alvarleg mistök.

*Höfundur er viðskiptastjóri.*


www.ellingsen.is




TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

**Verðlækkun**
**á Aliner 2007**

**Nú bjóðum við ótrúlegt verð á nokkrum Aliner 2007.**
**Um er að ræða lítilsháttar útlitsgölluð hýsi sem seljast í því ástandi.**
**Fyrstur kemur, fyrstur fær!**

**Staðalbúnaður**

- Fullbúin eldhúsinnrétting
- 3 gashellur
- Ryðfrír vaskur með 12 V dælu
- 1 rúmgott svefnrými f. 3–4
- Tommu þykkar lúxusdýnur
- 2–4 loftljós, gluggatjöld
- Borðkrókur sem má breyta í aukasvefnaðstöðu
- Skápar
- Hirslur
- Sjálfvirk hitamiðstöð
- 40 lítra vatnstankur
- 4 jafnvægistjakkar
- Beislishjól
- Varadekk með festingu og hlíf
- Felgulykill
- Útiljós
- 220 V rafmagn, með 220 V innstungum inni í vagni
- 115 A rafgeymir í rafgeymakassa með 12 V tengingum
- Truma-miðstöðvarkerfi
- Innbyggt gasviðvörunarkerfi
- Bremsubúnaður með bremsuheila
- 50 mm evrópskt kúlutengi og löglegur ljósabúnaður




**Aliner Expedition**
Heildarlengd 5,50 m
Heildarbreidd 2,00 m
Eigin þyngd 533 kg
Heildarþyngd 1097 kg
Svefnpláss 4
Listaverð 1.790.000 kr.
**Nú 1.395.000**
Bjóðum allt að 80% lán

**Aliner Sofa Bed**
Heildarlengd 4,60 m
Heildarbreidd 2,00 m
Eigin þyngd 453 kg
Heildarþyngd 836 kg
Svefnpláss 4
Listaverð 1.650.000 kr.
**Nú 1.345.000**

**ATH!**
**OPIÐ Í FERÐAVAGNADEILD TIL 22 FIMMTUDAG**

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 10–18, laugardaga 10–16

# Lýðræði er dónalegt

**UMRÆÐAN**
Meiðyrðadómur


HAUKUR MÁR HELGASON

Kristján Kristinsson, öryggis- og umhverfisfulltrúi Landsvirkjunar við Kárahnjúka, skrifaði í Fréttablaðið 8. mars og lét að því liggja að ég hefði ýjað að því að Impregilo, stærsti verktakinn á Kárahnjúkum, ætti einhvern þátt í andláti fimm manna sem létust við störf þar. Slíkt hvarflaði ekki að mér og stendur heldur ekki skrifað í greinina sem hann Kristján var að svara. Það vorum við öll sem ákváðum að efnahagslegur ábati virkjunarinnar væri þess virði sem til yrði kostað án þess að það væri allt fyllilega fyrirsjáanlegt. Eins og Kristján orðar það sjálfur í skýrslu á vef Landsvirkjunar frá 2005: „Allir eru af vilja gerðir til að reyna að koma í veg fyrir að starfsmenn á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka slasist við vinnu sína. Aðstæður þarna eru hins vegar þannig að óumflýjanlegt er að einhver óhöpp og slys eigi sér stað þrátt fyrir markvissar og öflugar forvarnir.“ Þetta mátti öllum vera ljóst og þess vegna eru ávirðingar Kristjáns smekklausar, svo ég noti orðfæri hans sjálfs.

Ómar R. Valdimarsson, upplýsingafulltrúi Impregilo, gerðist hins vegar svo ónærgætinn að ýja að því, í góðu gríni við fjölmiðlafólk, að veikindi tuga erlendra starfsmanna við framkvæmdirnar á Kárahnjúkum væru helst óþrifnaði starfsmannanna að kenna. Slík ummæli þættu réttlæta viðurnefnið „rasisti“ í ýmsum löndum sem Ísland ber sig saman við. Rasisti er dónalegt viðurnefni og í því felst dómur, en í því felst líka greining. Ég nefndi að mér þætti „stéttahyggja“ eða „stéttafordómar“ frekar lýsandi í þessu tilfelli en rasismi. Báðir þættir spila þó inn í, enda hefur fulltrúi íslenskrar útgerðar trúlega aldrei látið viðlíka ummæli falla um íslenska sjómenn, hvað þá á mannskaðavertíð. Nú hefur héraðsdómur dæmt mann til býsna hárrar fjársektar fyrir að nefna þetta.

Það vill vera svo að gagnrýni á ástand samfélags er liðin svo fremi sem fjallað er almennt um ástandið en einstök dæmi ekki tínd til, einstakir menn ekki nefndir. Að nefna einstök dæmi felur líka í sér dónaskap – en án einstöku dæmanna finnur gagnrýni heldur enga viðspyrnu. Hér á landi var, fram á níunda áratuginn, farið eftir svo strangri meiðyrðalöggjöf að ritstjórar vinstri dagblaðanna gátu sig varla hrært án þess að vera kærðir – enda var þá bannað, með lögum, að láta „óviðurkvæmileg“ orð falla um opinbera embættismenn, eins þó að þau væru sönn og sannanleg. Þau mál breyttust öll nokkuð eftir að Sigmund var dæmdur fyrir skopmynd sem hann teiknaði og Morgunblaðið birti. Síðan lögðu vinstri blöðin sig niður. Nú hjúfrar nýtt valdaskipulag býsna þægilega um sig á Íslandi. Það mun, vitaskuld, verja hagsmuni sína af hörku og leikni. En það er misskilningur að fyrirtæki séu svo einráð á landinu að fulltrúar þeirra geti í slagtogi við dómstóla stöðvað lýðræðislega umræðu með því að banna beitingu á lykilhugtökum pólitískrar gagnrýni. Það má vera reiður og það má vera ókurteis. Þetta sem er nú uppnefnt dónaskapur er hjarta lýðræðisins. Allir vita hvað hjörtu gera.

*Höfundur er heimspekingur.*

# Lækkun tekjuskatts fyrirtækja

**UMRÆÐAN**
Skattamál


TEITUR BJÖRN EINARSSON


HALLDÓR BENJAMÍN ÞORBERGSSON

Nýlega kynnti ríkisstjórnin tillögur sínar um að lækka tekjuskatt á fyrirtæki úr 18% og niður í 15%. Fyrirhuguð skattalækkun er hluti af ráðstöfunum ríkisvaldsins til að liðka fyrir gerð kjarasamninga milli atvinnurekenda og launþega sem undirritaðir voru fyrir skömmu. Fagna ber áætlunum um lægri tekjuskatt á fyrirtæki. Lægri skattar auka arðsemi fyrirtækja sem skilar sér í auknum umsvifum og stærri skattstofni ríkisins í fyllingu tímans. Auk þess tryggja frekari skattalækkanir aukna samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og opinbera staðfestu ríkisstjórnarinnar að ganga lengra í umbótum á skattkerfinu en aðrar þjóðir innan OECD.

Stjórn SUS samþykkti nýverið ályktun þar sem skattalækkunum var fagnað en um leið gerðar alvarlegar athugasemdir við breytingar á útreikningi bóta og annarra tekjutilfærsluliða. Ungir sjálfstæðismenn hafa lengi barist fyrir lækkun skatta og einfaldara skattkerfi og lagt áherslu á að skattheimta sé notuð til tekjuöflunar fyrir hið opinbera en ekki til tekjujöfnunar. Heillavænlegast væri fyrir almenning og fyrirtæki að tekin yrði upp lágur flatur skattur á einstaklinga og á fyrirtæki. Þannig verður skattkerfið skilvirkara og gagnsærra en aðalatriði er að almenn velmegun eykst í þjóðfélaginu. Áherslan á einfalt skattkerfi á að vera markmið til framtíðar enda grunnforsenda að skattgreiðendur skilji hvernig ríkið heimtir af þeim skatta.

Í boðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar er því miður að finna atriði sem ganga þvert á þessa stefnu, t.d. auknar greiðslur úr ríkissjóði í formi bóta og styrkja. Slíkar úthlutanir í gegnum skattkerfið eru líklegar til að flækja kerfið og gera það óréttlátara. Best væri ef bótakerfið stæði fyrir utan skattkerfið og miðaðist við að hjálpa þeim sem á þurfa að halda en ekki vera notað til að jafna tekjur milli einstaklinga í samfélaginu. Ríkisstjórnin hefði betur kynnt hvernig hún hefði hugsað sér að lækka tekjuskattsprósentu á einstaklinga og færa hana nær skattheimtu á fyrirtæki.

Þá er eðlilegt að gjalda varhug við því hvernig ríkisvaldið blandar sér í gerð kjarasamninga á frjálsum vinnumarkaði og tekur beinan þátt í að liðka fyrir gerð þeirra með aðgerðum sem flækja skattkerfið. Nefna má að það var vegna kröfu frá verkalýðsforystunni sem síðasta ríkisstjórn hætti við 1% lækkun tekjuskatts. Umhugsunarefni er að í kröfugerð verkalýðsforystunnar um kaup og kjör fylgja iðulega kröfur um lagabreytingar sem varða samfélagið allt en ekki bara umbjóðendur þeirra.

Hvað sem því líður er ástæða til að hrósa aðilum vinnumarkaðarins fyrir skynsamlega kjarasamninga og samþykkja að hækka lægstu laun án þess að stefna kaupmætti launa eða stöðugleika á vinnumarkaði í hættu. Að sama skapi verður gerð sú krafa til hins opinbera að ríki og sveitarfélög sýni sams konar skynsemi við gerð launasamninga við opinbera starfsmenn. Það væri til að æra óstöðugan ef launasamningar ríkisstarfsmanna væru úr takti við nýgerða kjarasamninga. Það er atvinnulífið sem dregur velferðarvagninn en ekki öfugt og miðað við ástand efnahagsmála er nauðsyn að hið opinbera sýni mikið aðhald í rekstri og fjárfestingum.

*Höfundar eru stjórnarmenn í SUS.*




# Þjóðrækni eða sjálfbærni?

**UMRÆÐAN**
Fæðuöryggi Íslands


SIGURÐUR MAGNÚSSON

Eigum við að velja íslenskar landbúnaðarafurðir vegna hollustu þeirra eða hollustu okkar við íslenska framleiðslu? Á nýafstöðnu búnaðarþingi fjallaði forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, um hversu mikilvægt það væri að við Íslendingar byggjum við fæðuöryggi. Hugtakið fæðuöryggi er þýðing á enska hugtakinu „Food security“ og vísar til þess að samfélag hafi aðgang að nægum matvælum, að við sem þjóð séum sjálfum okkur næg er varðar matvælaframleiðslu. Það getur líka þýtt að við höfum aðgang að mörkuðum sem tryggja okkur nægt framboð matvæla.

En er það svo tryggt að viðskipti við aðrar þjóðir veiti okkur þetta fæðuöryggi? Það kann að vera að afnám tolla og viðskiptasamningar geri okkur sem neytendum kleift að nálgast ódýrari matvöru. Staðan er þó sú að samkeppnin í heiminum um matvæli fer harðnandi. Stórar þjóðir eru líka farnar að flytja inn matvæli, áburð og kjarnfóður í stórum stíl. Þetta hefur valdið hækkandi heimsmarkaðsverði sem bitnar jafnt á erlendum bændum sem íslenskum. Allt útlit fyrir áframhaldandi hækkun á matvælaverði í heiminum.

### Sérstaða íslensks landbúnaðar

Íslenskur landbúnaður státar sig af hreinleika og sjálfbærni. Við höfum hreint vatn, hreint loft og notkun eiturefna er í minni mæli en hjá mörgum öðrum þjóðum. Það eru lífsgæði sem hafa ber í huga þegar innlend matvælaframleiðsla er borin saman við innflutt matvæli. Það leiðir hugann að hugtakinu matvælaöryggi eða „Food safety“, en það felur í sér að matvæli séu örugg, heilnæm, laus við eiturefni og óheilnæm aðskotaefni. Komið er inn á kröfuna um rekjanleika og innihaldslýsingu, að neytandinn sé upplýstur um hvernig vöru hann er að kaupa. Eitthvað af matvöru sem kemur erlendis frá skortir merkingar um innihald. Íslenskar landbúnaðarvörur eru ekki undanskildar þessari kröfu. Stór hluti af því kjarnfóðri sem flutt er til landsins er erfðabreyttur án þess að þess sé nokkurs staðar getið í innihaldslýsingu fóðurs og því síður á búfjárafurðum sem framleiddar eru með slíku fóðri. Við verðum í ljósi matvælaöryggis og neytendaverndar að eiga innistæðu fyrir yfirlýsingum um hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu.

### Vandi matvælaframleiðslu

Frjósemi um 40% ræktunarlands í heiminum hefur rýrnað verulega á hálfri öld. Þó að kornuppskera hafi aukist allt frá 7. áratug síðustu aldar hefur uppskera á hvern hektara ekki aukist þrátt fyrir aukna áburðargjöf. Ástæður geta verið margar en sú helsta er að lífræn efni í jarðvegi hafa minnkað vegna notkunar á tilbúnum áburði, einhæfrar ræktunar og vegna þess að lífræn efni skila sér ekki til baka eftir uppskeru (eru oft brennd eða fjarlægð af landinu).

### Er lífræn ræktun svarið?

Sú þróun sem átt hefur sér stað í landbúnaði hér á landi og annars staðar í heiminum, að stækka bú og fækka þeim, hefur gert það að verkum að búin verða stöðugt háðari aðföngum s.s. kjarnfóðri og áburði. Þetta á sérstaklega við um svína- og alifuglaframleiðslu og einnig í mjólkurframleiðslu. Þessar greinar eru því viðkvæmari fyrir hækkunum á þessum aðföngum.

*Við verðum í ljósi matvælaöryggis og neytendaverndar að eiga innistæðu fyrir yfirlýsingum um hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu.*

Í ljósi hækkunar á tilbúnum áburði hljóta að liggja tækifæri í lífrænum landbúnaði sem ekki er eins háður aðföngum og hækkun á þeim. Það ásamt því að lífræn ræktun fer betur með jarðveg leiðir hugann að því hvort ekki sé tími til kominn að stjórnvöld komi til móts við og styrki þá bændur sem eru í lífrænum búskap eða hafa hug á honum. Sá tími sem fer í aðlögun og bið eftir því að ræktunarlandið hljóti vottun fælir einhverja frá því að hefja lífræna ræktun án stuðnings stjórnvalda því bændur verða fyrir tekjutapi þennan tíma. Íslenskur landbúnaður hefur alla burði til að framleiða lífræna og vottaða vöru, því ólíkt löndunum í kring um okkur eru ytri aðstæður, svo sem hreint vatn og jarðvegur, hagstæðari þeim sem vilja hefja lífrænan búskap.

Ef ekki væri fyrir þrautseigju og dugnað framleiðendanna sem hér stunda lífræna framleiðslu, starf landsráðunautar í lífrænni ræktun og þróunarstarf vottunarstofunnar Túns, sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, væri staða lífræns landbúnaðar jafnvel enn verr sett. Neytendur eru líka að vakna til vitundar um holla vöru vottaða og upprunamerkta. Það ætti því að vera hagur bænda og neytenda að þessi grein landbúnaðarins njóti sama stuðnings og hefðbundinn búskapur.

*Höfundur er ritari Matvæla- og veitingafélags Íslands. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.*

# Hættan vex á íbúðalánamarkaði

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál


RAGNAR ÖNUNDARSON

Bernanke seðlabankastjóri í BNA hefur lagt fram drög að reglum sem takmarka framandi og dýr lán til fólks umfram greiðslugetu. Þær eiga að taka gildi eftir mánuð. Miklar skuldir fólks fylgja ofmati eigna og valda áhættu. Lánaþensla hófst síðla árs 2004. Veitt voru 90-100% lán til 40 ára.

Flestir bankar öfluðu fjár á móti til aðeins 5 ára. Stutt lán eru á lægri vöxtum, það jók vaxtamuninn og kaupréttina. Bankinn áskilur sér hækkun vaxta eftir 5 ár. Bankar eru með hundruð milljarða í íbúðalánum. Vextir fyrstu lánanna endurskoðast síðla árs 2009 og svo áfram. Hverjir verða vextir á markaði þá? Þeim verður velt yfir á heimilin. Algeng fyrstu íbúðakaup nema 22,5 m.kr. og 80% jafngreiðslulán er 18 m.kr. til 40 ára. Vextir voru 4,15% 2004 og mánaðarleg greiðsla 85.169 kr. Ef miðað er við vexti Íbúðalánasjóðs nú 5,76% fer greiðslan í 95.585 kr.

Segjum að vextir hækki ekki frekar. Af þessu láni þarf þá að greiða um 125 þús. kr. meira á ári hverju í a.m.k. 5 ár og e.t.v. lengur, jafnvel í 35 ár. Það væru 4,4 m.kr. Þar sem sá kostnaður dreifist á framtíðina þarf að reikna hann til núvirðis. Sé það gert með þeim 5.76% vöxtum sem nú gilda fæst núvirðið 1,9 m.kr. Það yrði tap lánþegans á hækkuninni og rýrir hreina eign hans sem var 5 m.kr. skyndilega um 8,4% af verði hennar. En hann þolir þetta.

**Skuldadrifið verðfall**

Nú kreppir að. Kaupmáttur rýrnar þá oftast um 5-6% 3 ár í röð. Útlendingar sitja í störfum sínum, atvinna og yfirvinna minnkar og borgað er eftir töxtum. Verði ekki frekari hækkun vaxta og hafi lántaki ekki tekið önnur lán og haldi hann vinnunni, heilsunni og kjarkinum kann hann að þrauka, aðþrengdur. En hvað ef vextir hækka enn, t.d. um önnur 1,6%. Þá er greiðslubyrðin orðin 250 þús. kr. hærri á ári og kaupmáttur hefur rýrnað um 15-18%. Um fjórðungur hreinna tekna margra heimila hverfur.

Flestir eru með fleiri lán. Fólk sem hefur teflt á tæpt vað tekur nú til varna og reynir að selja, jafnvel með einhverju tapi, í von um að ná að verjast, því 17% verðrýrnun er yfirvofandi. Margir reyna þetta á sama tíma. Það verður verðfall sem enginn veit hvar endar. Sú endurskoðun vaxta sem hefjast mun á næsta ári er varasöm vegna þess fjölda og þeirra fjárhæða sem um er að ræða.

Bankar mæta líka áhættu. Verðmæti veða rýrnar, útlán tapast og þar með lækkar eigið fé þeirra. Það hefur ekki orðið verðfall hér á landi, en það varð víða í síðustu lægð, m.a. í Skandinavíu. Í Noregi misstu eigendur banka þá úr höndum sér. Hlutabréfin urðu verðlítil og ríkið þjóðnýtti þá. Að verða gjaldþrota er að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Banki sem tekur hundruð milljarða að láni til 5 ára og endurlánar til 40 ára setur sig í mikla áhættu.

Ástand á mörkuðum kann að versna og vextir geta hækkað, jafnvel svo að hann nái ekki að endurfjármagna sig. Flestir tengja Kreppuna miklu við verðfall á hlutabréfum 1929. Það var ekki fyrr en 1931 að fasteignir féllu í verði og þá stóð fólk í biðröðum fyrir utan banka í von um að ná fé sínu. Áhrif verðfalls veða eru miklu meiri en verðfalls hlutabréfa. Óvíst er að unnt sé að verja banka með hækkun vaxta á tímum ofmats, það kann að leiða til verðfalls og útlánatapa.

**Stjórnvöld bregðist við**

Skuldadrifið verðfall húsnæðis er þegar hafið í BNA. Vaxtahækkanir ollu því. Seðlabanki BNA hefur virkjað alla sína 12 undirbanka til stórfellds og fjölþætts átaks meðal allra þeirra sem veita íbúðalán í þessu 300 milljón manna landi, til að koma í veg fyrir eða lágmarka örþrif. Íslensk stjórnvöld ættu að bregðast við. Stofna vinnuhóp sérfróðra sem fari yfir ástandið og geri tillögur um viðbrögð. Átakið sem nú er hafið í BNA til að afstýra óhöppum er gott fordæmi.

Ef harðnar í ári þarf Íbúðalánasjóður að vera til staðar fyrir fólkið í landinu. Hann getur gert fólki tilboð um yfirtöku íbúðalána banka, gangi þeir vopnum sínum framar í hækkunum. Eins munu lífeyrissjóðir vilja taka þátt, þeir eru til fyrir félagsmenn sína.

*Höfundur er viðskiptafræðingur, bankamaður og fjármálaráðgjafi.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Niðurskurður á Suðurnesjum

**Erlingur Jónsson, formaður forvarnarfélagsins Lundar, skrifar:**

Eins og ástandið er í fíkniefnamálum hér á Suðurnesjum í dag, þá líst mér ekki á þær afleiðingar sem það hefur í för með sér að skerða löggæsluna og tollgæsluna og minnka þar með eftirlitið með bæði innflutningi og öðru tengt sölu og neyslu. Hjá forvarnarfélaginu Lundi er stanslaust verið að biðja um aðstoð um að komast í ráðgjöf og meðferð. Við erum því miður bara með opið hér einu sinni í viku eins og staðan er í dag, en það mun verða bót á því með nýju húsnæði. Þó svo að ég sé í símanum alla daga og reyni að gera mitt besta en það er því miður bara ekki nóg. Það þarf frekar viðbót en skerðingu. Þörfin er svo gríðarlega mikil, og að ekki skuli einu sinni vera pláss inni á Vogi, er heldur ekki gott þar sem þeir anna ekki þeim fjölda sem þarf að komast þangað. Er það einnig vegna fjárskorts. Það er ekki skemmtilegt að þurfa að segja við fólkið, því miður er þetta bara svona, þú verður bara að bíða og koma seinna. Með niðurskurði á fjármagni til lögreglustjóraembættisins á Suðurnesjum eykst neyslan og allar þær hörmungar sem því fylgir. Held að það gleymist oft að skoða allan þann kostnað sem fylgir því að hafa fólk í neyslu og allan skaða sem því fylgir, s.s innbrot, skemmdir, tryggingar, gjaldþrot aðstandenda, sjúkrakostnað, örorkubætur, atvinnuleysisbætur og fleira og fleira. Lundur skorar á dómsmálaráðuneytið að endurskoða hug sinn áður illa fer.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta greinar og til að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






†

*Ástkær móðir okkar, tengdamótir, amma, langamma og langalangamma,*

## Sveinbjörg Ásgrímsdóttir

frá Fáskrúðsfirði, Hjallaseli 55, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu, Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, föstudaginn 7. mars sl. Sveinbjörg verður jarðsungin mánudaginn 17. mars nk. kl. 13.00 frá Seljakirkju.

**Björg Benediktsdóttir**
**Viggó Benediktsson**
**Petra Jakobsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

## Hulda Jónsdóttir

sjúkraliði, Lágholti 19, Mosfellsbæ,

andaðist á heimili sínu sunnudaginn 9. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Þráinn Þorsteinsson**
**Fjalar Þráinsson**
**Svanlaug Ída Þráinsdóttir** **Árni Valur Sólonsson**
**Berglind Jóna Þráinsdóttir** **Jón Emil Magnússon**
**og barnabörn.**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og hjálpsemi við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, afa míns, sonar, bróður og mágs,*

## Andrésar Sævars Guðmundssonar

Engjahlíð 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til Krafts, Samtaka ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein, VR, Hafnarfjarðarbæjar og annarra aðstandanda fyrir alla aðstoð.

**Leonila Hife Guðmundsson**
**Hanna Bára Andrésdóttir**
**Alexander Freyr Örvarsson**
**Rakel Ólöf Andrésdóttir**
**Erla Bára Andrésdóttir** **Reynir Þorkelsson**
**Guðmundur L. Hafliðason**
**Ólöf Björg Guðmundsdóttir** **Hlöðver Smári Haraldsson**
**Sigurður Már Guðmundsson** **Eyrún Ragnarsdóttir**
**Reynir Ragnarsson**
**Ragnar Óli Ragnarsson** **Jórunn Halldórsdóttir**
**Gísli Þór Ragnarsson** **Sæunn Siggadóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar,*

## Ingibjörg Gísladóttir

Árskógum 6,

lést að morgni miðvikudagsins 12. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Hrefna Elenora Leifsdóttir**
**Heiða Kolbrún Leifsdóttir**
**Auður Leifsdóttir**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

## Elías Valgeirsson

fyrrverandi rafveitustjóri í Ólafsvík,

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju föstudaginn 14. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, félag hjartveikra barna, s. 552 5744.

**Magdalena Sigríður Elíasdóttir** **Theódór Marínósson**
**Sigurður Rúnar Elíasson** **Edda Sveinbjörnsdóttir**
**Valdimar Elíasson** **Hong Shen**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Árný Guðríður Enoksdóttir

Suðurhóp 1, Grindavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð miðvikudaginn 5. mars. Verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju laugardaginn 15. mars kl. 10.30.

**Þorsteinn Guðmundsson**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Þorvaldur Guðmundsson**
**Birgir Ingi Guðmundsson**
**Þórlaug Guðmundsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæri*

## Jónas G. Sigurðsson

frá Brekkum í Holtum, Lækjarbraut 2, Rauðalæk,

sem andaðist á heimili sínu þann 6. mars sl., verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju í Holtum laugardaginn 15. mars nk. kl. 14.00.

**Guðný A. Hammer**
**Sigríður S. Jónasdóttir** **Flosi Ólafsson**
**Ragnheiður Jónasdóttir**
**Sigurður Jónasson Ásdís** **Guðrún Jónsdóttir**
**Herdís R. Þorgeirsdóttir** **Davíð B. Sigurðsson**
**Kristjana Sigurðardóttir** **Gunnlaugur Gunnlaugsson**
**Herdís Albertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

## Rögnvaldar Ó. Johnsen

Háteigsvegi 12, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsmanna heimahjúkrunar og starfsmanna á deild 7B, Landspítalanum í Fossvogi.

**Dóra Johnsen**
**Ástríður Johnsen**
**Gunnar V. Johnsen** **Bergþóra Sigmundsdóttir**
**Guðni Ingi Johnsen** **Helga Sæmundsdóttir**
**Inga Dóra Sigvaldadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, dóttir, systir, frænka, barnabarn og mágkona,*

## Álfhildur Guðbjartsdóttir

Fjarðarstræti 7, Ísafirði,

andaðist á heimili sínu laugardaginn 8. mars. Jarðarförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 15. mars kl. 14.00.

**Sigríður Elsa Sigurðardóttir**
**Stefán Bragi Ágústsson**
**Birta Dögg Guðnadóttir**
**Sigríður I. Karlsdóttir**
**Guðbjartur K. Ástþórsson**
**Margrét K. Guðbjartsdóttir** **Hjálmar Þorvaldsson**
**Ástþór Guðbjartsson**
**Kristjana Hjartardóttir**
**Karl K. Sigurðsson**
**Ástþór Guðnason**
**Þórunn Ingólfsdótir**
**Elías Andri Karlsson**
**Magnús Örn Hjálmarsson.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**WILLIAM MACY LEIKARI 58 ÁRA**

*„Reynsla mín í leikhúsi er mun áhrifameiri en sú reynsla sem ég hef af kvikmyndaleik.“*



***Bandaríski leikarinn William Macy hefur leikið í fjölda mynda. Þekktastar eru Boogie Nights, Fargo og Magnolia. Macy er kvæntur leikkonunni Felicity Huffman úr sjónvarpsþáttunum Aðþrengdum eiginkonum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**TIL Í SLAGINN** Eitt markmiða Einherja er að kynna sögu víkinganna og keppa við aðra víkinga á erlendri grundu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**EINHERJAR:** NÝSTOFNAÐ VÍKINGAFÉLAG

# Víkingaborgin

Víkingafélagið Einherjar var stofnað á dögunum í Reykjavík. Félagið er það fyrsta í borginni, en sambærileg félög eru til í Hafnarfirði og á Akranesi.

Gunnar Ólafsson er formaður hins nýja félags og þótti ásamt varaformanni, Sveini Hirti Guðfinnssyni, tími kominn til að Reykjavík eignaðist eigið víkingafélag.

„Markmiðið er fyrst og fremst að standa vörð um íslenska menningu og víkingaarfinn. Einnig stendur til að kynna íslenska víkingamenningu fyrir Íslendingum, erlendum ferðamönnum og í skólum,“ útskýrir Gunnar, sem segir félagið einnig vera skylmingafélag. „Einherjar ætla að senda sveit til Póllands á næstunni þar sem við ætlum að etja kappi við aðrar þjóðir. Þetta eru bæði einstaklings- og hópbardagar þar sem menn berjast af fullum krafti. Ekkert er gefið eftir og sá síðasti stendur uppi sem sigurvegari,“ segir Gunnar, sem stefnir á að koma heim með bikar frá Póllandi. Stofnmeðlimir eru 26 og að sögn Gunnars er fólk af báðum kynjum og á öllum aldri velkomið. Hann segir stofnfélaga koma víða að úr samfélaginu og stefnt sé á enn stærra félag.

„Við viljum fara í samstarf við borgina og kveikja áhuga á víkingamenningunni. Hér eru miklir möguleikar, sérstaklega varðandi ferðaþjónustuna. Þar erum við tilbúin að leggja okkar af mörkum og vonum að borgaryfirvöld í Reykjavík hugsi eins,“ útskýrir Gunnar og heldur áfram: „Í framtíðinni viljum við halda alþjóðlega víkingahátíð í Reykjavík. Áhuginn fyrir því er ekki aðeins á Íslandi heldur víðar og nú er kjörið tækifæri til að láta til skarar skríða og lyfta um leið upp menningunni,“ segir Gunnar. Félagið heldur úti bloggsíðu sem hefur verið fjölsótt síðustu daga og segir Gunnar það ánægjulegt merki um áhuga almennings á félaginu. Sjá nánari upplýsingar á: http://einherjar.blog.is/blog/einherjar/about/ **mikael@frettabladid.is**



†

*Ástkær systir mín og föðursystir okkar,*

## Jórunn Ásta Guðmundsdóttir

frá Siglufirði, áður Sléttuvegi 11,

sem lést á Droplaugarstöðum þann 8. mars, verður jarðsungin frá Grensáskirkju mánudaginn 17. mars kl. 15.00.

**Hannes Guðmundsson**
**Ragnhildur Hannesdóttir**
**Gerður Hannesdóttir**
**Edda Hannesdóttir**
**Guðrún Hannesdóttir.**



# FLOTTIR STÓLAR

## OG GLÆSILEG HÚSGÖGN Í EGG · NÝJAR VÖRUR

KFF - Just stóll, grænt Sotega áklæði, krómaðir snúningsfætur



Barstóll, svart leður, fótur úr burstuðu stáli, stillanleg hæð 4200498 **13.900**



Barstóll, rautt leður, fótur úr burstuðu stáli, stillanleg hæð 4200499 **13.900**



Borðstofustóll - Julie, hvítlökkuð sessa og bak, krómaðir fætur 4201210 **7.900**



Borðstofustóll - Julie, svart leður í sessu og baki, krómaðir fætur 4201209 **9.900**



Borðstofustóll - Andrea, brúnt leður í setu og baki, leðurklæddir fætur 4201201 **16.900**



Borðstofustóll - Andrea, svart leður í setu og baki, leðurklæddir fætur 4201200 **16.900**



Stóll - Oval, rautt og svart leður, einnig fáanlegur í hvítu leðri, króm fótur, stillanleg hæð 4200492 / 493 / 494 **24.900**



Eldhússtóll, svart leðurlíki í setu og baki, krómaðir fætur 4200516 **8.900**



Borðstofustóll - Bohem, svart leðurlíki í setu og baki, klæddir fætur 4200157 **14.990**



Borðstofustóll - Bohem, hvítt leðurlíki í setu og baki, klæddir fætur 4200158 **14.990**



Borðstofustóll - Bohem, brúnt leðurlíki í setu og baki, klæddir fætur 4200159 **14.990**



Borðstofustóll - Shanghai, brúnt leður í setu og baki, eikarfætur 4200354 **14.900**



Borðstofustóll - hvítur/svartur - leðurlíki í setu og baki, burstað nikkel í grind 4200155 / 156 **14.990**



Borðstofustóll - Shanghai, svart leður í setu og baki, eikarfætur 4200354 **14.900**



Borðstofustóll með hnöppum, svart leðurlíki, eikarfætur 4200599 **14.990**

Innréttingar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG
SMÁRATORGI

EGG Smáratorgi Sími 525 3400 www.egg.is egg@egg.is Opið virka daga 10 - 18 Laugardaga 11 - 18 Sunnudaga 12 - 17



# MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTADEILD

Meistaranám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er fjölbreytt og krefjandi nám sem getur opnað þér dyr að margvíslegum starfstækifærum.

Viðskiptadeild HR hefur á að skipa sérlega öflugum hópi kennara frá 23 löndum, sem allir búa yfir mikilli fræðilegri þekkingu og hafa fjölþætta reynslu úr atvinnulífinu. Að auki er Háskólinn í Reykjavík með samstarfssamninga við yfir 100 háskóla um allan heim sem gefur nemendum möguleika á því að víkka sjóndeildarhringinn með því að stunda hluta námsins erlendis.

## MSc í alþjóðaviðskiptum

Námið byggir bæði á fræðilegum grunni og hagnýtri þekkingu á alþjóðaviðskiptum og fer kennsla fram á ensku. Uppbygging námsins miðar við reynslu margra bestu háskóla heims.

Allir nemendur dvelja erlendis eina önn þar sem þeir starfa fyrir íslensk fyrirtæki eða stunda nám við samstarfsháskóla HR. Flestir nemendur læra annað tungumál en ensku og eru fjögur tungumál í boði: Kínverska, spænska, franska og þýska.

Einnig er í boði að sérhæfa sig í alþjóðlegum markaðsfræðum.

## MSc í fjármálum

Námið er sérsniðið að þörfum fjármálafyrirtækja og framsækinna alþjóðlegra fyrirtækja. Hægt er að velja á milli tveggja lína.

Investment Management (MSIM): Ætlað þeim sem hyggjast starfa sem sérfræðingar á fjármálamarkaði, einkum við eignastýringu, markaðsviðskipti og fjárfestingar.

Corporate Finance: Hentar þeim sem hafa áhuga á að starfa sem fjármálastjórar eða stjórnendur fyrirtækja.

## MSc í reikningshaldi og endurskoðun

Námið er ætlað þeim sem vilja verða löggiltir endurskoðendur, eða hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar eða stjórnendur á sviði reikningshalds í fyrirtækjum. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir til ýmissa stjórnunarstarfa í atvinnulífinu, einkum hjá stórfyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi.

Námið er hægt að stunda sem fullt starf eða á minni hraða með annarri vinnu. Fyrri umsóknarfrestur er til 15. apríl, sá seinni 30. maí. Þeir sem sækja um fyrir fyrri frestinn eiga meiri möguleika.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# STUÐ MILLI STRÍÐA Brúnkusprautanir og bleikir g-strengir

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** LENTI Í SANNKÖLLUÐUM HARMLEIK



Ég er einn af þeim sem eru alltaf til í að prófa nýja hluti. Eins og um árið þegar ég ákvað að fara í brúnkusprautun til að hressa upp á útlitið og upplifði í staðinn niðurlægingu lífs míns.

Ég fór í tímann með óljósar hugmyndir um það sem beið mín. Hafði þó einhvers staðar lesið að fólk færi berrassað í klefa með sjálfvirkum búnaði sem frussaði brúnkuáburði á kroppinn þar til hann væri orðinn fallega brúnn og glansandi.

Það kom svolítið flatt upp á mig þegar engan klefa var að finna á stofunni, heldur lítið herbergi með skilvegg fyrir glugganum. Snyrtifræðingurinn varð ekki síður undrandi þegar ég spurði hvort ég sæist nokkuð nakinn út um gluggann og endurtók svo spurninguna eins og ég talaði eitthvert framandi tungumál.

Hún varð náföl þegar hún skildi loks inntak spurningarinnar; hentist fram en kom að vörmu spori með samanbrotna tusku og rétti mér dularfull með þeim orðum að kannski væri ráðlegast ef ég færi í hana.

Ég vissi þá ekki fyrr en ég stóð allt í einu með rosalegan g-streng í höndunum; neta-g-streng; með litla, ljósbleika slaufu á hvorri hlið.

Þá rann upp fyrir mér að fyrst þarna var enginn klefi, var auðvitað að enginn sjálfvirkur úðari. Konan var úðarinn, eða réttara sagt ætlaði hún að úða á mig og var pungpjötlunni ekki síður ætlað að hlífa blygðunarkennd vesalings konunnar heldur en djásnunum mínum.

Við gerðum þá samning. G-strengurinn fékk að fjúka en á móti lét ég mig hafa það að bretta boxerbuxurnar upp í bleyju og lét þannig úða á mig næsta korterið með lokuð augu, útréttar hendur og öndina í hálsinum, í von um að verða súkkulaðisætur þegar niðurlægingunni lyki.

Og ég var reyndar bara svolítið sexý þegar yfir lauk, þótt sebrarendurnar á rassinum hafi hins vegar ekkert verið rosalega æsandi.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# VIÐ RÆKTUM

## – silfur, gull og platinum




### ENIGA MENIGA

***– þú færð peninga!***

Allir sem eru ekki enn komnir með kort frá MasterCard fá **15.000 kr. ferðaávísun.** Við erum í ræktinni. **Vertu með.**

Þú þarft ekki að vera viðskiptavinur til að fá þér kortið. Allir eru velkomnir. Tilboð gildir til **31. mars.**

**Byggðu upp fjárhagslega hreysti þitt** með kreditkorti frá Byr: silfur-, gull- eða platinum.

Þú notar kreditkort frá Byr og myndar veltutengda inneign sem getur greitt árgjaldið niður í allt að 0 kr. Kynntu þér frábærar ferðatryggingar kortanna. Við ræktum sambandið og sendum þér SMS þegar þú hefur nýtt úttektarheimildina um 90 prósent. **Sniðugt!**

Komdu í ræktina með Byr. Njóttu þess að vera við góða fjárhagslega heilsu. Fáðu að vita allt um kreditkortin frá Byr: silfur-, gull- og platinum. Frítt árgjald fyrsta árið. **Hringdu. Komdu. Eða farðu á byr.is.**

ATH! Útlán eru háð lánareglum Byrs sparisjóðs.

**Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.**

BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is

**! Kl. 17.15**
*Bókasafn Kópavogs hefur undanfarið boðið upp á vikuleg erindi um ástina og er nú komið að því síðasta í bili. Óttar Guðmundsson geðlæknir mætir til leiks á bókasafnið í dag kl. 17.15 og fjallar um ástina og dauðann. Gert er ráð fyrir að erindi Óttars og umræður í kjölfar þess taki um klukkustund. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Sálumessa Brahms fyrir þá sem eftir lifa*

Eitt magnaðasta verk rómantíska tímans fyrir kór og hljómsveit verður flutt á Páskatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld. Hér er um að ræða Þýsku sálumessuna eftir Johannes Brahms. Verkið er einstakt í sinni röð þar sem Brahms notaði ekki hefðbundna sálumessutextann heldur raðaði saman ritningarstöðum sem honum þóttu til þess fallnir að gefa innblástur og huggun. „Þetta er sálumessa fyrir þá sem eftir lifa," sagði Brahms um verkið sem tryggði honum frægð um alla Evrópu.

Sinfóníunni til halds og trausts á tónleikunum eru Söngsveitin Fílharmónía og einsöngvararnir Dorthee Jansen frá Þýskalandi og Terje Stensvold frá Noregi.

Söngsveitin Fílharmónía hefur lengi verið í fremstu röð íslenskra kóra og hefur frá upphafi lagt áherslu á flutning viðamikilla sígildra kórverka með hljómsveit, enda stofnuð með slík verkefni í huga. Samstarf Sinfóníuhljómsveitarinnar og Söngsveitarinnar nær aftur til upphafsára kórsins og hefur gefið af sér fjölmarga eftirminnilega tónleika. Stjórnandi Söngsveitarinnar Fílharmóníu er Magnús Ragnarsson.

Auk sálumessunnar verður flutt hið magnaða verk Minnisvarði um Lidice eftir tékkneska tónskáldið Bohuslav Martinu, sem hann samdi til minningar um ódæðisverk nasista sem jöfnuðu þorpið Lidice við jörðu, myrtu karlmenn og fluttu konurnar í þrælabúðir, í hefndarskyni fyrir dráp andspyrnumanna á Reynhard Heydrich.

Stjórnandi á tónleikunum er Johannes Fritzsch, sem margir íslenskir tónlistarunnendur muna eftir af mögnuðum tónleikum á síðasta starfsári þar sem hann stjórnaði flutningi á 3. þætti Parsifal eftir Wagner.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30.

- vþ



**JÓHANNES BRAHMS** Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur eitt af hans helstu verkum á tónleikum í kvöld.

## Tvær sýningar renna sitt skeið

**Vert er að benda lesendum á tvær athyglisverðar leikhússýningar sem verða sýndar í síðasta sinn nú um helgina. Fyrst ber að nefna leikritið Halla og Kári sem sýnt hefur verið í Hafnarfjarðarleikhúsinu síðan í janúar og fengið frábærar viðtökur gagnrýnenda og áhorfenda.**

Halla og Kári er eftir Hávar Sigurjónsson og tekst á við íslenskan samtíma á djarfan og hnyttinn hátt. Leikstjóri verksins er Hilmar Jónsson og leikarar í sýningunni eru María Pálsdóttir, Erling Jóhannesson, Hjálmar Hjálmarsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Þorsteinn Bachmann. Tónlistina samdi enginn annar en Benedikt Hermann Hermannsson, betur þekktur sem Benni Hemm Hemm. Síðasta sýningin á Höllu og Kára fer fram annað kvöld.

Aðeins eru tvær sýningar eftir af Dans andi, sýningu Íslenska dansflokksins í Borgarleikhúsinu. Þær fara fram annað kvöld og á sunnudagskvöld. Sýningin hefur, ekki síður en Halla og Kári, fengið frábærar viðtökur hjá bæði áhorfendum og gagnrýnendum.

Dans andi samanstendur af tveimur mjög ólíkum verkum eftir tvo áhugaverðustu danshöfunda Norðurlanda, þá Jo Strömgren og Alexander Ekman. Norski dansleikhússnillingurinn Strömgren hefur aðlagað verk sitt, Kvart, að þörfum Íslenska dansflokksins. Merkir listamenn koma að uppsetningunni; Steinunn Sigurðardóttir, einn fremsti fatahönnuður okkar Íslendinga, gerir búningana við verkið og tónlistin er eftir finnska tónskáldið Kimmo Pohjonen sem hefur einnig unnið með Sigur Rós og Múm.

Svíinn Alexander Ekman frumsamdi verk fyrir dansflokkinn en Ekman er rísandi stjarna í hinum evrópska dansheimi. Verkið, Endastöð, er leikrænt, húmorískt og létt og er tónlistin úr ýmsum áttum.

Þeir sem vilja vera með á nótunum í menningarlífinu geta vart látið það spyrjast út um sig að hafa misst af þessum sýningum. Því er vart seinna vænna en að hafa samband við miðasölur Hafnarfjarðarleikhússins og Borgarleikhússins hið snarasta.

vigdis@frettabladid.is



**NORÐURLÖNDIN DANSA** Úr sýningu Íslenska dansflokksins, Dans andi.




## Hör, ull og hrosshár

Sýning á verkum Auðar Vésteinsdóttur myndlistarmanns verður opnuð í Artóteki Borgarbókasafns Reykjavíkur í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15, á morgun kl. 17.

Auður lærði myndlist í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist frá textíldeild skólans árið 1972. Námi í uppeldis- og kennslufræðum lauk hún frá Kennaraháskóla Íslands árið 1989.

Á sýningunni eru „collage"-verk og textílverk ofin með hör, ull og hrosshári. Myndefnið sækir Auður einkum í náttúruna en litbrigði, form og línuspil hafa verið aðalviðfangsefni hennar um árabil. Myndirnar eru unnar á óhlutbundinn hátt í vefstól.

Auður hefur unnið við myndlist og rekið eigin vinnustofu frá því hún lauk námi. Ásamt því hefur hún kennt smíðar, myndlist og vefnað, verið teiknari á verkfræðistofu, rekið gallerí og sýningarsali ásamt öðrum, verið safnkennari og upplýsingafulltrúi hjá Hafnarborg og sinnt nefndarstörfum fyrir félög myndlistarmanna. Auður er í Textílfélaginu, Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Félagi íslenskra myndlistarkennara. Verk eftir Auði eru í eigu ýmissa opinberra stofnanna auk einstaklinga.

Sýningin stendur til 20. apríl.

- vþ



**TIL SÝNIS Í ARTÓTEKI** Hluti af verki eftir Auði Vésteinsdóttur.



**SINNEP**
**Atli Ingólfsson**

## *Hugar- og hljómburður*

Skynfæri manna eru víst fimm. Boð þeirra allra fara þó inn í sömu símstöð. Þar eru móttökuskilyrði misgóð og iðulega lekur á milli rása. Ótal rannsóknir sýna hvernig það sem berst inn um eitt skynfæri hefur áhrif á annað. Tilraunir með THX-hljóðkerfi í kvikmyndahúsum sýndu til dæmis að þegar sama mynd var sýnd hópi áhorfenda fyrst með eldra hljóðkerfi og svo með því nýja, þótti þeim sem horfðu myndgæðin snöggtum betri í seinna skiptið. Ekki er nóg með að skynfærin hafi áhrif hvert á annað heldur ræður ástand heilans miklu um hvaða blæ skynjunin fær. Maður sem þjáist af þunglyndi sér ekki sömu litina og heilbrigður maður og maður í annarlegu ástandi ruglar saman skynjun og hugarórum.

1) Oft er talað um hljómburð eins og eðlisfræðin sé eini mælikvarði hans. En hljóðið er fyrir manneskjur. Salurinn er í raun á milli eyrnanna á hlustendum.
2) Ímyndum okkur að gamni vísindalega útfærðan „bragðburð", rými þar sem bragð matarins á að njóta sín ótruflað. Er víst að við nytum þess þar?
3) Jafnt innra sem ytra ástand allt ræður því hvernig við grípum tónlistina: Skapið, eftirvænting, minni, þekking, félagsskapur, stemning, hreyfing, lýsing, hljómur. Til dæmis mundi hljómburður Háskólabíós batna talsvert með betri lýsingu. Grínlaust.
4) Því má segja að þótt hljómburður salar skipti máli sé best að gleyma ekki hljómgrunninum, jarðveginum. Þetta veit rokkarinn: Það skiptir hann miklu að sem flestir áheyrenda séu sannfærðir áður en á tónleikana er komið. Síðan eru spurningar eins og „Eru ekki allir í stuði?" til að hreinsa loftið, stilla eyrun og bæta móttökuskilyrðin.
5) Það er mikilvægt starf að hanna tónleikasali þar sem órafmögnuð tónlist heyrist vel. Þeir eru hins vegar ekki nauðsynlegir allri tónlist og ekki nægilegir sumri tónlist. Enginn salur er góður í sjálfum sér, óháð innihaldinu: útsendingunni og móttökunni. Oft hefur svo góður hljómgrunnur fyllilega bætt fyrir illa hljómandi sal.
6) Hljómburður er lífsgæði hljóðsins. Það er hin lifandi umgjörð sem býr hann til.
7) Kannski má skýra þetta með litlu dæmi: Á Rás 1 er þátturinn Hlaupanótan. Hann er umgjörð þar sem forvitni, fordómaleysi, opnar hlustir, næmi og glaðværð stjórnendanna smita hvern þann sem heyrir. Enda er sama hvernig mér líkar sú tónlist sem þar er leikin, alltaf skal ég heyra hana undravel. Jafnvel úr útvarps garmi.
8) Og gríp hana jafnvel betur en stundum er á tónleikum við „bestu" skilyrði.

# Bókaðu

## *fermingarbarninu betri framtíð*




| Stóra orðabókin | Jörðin | Stóra myndorðabókin | Íslandsklukkan | Passíusálmar Hallgríms Péturssonar | Don Kíkóti - askja |
|---|---|---|---|---|---|
| Verð: 9.990,- | Verð: 9.980,- | Verð: 9.990,- | Verð: 3.990,- | Verð frá: 3.990,- | Verð: 5.990,- |

## Þessar bækur og margar fleiri færðu á fermingartilboði í næstu bókabúð:

**Spænsk-íslensk orðabók / Stafsetningarorðabókin / Dönsk-íslensk orðabók / Ensk-íslenska orðabókin / Erró í tímaröð / Íslandssagan í máli og myndum / Íslensk tunga I–III / Íslenski hesturinn / Mergur málsins / Íslendingasögur / Af hverju er himinninn blár? / Edda – með málverkum / Einar Már: Ljóð 1980–1995 / Eldgos / Frankenstein / Halldór Laxness / Goðheimar bernskunnar / Hamingja í lífi og starfi / Ísland í hers höndum / Íslensk fjöll: Gönguleiðir á 101 tind / Íslenska bílaöldin / Ljóðasafn Hannesar Péturssonar / Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945 / Tryggvi Ólafsson: Málverk í 20 ár / Merkisdagar á mannsævinni / Mynd á þili / Opinberun Jóhannesar / Saga daganna / Skáldalíf / Ísland í aldanna rás / Snert hörpu mína / Snorri Hjartarson: Kvæðasafn / Veður og umhverfi / Völuspá / Þorsteinn frá Hamri: Ritsafn / Vefbækur – áskrift í 2 ár / Íslandsatlas / Íslensk orðabók 2007 / Stiklað á stóru um næstum allt / Íslenskir hellar / Biblían / Maðurinn**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is






MÁLLAUSIR KJARNAR Eitt af verkum Sigurðar á sýningunni í Hafnarhúsinu.

# Sýn fremur en hugmynd

**Einn af virtustu listamönnum þjóðarinnar, Sigurður Guðmundsson, snýr til leiks í Listasafni Reykjavíkur með sýningunni Mállausir kjarnar sem verður opnuð í dag. Á sýningunni má sjá tuttugu stórar ljósmyndir sem aldrei hafa verið sýndar áður og eru fyrstu ljósmyndaverk Sigurðar síðan 1980.**

Myndirnar eru teknar á hefðbundna filmuvél og hefur þeim ekki heldur verið breytt eftir á með stafrænni tækni. Þær eru festar á álplötur, innrammaðar og sýndar undir gleri.

„Myndirnar eru afrakstur vinnu síðustu tveggja ára,“ segir Sigurður. „Þessar myndir eru allar aðskilin verk; þær mynda ekki eina heild. Þó má segja að það sé einhver samnefnari með þeim. Í það minnsta hafa þær allar þróast sem sýn fremur en sem hugmynd; þannig losna þær undan rökhyggju tungumálsins. Verkin eru því fyrir augun ein, en það er ekki þar með sagt að þær séu eitthvert augnayndi. Ég hef lengi haft áhuga á skynjun og verkin eru sprottin úr þeim farvegi. Ég vil bjóða fólki upp á að upplifa lífið með skynjun fremur en með greiningu, enda þykir hæfileikinn að kryfja hluti til mergjar án orða eftirsóknarverður.“

Til að ná fram sem tærustum skynjunaráhrifum í ljósmyndunum skapaði Sigurður aðstæður þar sem allt áreiti var útilokað frá meðvitund fyrirsætnanna eins og frekast var kostur. Í sumum tilfellum lét listamaðurinn dáleiða viðfangsefni sín til að ná fram fullkominni einbeitingu að stað og stund. Sigurður segir áhorfendum ekki ætlað að lesa meira í verkin en það sem birtist á myndfletinum.

„Ég verð stundum fyrir vonbrigðum þegar ég skoða verk annarra myndlistarmanna og ég skil þau á þann hátt að ég get lesið einhverja merkingu úr þeim. Ég vil sjálfur ekki notast við milliliðinn „hugmynd“ í mínum verkum þar sem ég vil ekki notast við listina til að tjá einhverjar tilfinningar eða kenndir.“

Sigurður fluttist til Kína fyrir tíu árum og hefur valið sér að lifa þar lífi byggðu á skynjunum fremur en skilningi. „Þegar ég flutti út tók ég þá ákvörðun að læra ekki að tala kínversku. Það er hreint út sagt yndislegt að vera mállaus og upplifa heiminn bara í gegnum skynjun. Fjölmiðlar verða bara að veggfóðri tilverunnar og hafa enga þýðingu. Með þessum hætti set ég stórt spurningarmerki við þá ofuráherslu á þekkingaröflun og greiningu sem við lifum flest eftir.“

Þess ber að geta að í tilefni sýningarinnar kemur út bók á vegum Listasafns Reykjavíkur og Forlagsins um ljósmyndir Sigurðar.

Opnunin fer fram í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í dag og hefst kl. 17. Sigurður verður svo með leiðsögn um sýninguna kl. 20.

**vigdis@frettabladid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is







VG UM ALLA BORG!
www.vg.is

Salurinn

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 13
MEISTARI MOZART.
STRENGJA-OG PÍANÓKVINTETT
TÓNLEIKAR KENNARA TÓNÓ KÓP.

LAUGADAGUR 8. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS.
TÓNLIST COLES PORTERS.
KRISTJANA STEFÁNS & FÉLAGAR

SUNNUDAGUR 9. MARS KL. 16
SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR.
HELGA RÓS OG GUÐRÚN DALÍA

ÞRIÐJUDAGUR 11. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR.
LUBOV STUCHEVSKAYA,
TÓMAS TÓMASSON
OG KURT KOPETSKY

MIÐVIKUDAGUR 12. MARS KL. 20
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
SIMON SMITH - ÖLL PÍANÓVERK
HAFLIÐA HALLGRÍMSSONAR
EINSTAKT TÆKIFÆRI !

BYR SPARISJÓÐUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS



ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR Opnar sýninguna Stóð í DaLí gallerii á laugardag.

# Áferð hrossafeldsins

**Þuríður Sigurðardóttir opnar sýningu sem kallast Stóð í DaLí gallerii, Brekkugötu 9 á Akureyri, á laugardag kl. 17. Viðfangsefni Þuríðar á sýningunni er íslenski hesturinn, tengsl manns og dýrs og upplifun lita og áferðar hrossafeldsins.**

**Með því að höfða til löngunarinnar að klappa mjúkum dýrum verða málverkin nánast ómótstæðileg og um leið koma fram spurningar um málverkið sem miðil. Þuríður vinnur með upplifun áhorfenda í sýningarrýminu, en skoðar líka eigin upplifun úti í náttúrunni í hestamennsku.**

**Þuríður útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands 2001. Hún er einn af stofnendum START ART listamannahúss á Laugaveginum og einn hugmyndasmiða og umsjónarmanna Opna gallerísins sem sýndi víða í 101 Reykjavík.**

**- vþ**




# LANCÔME KYNNING Í HAGKAUPUM HOLTAGÖRÐUM OG KRINGLUNNI

## 13. - 19. MARS

Sérfræðingar LANCÔME, sýna það nýjasta og heitasta í förðun frá París og aðstoða við val á húðsnyrtivörum.

Augnskuggar í fallegum hvítum skeljum.

Margbreytileg varagloss við öll tækifæri.

La Base Pro er notað undir farða og árangurinn er óviðjafnanlega slétt og falleg húð.

Star Bronzer töfraburstinn lætur hárið og axlirnar tindra.

**Líttu við og kynntu þér förðun framtíðarinnar.**




**Sex vörur í réttu stærðunum fyrir ferðalagið fylgja þegar keyptar eru vörur fyrir 6.000 krónur eða meira frá Lancôme meðan á kynningu stendur.***

*nokkrar gerðir í boði. Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## > FJALAKÖTTURINN ENN Á KREIKI

Fjalakötturinn verður að venju með fjölbreytta dagskrá. Á laugardag verða sýndar norrænar stuttmyndir en á sunnudag verður heimildarmyndin Ketill frumsýnd en henni er meðal annars leikstýrt af Tómasi Lemarquis.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Bíódagar byrja í apríl

Bíódagar verða haldnir á vegum kvikmyndaklúbbsins Græna ljósið í Regnboganum dagana 11.-24.apríl. Kvikmyndahúsið Regnboginn verður lagt undir hátíðina sem er þó ekki kvikmyndahátíð í orðsins fyllstu merkingu. Heldur verða kvikmyndirnar sýndar mörgum sinnum á besta tíma, ólíkt því sem tíðkast á venjulegum hátíðum þar sem hver kvikmynd er sýnd einu sinni til tvisar. Að sögn Ísleifs B. Þórhallssonar, forsvarsmanns Bíódaga, heppnaðist hátíðin í fyrra mjög vel en hana sóttu yfir tíu þúsund manns. „Við sýndum þá Die Falscher sem var valin besta erlenda myndin á Óskarnum í ár og svo Away From Her en þar fór Julie Christie á kostum,“ segir Ísleifur sem lofar engu síðra hlaðborði á næstu Bíódögum.



**VINSÆLIR** Ísleifur B. Þórhallsson segir að Bíódagarnir hafi mælst vel fyrir í fyrra en þá hafi mætt yfir tíu þúsund manns.

Þegar hafa sjö titlar verið negldir inn í dagskrá Bíódaga og ber þar hæsta ísraelsku kvikmyndina The Band‘s Visit. Myndin segir frá ísraelskri hljómsveit sem leggur land undir fót en verður innlyksa í egypskum smábæ. Myndin hefur verið lofuð í hástert og ef allt hefði verið með eðlilegum hætti hjá óskarsakademíunni þá hefði hún vafalítið hlotið tilnefningu til Óskarsverðlauna. Bandarískum starfsbræðrum þótti hins vegar ekki nægjanlega margir Ísraelar vinna að gerð hennar og því var myndinni ýtt út af borðinu.

Hið sama átti hins vegar ekki við um War/Dance sem var tilnefnd í hópi heimildarmynda. Þrenn systkini frá Úganda eru allslaus en ákveða að skrá sig í árlega danskeppni sem haldin er í höfuðborginni. **- fgg**

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

**Lars and the Real Girl**



Lars er vægast sagt feiminn strákur frá litlum smábæ í norðurríkjum Bandaríkjanna. Hann hefur aldrei verið við kvenmann kenndur en kemur fjölskyldu sinni á óvart þegar hann mætir með stúlku upp á arminn. Aðeins einn hængur er á málinu; stúlkan er kynlífsdúkka sem Lars pantaði á netinu. Fjölskyldan veit ekki alveg í hvorn fótinn hún á að stíga en fljótlega snýst smábærinn á sveif með Lars og reynir að gera honum og dúkkunni lífið bærilegra.

*Leikstjóri: Craig Gillespie*

*Aðalhlutverk: Ryan Goosling og Emily Mortimer*

*Dómur IMDB: 7,8/10*

**The King of Kong**

Þessi kostulega og stórskrýtna heimildarmynd hefur farið sigurför um heiminn en hún segir frá Steve Wiebe sem reynir að slá heimsmet í Donkey Kong. Titilhafinn er furðufuglinn og sósugerðarmaðurinn Billy Mitchell sem telur sig jafn umdeildan og fóstureyðingar í Bandaríkjunum. Eini vandinn hjá Wiebe er að hann þykir nokkuð grátgjarn.

*Leikstjóri: Seth Gordon*

*Dómur IMDB: 8,4/10*

**10.000 BC**

D'Leh er mammút-veiðimaður sem reynir að bjarga ættbálki sínum frá þrælkunarvinnu óþekktra afla. Hann reynir um leið að vinna sér virðingu ættbálksins með því að drepa stærsta mammútfíl sem á að færa honum yfirráð og ást dularfullrar konu.

*Leikstjóri: Roland Emmerich*

*Aðalhlutverk: Steven Strait og Camilla Belle*

*Dómur IMDB: 5,2/10*

**Horton**



Einvalalið gamanleikara ljær persónum teiknimyndarinnar Horton rödd sína. Myndin er byggð á bók dr. Seuss og segir frá fílnum Horton sem ákveður að bjarga samfélagi Whoville frá glötun. Þrátt fyrir að enginn treysti því að þetta risavaxna spendýr geti reddað einu né neinu þá ákveður Horton að standa fast við sitt enda eru allir jafnir óháð stærð.

*Leikstjóri: Jimmy Hayward og Steve Martino*

*Aðalhlutverk: Jim Carrey og Steve Carell*

*Dómur IMDB: 7,9/10*






**BYRJUNIN LOFAÐI GÓÐU** The Day after Tomorrow lofaði vissulega góðu í byrjun en koðnaði niður með lélegum söguþræði.

# Stórmyndamaðurinn Roland

**Stórmyndamaðurinn Roland Emmerich er hvergi af baki dottinn og um helgina verður frumsýnd enn ein „stórmyndin“ þar sem útlit og tæknibrellur eiga að nægja til að trekkja áhorfendur að.**

Kvikmyndin 10.000 BC komst að sjálfsögðu á toppinn í Bandaríkjunum um síðustu helgi þegar hún var frumsýnd með pomp og prakt. Myndbrotin gáfu líka góð fyrirheit, mammút-fílar og önnur forsöguleg dýr kveiktu von um að þýski leikstjórinn væri að ná sér aftur á strik eftir fremur mögur ár. En dómarnir tala sínu máli: imdb.com leyfir myndinni að slefa yfir falleinkunn á meðan hin miskunnarlausa síða RottenTomatoes gefur henni sjö prósent af hundrað mögulegum. Sömu einkunn og Paris Hilton-hörmungina The Hottie and the Nottie fær en hún er af mörgum talin vera versta kvikmynd sögunnar.

### Hugsanlega hæfir

Hin þýski Emmerich stökk fram á sjónarsviðið árið 1992 þegar kraftabúntin Jean-Claude Van Damme og Dolph Lundgren fóru á kostum í Universal Soldier. Upp úr þeirra mynd spratt upp undarlegur hópur aðdáenda testesterón-tröllanna og ófáir unglingspiltar hældu myndinni sem þeirri bestu. Hún hafði auðvitað allt sem táningsdrengir vilja sjá; sprengjur, byssur, flottar græjur og framtíðina.

Emmerich sýndi, svo ekki varð um villst, að hann kunni að festa hasar á filmu og framleiðendur í draumaverksmiðjunni sáu í Þjóðverjanum hugsanlegan gullkálf. Enda skilaði Universal Soldiers kostnaðinum við gerð myndarinnar vel til baka. Í kjölfarið tókust á góð kynni með Emmerich og handritshöfundinum Dean Devlin sem urðu eins konar Bernie Taupin og Elton John-par Hollywood og þeir kumpánar settust helst ekki niður við skriftir nema kvikmyndin kostaði yfir 50 milljónir dollara, eða þrjá milljarða íslenskra. Fyrsti ávöxtur sambands þeirra var Stargate með James Spader (sem þá var heitasta nafnið í Hollywood) og Kurt Russell (sem var líka ansi eftirsóttur meðal stórlaxanna). Emmerich og Devlin fundu einhverja uppskrift af



**VERSTA STÓRMYNDIN?** Rotten Tomatoes setur sjö prósent á myndina, sömu prósentutölu og The Hottie and the Nottie sem margir telja verstu mynd sögunnar.



**MISTÆKUR Í MEIRA LAGI** Emmerich varð stjarna tíunda áratugar síðustu aldar en er smám saman að verða heldur dýr í rekstri.

góðum kokkteil því Stargate rann ljúflega ofan í áhorfendur og lifir enn góðu lífi í skelfilegum sjónvarpsþáttum.

### Stutt gullæði

En það var fyrst árið 1996 að Emmerich gerði af fullri alvöru tilkall til hins eftirsóknarverða „gullkálfa“-starfs. Will Smith og Jeff Goldblum lömdu á geimverum sem ætluðu að tortíma jörðinni á meðan Bill Pullman hélt innblásnar og þjóðrembingslegar ræður um ágæti Ameríku í Independence Day. Engu var til sparað við markaðsherferðina sem öll gekk út á 4. júlí, þjóðhátíðardag Bandaríkjanna. Og myndin, hún sló að sjálfsögðu í gegn.

Emmerich fékk fúlgur fjár fyrir sína næstu mynd þegar hann endurvakti japanska skrímslið Godzilla. En söguþráðurinn var slappur, myndin of löng og áhorfendum fannst þeir vera hafðir að háði og spotti. Þeim þótti ekki nóg að allt væri „stórt“ þegar innihaldið væri bæði rýrt og veikt. Trúin á Emmerich minnkaði eilítið og hann færði sig aðeins niður skalann, tók sér frí frá stórslysamyndum og gerði The Patriot með Mel Gibson og Heath heitnum Ledger. En leikstjórinn hafði glatað tilfinningunni fyrir því sem kvikmyndahúsagestir vildu og myndin kolféll í miðasölu.

Og það liðu enda fjögur ár þar til Emmerich fór aftur á stjá. Leikstjórinn blandaði sér inn í umræðuna um hnatthlýnunina með The Day after Tomorrow þar sem sjónarspilið í upphafi hélt ungum sem öldnum hugföngnum en framhaldið reyndist heldur þunnt, eins og svo oft hjá Þjóðverjanum.

# Indy berst við E.T

Plakatið fyrir nýjustu Indiana Jones-myndina, Indiana Jones and the Kingdom of Crystal Skull, hefur vakið mikla athygli. Aðdáendur fornleifafræðingsins hafa beðið spenntir eftir fjórðu myndinni og fylgst grannt með gangi mála og telja sig nú hafa fundið það út að Steven Spielberg ætli sér að blanda saman tveimur af sínum vinsælustu hlutum; Indy sjálfum og geimverum. Paramount-kvikmyndaverið hefur reynt í lengstu lög að halda söguþræðinum leyndum en nú virðist sagan vera farin að kvisast út. USA Today greinir frá því í dag að meðal annars sjáist í kassa sem merktur er Roswell, New Mexico, 1947. „Og þú þarft ekki að vera prófessor til að fatta um hvað það snýst allt saman," segir blaðið.


**INDY** Ætli Spielberg blandi ekki bara saman geimverum og fornleifafræðingi, formúlu sem ekki getur klikkað.

Indiana er að sjálfsögðu leikinn af Harrison Ford en ungstirnið Shia LeBeouf fer með hlutverk sonar hans. Meðal annarra leikara eru Ray Winstone, Cate Blanchett og John Hurt.

# Dalí nýjasta æðið í Hollywood

Spænski sérvitringurinn og snillingurinn Salvador Dalí virðist á góðri leið með að verða nýjasta æðið í Hollywood. Picasso hefur þegar hlotið náð fyrir augum draumaverksmiðjunnar og er skemmst að minnast frammistöðu Anthony Hopkins í hlutverki meistarans. En nú er það Dalí og er reiknað með að þrjár myndir um líf hans og listir birtist á næstu árum á hvíta tjaldinu.

Johnny Depp er sagður hafa svo mikinn áhuga á að leika listamanninn að hann er reiðubúinn til að vinna með hverjum sem er. Depp þarf hins vegar hafa allan varan á því Al Pacino mun væntanlega leika hann í kvikmyndinni Dali & I: The Surreal Story. Þá hefur breski leikarinn Peter O'Toole verið orðaður við Dalí í kvikmyndinni Goodbye Dali.


**LANGAR** Johnny Depp langar afskaplega mikið til að leika listamanninn.

**ENDURFÆÐING** Salvador Dalí gæti verið nýjasta æðið í Hollywood.

**LEIKUR DALÍ** Al Pacino verður í hlutverki listamannsins í kvikmyndinni Dali & I: The Surreal Story.

## ÚR VERINU


Stórstjörnur úr kvikmyndaheiminum hafa fylkt sér að baki Baracks Obama og styðja hann í stórum hópum í forsetaslaginn. Hollywood-leikarar eru uggandi yfir því að Bandaríkin kjósi aftur repúblikana í Hvíta húsið enda er ekki hægt að segja að George W. Bush hafi verið sverð landsins og skjöldur á erlendum vettvangi. Stórleikarinn Edward Norton ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í þeim efnum og opinberaði í Variety að hann væri með heimildarmynd um Obama í smíðum. Gerð hennar hófst í kringum ráðstefnu demókrata árið 2004 og ef að líkum lætur verður hún frumsýnd í Hvíta húsinu árið 2009.


Samkvæmt Empire-vefnum er Bryan Singer byrjaður að skrifa framhaldið að næstu mynd um Ofurmennið. Einhverjum fannst síðasta myndin, Superman Returns, vera hálfgerð mistök en leikstjórinn vísar því á bug. „Hún halaði inn 400 milljónum dollara," sagði Singer. „Vissulega var myndin rómantísk og hugljúf en nú hafa persónurnar öðlast líf og þá getum við búið til alvöru hasarmynd," bætir Singer við. Fastlega er reiknað með því að Brandon Routh klæðist rauðu nærbuxunum og skikkjunni aftur.


Og meira af ofurhetjum og framahaldsmyndum. Því aðstandendur kvikmyndarinnar Dark Knight eru í eilítið erfiðri stöðu. Markaðsherferð myndarinnar gerði mikið út á Heath Ledger sem Jókerinn en ótímabært andlát hans hefur sett strik í þann reikning. Að sögn markaðsmannanna eru þeir þó hvergi bangnir og hyggjast nota Jókerinn enn sem fyrr í herferðinni. „Frammistaða Ledgers er hreint út sagt stórkostleg. Hann lék eins og blóðið væri við suðumarkið," lét kvikmyndatökumaður á tökustað hafa eftir sér.

Þótt Tony Soprano teljist seint til ofurhetja þá hefur Hollywood engu að síður áhuga á að koma Sopranos-fjölskyldunni til skila á hvíta tjaldinu. Eigandi strippbúllunnar Badabing segist hafa fengið símhringingu frá einhverjum úr dramaborginni sem hafi verið að vinna að gerð handrits um Sopranos. „Þannig að ég vil ekkert breyta staðnum mikið," sagði Nick D'Urso, eigandi Badabing. Aðeins einn hængur er þar á; Sopranos sótti nefnilega mikið til fyrirmyndar sinnar sem er önnur mafíósa-myndGoodfellas og þessir tveir fánaberar Cosa Nostra-glæpaklíkunnar eru reyndar alveg glettilega líkir.






> **Prófaðu...**

*...að plata bæði þig og aðra til að borða meiri ávexti með því að gera úr þeim salat. Það er töluvert meira aðlaðandi fyrir augað en stakur banani. Fyrir frekara dekur má svo prófa að strá kókosflögum, dálitlu af dökku súkkulaði eða einni mulinni makkarónuköku yfir hollustuna.*



**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN BRYNHILDUR PÁLSDÓTTIR HÖNNUÐUR

# *Baklava-bakkelsi besta máltíðin*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það myndi vera sætabrauð, súkkulaði, kaffi og te.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Baklava-bakkelsi sem ég fékk í tyrknesku bakaríi í Amsterdam.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég skil ekki sellerí. Mér finnst það alveg ótrúlega vont eitt og sér. Annars borða ég held ég bara allt, bara minna af því sem er ekki gott.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Vonandi verður leynivopnið lavendersykurinn sem ég er að búa til núna.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Besta trixið til að láta sér líða vel er að baka eitthvað ótrúlega gott og mikið.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Lýsi, af því að það er ótrúlegt! Og svo smjör, egg, osta og gott úrval af marmelaði og sultum.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Kartöflur. Þær geta bjargað mannslífum.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Allt kjöt í hlaupi er frekar skrýtið.

# Enn betri tómatar



**OFNÞURRKUÐ GÆÐI** Við þurrkun verða tómatar bragðmeiri og má þurrka þá hvort sem er í ofni eða láta sólarljósið sjá um það. NORDICPHOTOS/GETTY

Frá því að sólþurrkaðir tómatar héldu innreið sína í íslenskar matarverslanir hafa þeir átt sjálfsskipaðan sess í öðrum hverjum eldhússkáp á landinu. Þeir sem vilja flækja málin aðeins geta gert eigin útgáfu af tómötunum. Í stað þess að reyna að þurrka þá í vetrarsólinni í eldhúsglugganum er hins vegar gáfulegra að snúa sér að ofninum. Með því að þurrka þá í ofni verða tómatarnir bragðmeiri og alveg samkeppnishæfir við þá sem maður kaupir í krukkunum.

Notið plómutómata, og skerið í helminga á lengdina. Stráið sjávarsalti í sárið, og leggið tómatana með sárið niður á eldhúsbréf. Látið standa í um klukkutíma.

Hitið ofninn í um 150 gráður. Leggið tómatana, með sárið upp, á plötu með bökunarpappír. Bakið í um 3 ½ til 4 tíma, eða þar til kanturinn á tómötunum fer að krullast.

# Valtýr í 8. sæti




**BARÞJÓNAKEPPNI Í SNJÓHÚSI** Finlandia Vodka Cup var haldin í 10 metra háu snjóhúsi í Lapplandi í lok febrúar. Fulltrúi Íslands hafnaði í 8. sæti af 28.

Barþjónakeppnin Finlandia Vodka Cup var haldin í snjóhúsi í Lapplandi í lok febrúar, þar sem barþjónar öttu kappi í 10 metra háu snjóhúsi með ísborðum. Fulltrúi Íslands þar var Valtýr Bergmann, sem sigraði undankeppnina hér heima með drykk sínum, SpassiMongo.

Markmið keppninnar er bæði að finna færasta barþjóninn og besta nýja drykkinn byggðan á Finlandia vodka.

Sigurvegari Finlandia Vodka Cup að þessu sinni var Ungverjinn Mihaly Handtuch, en Valtýr Bergmann lenti í 8. sæti, sem telst góður árangur. Hann hlaut þriðju verðlaun fyrir fordrykk sinn, en keppt var um fordrykki, kokkteil og í svokölluðu Quick Mix, þar sem keppendur fá að velja sér hráefni úr kassa og fá fimm mínútur til að blanda drykk.

# Prótín fyrir plötusnúðinn

**Jóhannes Bragi Bjarnason, auglýsingagerðarmaður, plötusnúður og mataráhugamaður, hefur miklar mætur á ítölskum kjötbollurétti sem tengdafaðir hans kenndi honum.**



**JÓHANNES OG ALDÍS** Aldís Eyja, fósturdóttir Jóhannesar Braga Bjarnasonar, aðstoðar hann í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þegar maður er ekki að spila eitthvað þá verður maður að hafa eitthvað í sig og þetta er alltaf vinsælt heima hjá mér,“ segir Jóhannes Bragi, sem er einráður í eldhúsinu á sínu heimili. „Tengdapabbi á heiðurinn af þessu. Hann alla vega kynnti mig fyrir þessum rétti en það er mikið atriði að nota vel af sítrónum í hann. Þetta er aðeins meira vesen en að elda spaghetti bolognese, svona klukkutími með öllu, en er vel þess virði,“ segir hann. „Þegar ég smakkaði þetta fyrst varð ég yfir mig hrifinn af þessu sítrónu „elementi“. Annars er þetta bara mjög venjulegur réttur, myndi ég segja.“

**Asískur og ítalskur matur**

Jóhannes Bragi segist þó ekki leggja það í vana sinn að elda hefðbundinn heimilismat. „Ég myndi segja að ég væri meira í asískum og ríkulegum ítölskum mat. Annars er þetta eitthvað sem kemur upp úr mér því ég á mjög erfitt með að fara eftir uppskriftum. Ég les þær aðallega mér til hliðsjónar.“

Hann segir að eldamennska sín falli vel að starfi sínu sem plötusnúður í dúettinum Gullfoss og Geysir, enda fer það aðallega fram á nóttunni. „Það er ekki verra að hafa smá prótín í líkamanum til að hafa úthald í það,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

## ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

„Þetta eru í grunninn ítalskar kjötbollur sem tengdapabbi gerir af mikilli snilld en ég lagaði hana að því sem ég átti í ísskápnum einhvern tímann um daginn,“ segir Jóhannes um uppskriftina.

500 gr nautahakk
1 brauð bleytt í mjólk
1 egg
2 hvítlauksrif
2 tsk oregano
2 tsk fersk steinselja
Hnefi af söxuðum ólífum
1 tsk salt
2 tsk svartur pipar
Parmesan ostur
Sítrónubörkur af heilli sítrónu og safi

**Aðferð:**
Blandið öllu saman, þannig að auðvelt sé að hnoða litlar bollur, veltið upp úr hveiti og steikið í smá olíu í 2-3 skömmtum.

**Sósa:**
2 dollur LaSelva tómatsósa með basil
3-4 þurrkaðir litlir chilli-bitar
1 laukur gróft skorinn
2 hvítlauksrif
Tómatpúré
Sítrónusafi
Hnefafylli af rifnu fersku basil.

**Aðferð:**
Laukur, hvítlaukur og chili steikt þangað til það glansar og sósunni þá hellt út í. Látið malla aðeins. Smakkað til með pipar, salti og tómatpúré. Að lokum er basilinu hent út á. Borðað með spaghetti eða einhverju öðru pasta.


## Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

**Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.**




Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen hreyfa við fólki
Við erum ekki hræddar við neitt




Allt sem þú þarft... ...alla daga


# Írsk kjötkássa á degi dýrlings

Dagur heilags Patreks, eða St. Patrick's Day, verður haldinn hátíðlegur víða um heim nú á laugardag og mánudag. Þó að Írar hafi upphaflega verið einir um að fagna þessum dýrlingi þjóðarinnar hefur siðurinn breiðst út og nú eru þeir mun fleiri sem flagga grænu honum til heiðurs. Yfirleitt fara hátíðarhöldin fram 17. mars á ári hverju, en þar sem dagurinn hittir í ár á upphaf vikunnar fyrir páska ákvörðuðu írskir biskupar að honum yrði þess í stað fagnað á laugardegi. Þó má búast við því að fagnaðarlæti sem ekki tengjast kirkjunni nái hámarki á mánudag, að vanda.

Þeir sem vilja samgleðjast Írum geta sótt í matarhefðir og skellt í eina nautakjöts- og Guinnesskássu. Uppskriftina má sjá á heimasíðu Food Network.

Hreinsið kjötið og skerið í hentuga bita. Veltið kjötinu upp úr 1 msk. af olíu. Blandið hveiti, salti, pipar og cayenne-pipar í lítilli skál. Hitið restina af olíu á pönnu yfir háum hita. Brúnið kjötið, lækkið hitann og bætið lauk, hvítlauk og tómatblöndunni við. Setjið lok yfir og látið malla í 5 mínútur.

Færið innihaldið yfir í pott og hellið helmingnum af Guinnessbjórnum í pönnuna. Látið suðu koma upp og skrapið kjötleifar af pönnunni. Hellið yfir kjötið, ásamt restinni af bjórnum. Bætið gulrótum og timjani út í, hrærið og smakkið til. Látið malla undir loki yfir lágum hita þar til kjötið er meyrt, í um 2-3 tíma. Skreytið með steinselju og berið fram. - sun



**KJÖT Í GUINNESS** Þessi kjötkássa er með afar írskum formerkjum, en í hana er meðal annars notaður Guinness-bjór. NORDICPHOTOS/GETTY

**Guinnesskássa**
1 kíló nautakjöt
3 msk olía
2 msk hveiti
Salt og nýmulinn svartur pipar
Klípa af cayenne pipar
2 stórir laukar, skornir gróft
1 hvítlauksgeiri, kraminn
2 tsk tómatpúrra, leyst upp í 4 msk af vatni
1 ¼ bolli Guinness
2 bollar gulrætur, skornar gróft
1 timjangrein
1 söxuð steinselja til skreytingar

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Skynsemin velur Bónus!

## Saltkjöt 2. fl. blandað (ódýrt)
frá Kjarnafæði.

**349** kr./kg.

Merkt verð 498 kr./kg.

## Lambalærissneiðar, 1. fl. frosnar
frá Kjarnafæði.

**1.798** kr./kg.

## Lambakótilettur, t-bein, frosnar
frá Kjarnafæði.

**1.598** kr./kg.

## Piparsteik
beinlaus, úr unghrossafile Kjarnafæði.

**1.298** kr./kg.

Merkt verð 1.442 kr./kg.













# Nautahakk, frosið
## frá Kjarnafæði

**798** kr./kg.

Merkt verð 1.140 kr./kg




allt & sumt

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

## > HRIKALEGUR CRAIG

Leikarinn Daniel Craig leggur mikið upp úr því að líta vel út, sér í lagi nú þegar tökur á næstu Bond-mynd eru að hefjast. Til að vöðvabúntið njóti sín sem best í myndinni hefur hann fengið líkamsræktarstöð á tökustaðnum til einkanota. Þar verða lóð, hringir, kaðlar, hlaupabretti og nuddbekkir svo fátt eitt sé nefnt. Kvenpeningurinn getur því farið að hlakka til að sjá „musterið“ á hvíta tjaldinu í lok ársins.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Árni Johnsen skorar Bubba á hólm

Stóra Bubba/Bigga-í-Maus málið dregur dilk á eftir sér. Í Kastljósi á þriðjudag sagði Bubbi að Biggi væri svo laglaus að hann slægi meira að segja Árna Johnsen út. Ummælin fóru illa í Árna, sérstaklega þar sem Bubbi hafði áður sagt opinberlega að hann væri versti gítarleikari landsins.

„Það er orðið hvimleitt hvernig Bubbi drullar ítrekað yfir fólk í hroka sínum,“ segir Árni. „Eftir að ég sá innslagið hafði ég strax samband við Sigmar í Kastljósinu og skoraði Bubba á hólm í gítarleik og söng. Kastljósinu leist vel á þetta en Bubbi þorði ekki. Til vara skoraði ég Bubba á hólm í boxi. Hann er svo mikill kjúklingur að hann þorði það ekki heldur.“

Árni segir að þeir Bubbi noti í grunninn jafn mörg gítargrip. „Við notum þetta fimmtán grip, en hann er nú samt flinkari en ég. Bubbi er afburðatónlistarmaður og hefur samið mörg yndisleg lög en hann ræður bara ekkert við hrokann í sér. Og hann ræður heldur ekki við fjöldasöng. Þá hljómar hann bara eins og stunginn grís eða api sem er festur upp á þvottaklemmum í miðjum frumskógi.“

Og enn hjólar Árni Johnsen í Kónginn. „Ef Bubbi finnur einn falskan tón á nýjustu plötunni minni – og það eru 32 lög á henni – þá skulda ég honum þrjár milljónir. Sömu upphæð og hann notar nú til að lokka fólk í hljómsveitina sína því það gerir enginn sjálfviljugur.“ - glh



**HANN ER KJÚKLINGUR SEM ÞORIR EKKI Í MIG** Bubbi lagði ekki í Árna Johnsen í Kastljósinu.

# Jójó til varnar Bigga

„Já, mig langar til að lýsa yfir stuðningi við hann Bigga. Þetta eru ómakleg og ósanngjörn ummæli Bubba,“ segir Jójó – tónlistarmaðurinn og götulistamaðurinn góðkunni.

Væringar Bubba Morthens og Birgis Arnar Steinarssonar tónlistarmanns og ritstjóra tónlistartímaritsins Mónitors hafa farið hátt í vikunni. Bubbi hefur kallað Bigga falskan söngvara og sá falski tónn færist yfir í skrif hans. Fjöldi tónlistarmanna hefur lýst yfir furðu sinni á ummælum Bubba, þeirra á meðal Geir Ólafsson og nú Jójó.



**JÓJÓ** Einn þeirra tónlistarmanna sem rísa upp til varnar Bigga í Maus eftir hráslagaleg ummæli Bubba Morthens.

„Biggi er heilbrigður ungur maður og einn þeirra skemmtilegri sem hafa komið fram á sjónarsviðið. Það er einmitt röddin hans sem gerir tónlist Maus. Sama hvað hver segir.“

Jójó gengur skrefinu lengra og nánast líkir Bigga við Bob Dylan. „Rödd Dylans er svo ljót að fólk elskar hana. Og það sem Bubbi hefur að segja um „Grafhýsi frægðarinnar“…hlýtur sá maður sem um hana talar ekki að hafa haft einhver kynni af því grafhýsi sjálfur,“ segir Jójó og vísar til sjónvarpsþáttanna Bandið hans Bubba en þegar Bubbi slær fólk af í þættinum sendir hann það í grafhýsi frægðarinnar. - jbg



ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

fiskverslun Gallerý fiskur

**Verslun**: mán.-fös. 10:00-18:30, **Veitingahús**: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau.18:00-22:00




# Brian Cox og Dano æfðu með Degi Kára í New York

**Undirbúningur fyrir kvikmynd Dags Kára, The Good Heart, er kominn á fullt en áætlað er að tökur hefjist í lok apríl. Gott að erfiðri bið sé loksins að ljúka, segir leikstjórinn.**

„Við vorum í New York í tæpar tvær vikur, eyddum smá tíma saman og reyndum að kynnast betur. Svo renndum við yfir handritið og nokkur atriði úr myndinni,“ segir Dagur Kári sem var nýkominn heim frá stóra eplinu þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Tökur á The Good Heart hefjast 29. apríl í borginni og er reiknað með að þær standi yfir í tvær vikur þar. Síðan heldur tökuliðið hingað til Íslands og verður að í 28 daga. „Þeir eru mjög spenntir fyrir að koma hingað, Cox sagði sig alltaf hafa langað að koma til Íslands eftir að hafa millilent hér nokkrum sinnum og Dano var eiginlega sömu skoðunar,“ segir Dagur.

Að sögn Dags urðu miklir fagnaðarfundir þegar Cox og Dano hittust en þeir léku saman í einni af fyrstu kvikmynd ungstirnisins, L.I.E, sem hlaut frábærar viðtökur gagnrýnenda. „En þeir hafa eiginlega ekkert hist síðan þá,“ útskýrir Dagur.

The Good Heart hefur verið lengi í farvatninu og Dagur viðurkennir að það hafi verið mikill léttir að fara til New York og byrja alvöru vinnu í tengslum við myndina. „Já, þetta var mjög ánægjulegt enda hefur þetta verið erfið bið,“ segir Dagur. Handritið að kvikmyndinni vakti mikla athygli á sínum tíma og ákvað meðal annars Sundance-kvikmyndahátíðin að veita því styrk fyrir tæpum tveimur árum. Fyrir ári urðu svo mannabreytingar en eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu virðast þær innáskiptingar hafa heppnast ákaflega vel. Brian Cox þykir feykilega virtur og hefur leikið ófá aukahlutverk í stórum kvikmyndum á borð við Zodiac og Bourne-kvikmyndirnar og Dano hefur slegið í gegn í kvikmyndum á borð við There Will Be Blood og Little Miss Sunshine.

Að sögn Þóris Snæs Sigurjónssonar, eins af framleiðendum myndarinnar hjá kvikmyndafyrirtækinu ZikZak, hefur ekki verið gengið frá ráðningu í önnur hlutverk en það sé allt í skoðun og ætti að skýrast á allra næstu misserum. - fgg



**VIÐ ÆFINGAR Í NEW YORK** Þeir Paul Dano, Brian Cox og Dagur Kári æfðu saman í tvær vikur í New York en tökur á The Good Heart hefjast þar 29.apríl.

# *Spænskur Eiríkur Fjalar illa séður*

Spánverjar taka þátt í fíflalátunum í Eurovision í ár og auka á gremju sanntrúaðra Eurovision-aðdáenda með því að senda flippatriði. Á netsíðum þar sem „alvöru“ Eurovision-aðdáendur koma saman – fólk sem metur keppnina út frá fagurfræði og listrænum hæfileikum flytjenda – er nú í gangi herferð sem miðar að því að baulað verði á spænska keppandann þegar hann kemur fram. Að mati þessa fólks er bara alls ekkert sniðugt þegar einhver vogar sér að gera grín að keppninni. Spánverjar eru sem kunnugt er í hópi „stóru Eurovision-þjóðanna“ og fara beint í úrslitaþáttinn.



**SPÆNSKUR EIRÍKUR FJALAR** Verður Rodolfo baulaður niður?

Grínfígúran Rodolfo Chikilicuatre sigraði alvarlegri listamenn með gríðarmiklum yfirburðum (fékk 57 prósent atkvæða) og lagið Baila el Chiki-chiki dunar nú um allan Íberíuskaga. Rodolfo er leikinn af David Fernandez og fæddist í grínþættinum Buenafuente á einkareknu sjónvarpsstöðinni LaSexta. Hann er viðkunnanlegur auli, ekki ósvipaður Eiríki Fjalari í tali, með Elvis-hár. „Skyldmenni“ hans, sem líta svipað út, elta hann um allar trissur og voru áberandi í sjónvarpsþættinum spænska þegar hann vann. Lagið er í svokölluðum reggaeton-stíl með sniðugum texta sem hefur verið endurgerður, að sögn til að gera hann „pólitískt réttan“.

Eftir viðamestu forkeppnina í mörg ár komust Spánverjar að því að þeir ættu að flippa núna.

EUROVISION **72 DAGAR TIL STEFNU**

# Með skriflegt leyfi foreldra í Ungfrú Reykjavík

„Þær stúlkur sem ekki hafa náð átján ára aldri þegar keppnin fer fram þurfa skriflegt leyfi frá foreldrum,“ segir Arnar Laufdal, framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Íslands. Undirbúningur fyrir Ungfrú Reykjavík er nú í fullum gangi og meðal tuttugu keppenda eru tvær stúlkur sem ekki hafa náð átján ára aldri. Þær eru hins vegar með leyfi frá foreldrum um að mega taka þátt í þessari keppni.

Mikla athygli vakti þegar Manuela Ósk Harðardóttir sagði í viðtali við Fréttablaðið um helgina að fegurðarsamkeppnir væru ávísun á einhvers konar átröskun en Arnar vildi ekki tjá sig um þau ummæli. Elín Gestsdóttir, sem var framkvæmdastjóri keppninnar þegar Manuela var krýnd fegurst allra fljóða, segir að þessi ummæli hafi stungið hana. „Já, ég verð að viðurkenna að þetta kom mér svolítið á óvart,“ segir Elín en hún telur að rík áhersla hafi verið lögð á að stúlkurnar sem kepptu borðuðu holla og næringarríka fæðu. Hún segist ekki hafa heyrt af öðrum stúlkum sem hafi þessa sögu að segja eftir þátttöku í keppninni. Elín viðurkennir hins vegar að kannski sé átján ára aldurstakmarkið of lágt og hún hafi sjálf sagt stúlkum sem vildu fá að vera með að bíða sökum ungs aldurs. „Þær fegurðardrottningar sem hafa kannski náð hvað lengst að undanförnu hafa allar verið komnar yfir tvítugt,“ segir Elín og bendir máli sínu til stuðnings á Ragnhildi Steinunni sem var 23 ára og Unni Birnu Vilhjálmsdóttur en hún var 21 árs.

Ekkert lát virðist hins vegar á áhuga á fegurðarsamkeppnum hér á landi, því að sögn Arnars bárust tvö hundruð ábendingar fyrir keppnina í ár. Ungfrú Reykjavík verður krýnd í lok apríl en ungfrú Ísland hinn 30. maí. - fgg



**ÁVÍSUN Á ÁTRÖSKUN** Manuela Ósk Harðardóttir sagði fegurðarsamkeppnir ávísun á átröskun.



**UNDRANDI** Elín var hissa á ummælum Manuelu í Fréttablaðinu.

# Bretar sneru við mér baki

Leikarinn Hugh Laurie segir að Bretar hafi snúið við sér baki eftir að hann sló í gegn í Bandaríkjunum í sjónvarpsþáttunum House. Hann segist ekki hafa fengið nein tilboð frá föðurlandi sínu í langan tíma og undrast það mjög.

„Hurðinni hefur verið skellt á mig. Fólk virðist telja að ég hafi gengið markaðsöflunum á hönd,“ sagði Laurie. „Fólk virðist halda að ég hafi svarið eið um að verða ekki vinsæll.“ Bætti hann því við að hann hefði mikinn áhuga á að starfa aftur með Stephen Fry sem lék meðal annars með honum í hinum vinsælu þáttum Jeeves and Wooster.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan **Amy Winehouse** hefur þurft að eyða háum fjárhæðum í að þrífa og endurbæta íbúð sína í Austur-London. Þegar Amy flutti fyrst inn í íbúðina með eiginmanni sínum, sem nú situr í fangelsi, var hún stórglæsileg. Eftir eiturlyfjaveislur þeirra hjóna þótti íbúðin hins vegar vera orðin hreinn viðbjóður, svo illa útlítandi að eigandi hennar hótaði að fara í mál við Amy ef hún gerði ekkert í málunum.



Heroes-leikkonan **Hayden Panettiere** segir að hún muni aldrei verða eins grönn og fyrirsæta. Hún segist hafa ákveðið að sætta sig við þessa staðreynd og njóta þess að vera með ávalar línur. „Ég er ekki ein af þessum klikkuðu stelpum sem halda að þær séu feitar. Ég er sátt við það sem ég hef,“ segir leikkonan unga. Hayden, sem er 18 ára, er sögð vera á föstu með mótleikara sínum úr Heroes, **Milo Ventimiglia**.



**Kate Beckinsale** heldur því fram að hún sé ófríð. Leikkonan þekkta er oft ofarlega á blaði í kosningum um fallegustu konur heims en það er ekki nóg fyrir hana. „Ég var mjög ljót þar til ég náði fimmtán ára aldri og hef ekki náð að losa mig út úr því hugarfari,“ segir hún.



**Charlize Theron** verður ekki sökuð um að vera ljót, ekki frekar en Beckinsale. Hún segist þó elska að leika ófríðar persónur. „Það skiptir ekki máli hvernig maður lítur út á skjánum, þetta snýst um að segja sögu. Ég dæmi ekki persónur eftir því hvernig þær líta út,“ segir Charlize sem hreppti Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt í Monster árið 2004.



SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| AUGUST RUSH | kl. 5:30 - 8 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10:30 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | kl. 5:50 - 8 -10:10 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST | kl. 6 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6:10 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 10:10 | 12 |
| SWEENEY TODD | kl. 10:10 | 16 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| STEP UP 2 | kl. 6 - 10 | 7 |
| JUNO | kl. 8 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10 | 16 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10:10 | L |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:20 | 16 |
| 27 DRESSES | kl. 8 | L |

ÓSKARSMYNDIRNAR ERU Í SAMBÍÓUNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is

Nýtt í bíó — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus






| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SEMI-PRO | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| FLUGDREKAHLAUPARINN | kl. 5.30, 8 og 10.20 | 12 |
| RAMBO | kl. 8 og 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| SEMI PRO LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| BE KIND REWIND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| 27 DRESSES | kl. 8 - 10.30 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.30 ÍSL. TAL | |
| JUMPER | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| THE ORPHANAGE | kl. 5.30 - 8 - 10 | 16 |
| AUGUST RUSH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| BE KIND REWIND | kl. 8 - 10.15 | |
| DIVING BELL | kl. 5.40 - 8 | 7 |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 10.10 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 6 - 9 | 12 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 8 | 16 |
| INTO THE WILD | kl. 10.10 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 5.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 | 12 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%
AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR


# Skrýtnar stúlkur til London

Íslenska listahópnum The Weird Girls Project hefur verið boðið að koma fram á Concrete and Glass-listahátíðinni í London í byrjun október. Með hópnum í för verður listakonan Berglind Ágústsdóttir sem mun flytja þrjú lög af fyrstu sólóplötu sinni. Á meðal þeirra flytjenda sem koma fram á hátíðinni eru Yeah Yeah Yeahs, MIA, The Horrors, Liars og TV on the Radio.

Kitty Von-Sometime, leiðtogi The Weird Girls Project, segir að einn af skipuleggjendum hátíðarinnar hafi frétt af tilurð hópsins á síðustu Airwaves-hátíð og ákveðið að bjóða honum til London. „Ég hélt að okkur yrði ekki boðið því þetta er stór hátíð og við erum tiltölulega nýstofnaður hópur, höfum aðeins starfað í eitt ár. Þess vegna er þetta mikill heiður,“ segir Kitty.

Hópurinn er skipaður hátt í þrjátíu stúlkum sem eru flestar á þrítugsaldri. Hefur hann tekið þátt í ýmsum uppákomum sem Kitty hefur séð um að skipuleggja. Fá stúlkurnar aldrei að vita fyrr en á hólminn er komið hvert verkefnið er eða hvernig þær verða klæddar. „Ég sagði við þær að þær yrðu að samþykkja að vera ljósmyndaðar og kvikmyndaðar ef þær vildu vera með og það hefur ekki skipt neinu máli. Þær treysta mér algjörlega og gera það sem ég segi. Þetta hefur líka styrkt þeirra sjálfsmynd og þær eru ekki eins feimnar og áður,“ segir hún.

Á meðal verkefna The Weird Girls Project er þátttaka í tónlistarmyndbandi á Laugarvatni fyrir bandarísku hljómsveitina Heartsrevolution og ljósmyndataka þar sem hópurinn stillti sér upp og hermdi eftir frægu málverki Leonardo Da Vinci, Síðustu kvöldmáltíðinni.

- fb



**THE WEIRD GIRLS PROJECT** Kitty og vinkonur hennar í The Weird Girls Project taka þátt í listahátíð í London í október.

# Gestkvæmt hjá Steintryggi

**Trappa, önnur plata hljómsveitarinnar Steintryggs, er komin út.** ***Freyr Bjarnason*** **spjallaði við bank-bræðurna Steingrím Guðmundsson og Sigtrygg Baldursson.**

Þeir Steingrímur og Sigtryggur hafa unnið að Tröppu undanfarin fjögur ár með hléum. Fengu þeir til liðs við sig fjölda hljóðfæraleikara af ýmsum þjóðernum og eftir það sá ástralski tónlistarmaðurinn Ben Frost, sem er búsettur hérlendis, um að fullvinna verkið með hljóðgöldrum sínum. „Við vorum að djöflast í „lókal“ tónlistarmönnum hér og hvar,“ segir Sigtryggur um þriggja vikna tónleikaferð Steintryggs til Evrópu. „Við vorum með stúdíó með okkur og það var það sem þetta gekk út á, að ferðast, spila, taka upp og hitta „lókal“ tónlistarmenn.“

## Tyrkneskur flautusnillingur

Á meðal gesta Steintryggs á plötunni er tyrkneski strengja- og flautusnillingurinn Hadji Tekbilek. „Hann er rosalega flinkur músíkant og spilar á skemmtileg hljóðfæri,“ segir Steingrímur. Einnig koma við sögu dansk-hollenski hljóðfæraleikarinn Sören Venema, Daninn Lars Bo Kujahn sem leikur á flathörpu, Quanooon frá Egyptalandi og barkasönghópurinn Huun Huur Tu sem spilaði á Listahátíð í Reykjavík 2005. Að auki koma Kammerkór Suðurlands, saxófónleikarin Jóel Pálsson, Dave Randall, gítarleikari bresku sveitarinnar Faithless, og munnhörpuleikarinn David Jones frá Wales.

## Áhrif héðan og þaðan

„Við lítum ekki á þetta sem heimstónlist miðað við þann skilning sem er beinlínis lagður í það orð,“ segir Sigtryggur um tónlist Steintryggs. „Við lítum á þetta sem tilraunakennda tónlist. Við erum að taka fullt af áhrifum héðan og þaðan úr heiminum og búum til rytþmagrunna sem við teljum vera nokkuð einstaka fyrir okkur, báða slagverksmenn. Svo fer þetta allt í gegnum filterinn hjá karlinum, Ben Frost.“



**STEINTRYGGUR** Sigtryggur Baldursson, Ben Frost og Steingrímur Guðmundsson hafa sent frá sér plötuna Trappa.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Steintryggur heldur útgáfutónleika á Organ í kvöld til að fagna plötunni og hefjast þeir klukkan 22.00. Eftir það spilar sveitin á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði á föstudaginn langa.

# Fyrsta snilldarplata ársins

Borkó er listamannsnafn Björns Kristjánssonar. Hann hefur fengist við tónlist í mörg ár, hefur m.a. samið eitthvað fyrir leikhús og á að baki eina EP-plötu sem kom út fyrir nokkrum árum hjá Resonant-merkinu, en Celebrating Life er hans fyrsta stóra plata. Hún er búin að vera lengi í vinnslu; elsta lagið á henni er orðið sex ára gamalt. Platan kemur út hjá Kimi Records hér á Íslandi og á vegum Morr Music í Evrópu, en Borkó er þessa dagana á tónleikaferð um álfuna með múm.

Borkó má hiklaust telja til krúttsenunnar. Þegar hann spilaði á Airwaves síðasta haust fylgdu honum nokkrir af hirðhljóðfæraleikurum þeirrar senu og bæði Örvar Þóreyjarson Smárason og Gunnar Örn Tynes úr múm koma við sögu á Celebrating Life; Örvar sem textahöfundur og hljóðfæraleikari og Gunnar sem upptökustjóri með Borkó sjálfum.

Það fyrsta sem kemur upp í huggann þegar maður heyrir fyrstu tónana í upphafslaginu Continental Lover er líka múm. Áferðin og stemningin eru mjög lík. Eins og hjá múm er tónlist Borkó marglaga sambland af raftónlist og lifandi hljóðfæraleik. En þegar maður hlustar meira og betur á Celebrating Life þá uppgötvar maður að Borkó hefur alveg sín sérkenni sem skilja hann frá múm og öðrum krúttum.

Eitt af þeim eru áhrif frá stórsveitum áttunda áratugarins. Gítarleikurinn og risið í laginu Sushi Stakeout minnir t.d. einna helst á Pink Floyd á Dark Side Of The Moon eða Wish You Were Here og lokalagið Hondo er Borkó er einhvers konar uppfærð útgáfa af proggrokki. Andi áttunda áratugarins svífur yfir vötnum. Það er samt alls ekki eins og þetta sé einhver retró-plata, heldur er seventís-filingurinn eitt af hráefnunum í bragðmikilli tónlistarsúpu Borkós.

Flest þeirra átta laga sem eru á Celebrating Life eru án söngs og þau lög sem eru sungin eru bara með texta í smá kafla. Samt er platan melódísk og poppuð. Og fjölbreytt. Lagið Summer Logic er borið uppi af lúðrablæstri og munnhörpuleik, en í næsta lagi Doo Doo Doo eru raddir og gítar mest áberandi. Textinn og söngmelódían í Dingdong Kingdom („Hello is it me you're looking for/ding dong, are you standing at my door/peeping through my keyhole/smelling my kingdom...“) eru bráðskemmtileg og sýna að húmorinn er eitt af því sem skapar Borkó.



**TÓNLIST**
**Celebrating Life**
Borkó
★★★★

Þó að það sé margt sem minnir á krúttsveitir eins og múm og Benna Hemm Hemm hjá Borkó þá hefur tónlist hans alveg sín sérkenni líka. Hún er margþætt en líka melódísk og poppuð. Fyrsta snilldarplata ársins.

Celebrating Life er heilsteypt og virkar mjög vel þegar maður spilar hana alla í gegn í einu. Fyrsta íslenska snilldarplatan á árinu 2008.

Trausti Júlíusson

# Uppreisn í blóðinu

Heilsíðugrein um feril Bjarkar Guðmundsdóttur var að finna í laugardagsútgáfu breska dagblaðsins The Independent. Tilefnið er hvatningarorð hennar til Tíbet á tónleikum sínum í Kína sem hafa vakið mikla athygli víða um heim.

„Það hlýtur að vera leiðinlegt að vera Björk þessa dagana. Eftir allar frábæru plöturnar, framsækni tónlistarmyndböndin og framandi klæðnaðinn á hin óútreiknanlega stjarna sífellt erfiðara með að koma aðdáendum sínum á óvart. En henni tókst það með því að æpa „Tíbet!, Tíbet!“ á tónleikum í Sjanghaí undir lok lagsins Declare Independence,“ sagði í greininni. „Þessi árás á kínversk stjórnvöld var svolítið eins og að kasta smásteinum í fíl. Ef Steven Spielberg getur ekki haft áhrif á stefnu kínverskra stjórnvalda, hvaða möguleika á þá tónlistarkona eins og Björk?“

Í greininni er því einnig haldið fram að Björk sé með uppreisnarandann í blóðinu því móðir hennar sé femínisti og faðir hennar formaður Rafgreinasambands Íslands.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Breska dagblaðið The Independent birti heilsíðugrein um feril Bjarkar Guðmundsdóttur.

# Verktaki stefnir fótboltakappa

Verktakafyrirtækið Strúctor byggingaþjónusta ehf. hefur stefnt Ríkharði Daðasyni, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmanni í knattspyrnu, vegna vangoldinna greiðslna í tengslum við viðgerð á húsnæði hans að Sunnuvegi í Reykjavík.

Húsnæðið þarfnaðist viðgerða þegar Ríkharður festi kaup á því og réð hann Strúctor, sem sérhæfir sig í breytingum og endurnýjun húsnæðis, til að sjá um verkið.

Að sögn lögfræðings Ríkharðs, Steinars Þórs Guðgeirssonar, sem er fyrrverandi leikmaður Fram eins og Ríkharður, var skjólstæðingur hans ósáttur við viðgerðina. Neitar hann að greiða þá upphæð sem fyrirtækið vill fá fyrir verkið og því er málið á leið fyrir dómstóla.

Talsmaður Strúctor vildi ekkert láta hafa eftir sér í tengslum við málið en staðfesti þó að Ríkharður hefði ekki greitt fyrir umbeðna þjónustu og fullyrti að fyrirtækið hefði staðið við öll sín loforð við framkvæmd viðgerðarinnar.

Ríkharður Daðason spilaði fjölda landsleikja fyrir Íslands hönd og var jafnan duglegur að þenja út netmöskvana. Einnig spilaði hann sem atvinnumaður bæði í Noregi og á Englandi við góðan orðstír. Eftir að hann kom heim til Íslands spilaði hann með sínum gömlu félögum í Fram áður en hann lagði skóna á hilluna. - fb



**RÍKHARÐUR DAÐASON** Knattspyrnukappinn fyrrverandi Ríkharður Daðason á í deilum við verktakafyrirtækið Strúctor byggingaþjónustu ehf.



**CRANIUM VARÐ Í ÖÐRU SÆTI 1993** Spilaði dauðarokk og lét mynda sig í kirkju.

# Ég elska Satan á Rás 2

Nú standa Músiktilraunir yfir. Þar hefur alltaf verið (mis)hátt hlutfall hljómsveita sem spila argasta þungarokk af öllum tegundum. Arnar Eggert Thoroddsen sem sér um þáttinn Metall!!! á Rás 2 ætlar að fjalla um Músiktilrauna-þungarokkið í þættinum í kvöld strax á eftir tíufréttum. Af mörgu er að taka og Arnar rótar eftir gullmolunum í safni RÚV. Hlustendur mega eiga von á að heyra í dauðarokksveitinni Sororicide, sem vann keppnina árið 1991 (undir nafninu Infusoria), Bootlegs sem tók þátt fjórum sinnum, hornfirsku bylmingssveitinni Mosaeyði sem sló í gegn með ópusnum „Ég elska Satan“ og Bee Spiders, gruggsveit sem Jónsi í Sigur Rós fór fyrir.



**KINGS OF LEON** Sveitarokkararnir spila á Hróarskelduhátíðinni í sumar.

# Kóngarnir á Hróarskeldu

Hljómsveitin Kings of Leon og tónlistarmaðurinn Will Oldham, einnig þekktur sem Bonnie Prince Billy, hafa bæst í hóp þeirra sem spila á Hróarskelduhátíðinni í sumar.

Einnig hafa rokksveitin The Dillinger Escape Plan og sinfóníuhljómsveitin The Tivoli Symphony Orchestra frá Danmörku bæst við dagskrána. Á meðal fleiri flytjenda sem hafa bókað sig á hátíðina eru Radiohead, Neil Young, The Chemical Brothers, Judas Priest, Slayer og The Streets.

Hróarskelda 2008 fer fram dagana 3.-6. júlí og hefst upphitun 29. júní.






## > Þórsarar geta tryggt sér síðasta sætið

Sjö lið hafa þegar tryggt sér sæti í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla og nýliðar Þórs frá Akureyri geta orðið áttunda og síðasta liðið inn í úrslitakeppnina vinni þeir í Grindavík í kvöld. Þór hefur unnið 4 af 5 leikjum sínum síðan liðið fékk hinn hávaxna Robert Reed til sín en í kvöld mæta þeir Grindvíkingum sem hafa tapað tveimur leikjum naumlega í röð, þeim fyrri í framlengingu gegn ÍR en þeim síðari á flautukörfu gegn Snæfelli í Hólminum. Þór vann fyrri leik liðanna með sex stigum á Akureyri. Aðrir leikir kvöldsins eru Fjölnir-Njarðvík í Grafarvogi, Tindastóll-KR á Sauðárkróki og Snæfell-ÍR í Stykkishólmi en allir leikirnir hefjast klukkan 19.15.



**sport**

sport@frettabladid.is

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR MARKAHÆST Á ALGARVE CUP: SKORAÐI Í ÁTTUNDA LANDSLEIKNUM Í RÖÐ

# Við ætlum okkur að fara alla leið í ár

Margrét Lára Viðarsdóttir tryggði sér markakóngstitilinn á Algarve Cup með því að skora sitt sjötta mark á mótinu í 3-0 sigri á Finnum í gær. Hún er búin að skora í átta landsleikjum í röð og alls 35 mörk í 39 A-landsleikjum.

„Þetta er búið að vera frábært og þessi sigurleikur gegn Finnum var bara til þess að toppa ferðina í alla staði. Við vorum svolítið ryðgaðar í byrjun móts en síðan vorum við farnar að spila glimrandi vel og enduðum þetta síðan með stæl því sigurinn hefði alveg getað orðið stærri," sagði Margrét Lára.

„Við vorum með hápressu nánast allan tímann og það er nokkuð sem íslenska kvennalandsliðið hefur ekki gert áður. Við erum að koma svolítið á óvart með þessu, erum að setja mörk snemma í leikjunum sem gefur okkur síðan aukið sjálfstraust," sagði Margrét Lára, sem játaði að markið í gær væri eitt það flottasta sem hún hafði skorað.

„Þetta mark getur alveg komist inn á topp fimm hjá manni og það var mjög skemmtilegt að skora þetta mark," segir Margrét og bætir við: „Ég er orðin reynslunni ríkari, búin að spila í nokkur ár og þá fer maður að ná meiri stöðugleika, er að skora frekar í hverjum leik í stað þess að skora þrjú í einum leik en skora síðan ekki í næstu fjórum á eftir. Ég veit að ég þarf að vera klár þegar boltinn kemur því við fáum ekki það mörg færi í hverjum leik," segir Margrét. Hún er aðeins 22 ára gömul en er engu að síður í leiðtogahlutverki í liðinu.

„Ef við lítum yfir leikjafjölda leikmanna held ég að ég sé fjórða í röðinni. Þó að ég sé ennþá ung tek ég mikla ábyrgð í þessu liði og ég held að við gerum það allar. Maður reynir líka að hjálpa þessum yngri sem eru að stíga sín fyrstu skref því maður þekkir alveg hvernig það er," segir Margrét Lára sem er bjartsýn á árið.

„Við ætlum okkur að fara alla leið í ár. Þetta er frábær hópur og mjög sterk liðsheild. Ég held að það sjái það allir sem hafa verið í kringum þennan hóp að þetta er einstakur hópur sem getur náð gríðarlega langt ef við erum tilbúnar að leggja hart að okkur."



## ÚRSLITIN Í GÆR

### Enska úrvalsdeildin:

| | |
|---|---|
| Portsmouth-Birmingham | 4-2 |

1-0 Jermain Defoe, víti (6.), 2-0 Jermain Defoe (9.), 2-1 Fabrice Muamba (10.), 2-2 Sebastian Larsson (40.), 3-2 Hermann Hreiðarsson (49.), 4-2 Kanu (90.)

| | |
|---|---|
| Aston Villa-Middlesbrough | 1-1 |

0-1 Stewart Downing (23.), 1-1 Gareth Barry, víti (74.)

| | |
|---|---|
| Chelsea-Derby | 6-1 |

1-0 Frank Lampard, víti (28.) , 2-0 Salomon Kalou (42), 3-0 Lampard (57.), 4-0 Joe Cole (64.), 5-0 Lampard (66.), 6-0 Lampard (72.), 6-1 David Jones (73.)

### Euroleague í körfubolta:

| | |
|---|---|
| Lottomatica-AAXA FC Barcelona | 68-63 |

Jón Arnór Stefánsson skoraði 8 stig á 19 mínútum auk þess að taka 3 fráköst og stela 2 boltum. Lottomatica varð að vinna leikinn til að eiga möguleika á að komast í 8 liða úrslitin.

### Þýski handboltinn:

| | |
|---|---|
| SC Magdeburg- Wetzlar | 33-25 |
| Flensburg-Füchse Berlin | 31-23 |

Einar Hólmgeirsson skoraði 4 mörk fyrir Flensburg og Alexander Petersson var með 2 mörk.

| | |
|---|---|
| Gummersbach-HSV Hamburg | 29-32 |

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 5 mörk og Róbert Gunnarsson var með 2.

### Algarve Cup:

| | |
|---|---|
| Ísland-Finnland | 3-0 |

1-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (12.), 2-0 Rakel Hönnudóttir (41.), 3-0 Guðrún Sóley Gunnarsdóttir (90.).

**Lið Íslands:** Guðbjörg Gunnarsdóttir (88., Sandra Sigurðardóttir) - Ólína G. Viðarsdóttir. Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Ásta Árnadóttir (56., Embla Grétarsdóttir) - Edda Garðarsdóttir, Dóra Stefánsdóttir (83., Erla Steina Arnardóttir), Sara Björk Gunnarsdóttir (60., Katrín Ómarsdóttir) - Rakel Hönnudóttir (73., Dóra María Lárusdóttir), Margrét Lára Viðars dóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir (63., Greta Mjöll Samúelsdóttir)

| | |
|---|---|
| **Leikur um 1. sætið** | |
| Bandaríkin-Danmörk | 2-1 |
| **Leikur um 3. sætið** | |
| Noregur-Þýskaland | 2-0 |
| **Leikur um 5. sætið** | |
| Svíþjóð-Ítalía | 3-0 |
| **Leikur um 7. sætið** | |
| Kína-Portúgal | 1-1 |

Kína vann í vítakeppni 5-4

**Margrét Lára Viðarsdóttir** varð markadrottning mótsins annað árið í röð en hún hefur skorað 10 mörk í 8 leikjum á þessu móti undanfarin tvö ár.

N1 DEILDIN
Fimmtud. 13. mars
N1 deild karla
Framhús kl. 20.00
Fram - Valur
Mýrin kl. 20.00
Stjarnan - Afturelding
N1 deild kvenna
KA heimilið kl. 19.00
Akureyri - Haukar
Digranes kl. 19.00
HK - Fram
Fylkishöll kl. 19.00
Fylkir - FH
Seltjarnarnes kl. 19.00
Grótta - Valur

# Við erum með þrusugott landslið

**Íslenska kvennalandsliðið vann alla fjóra leiki sína á Algarve Cup og tryggði sér sjöunda sætið með glæsilegum 3-0 sigur á Finnum í gær. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði í áttunda landsleiknum í röð.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið er að gera frábæra hluti undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar og sýndi það og sannaði með góðum sigri á sextándu bestu knattspyrnuþjóð heims þegar liðið vann Finnland 3-0 í gær.

Margrét Lára Viðarsdóttir, Rakel Hönnudóttir og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir skoruðu mörk íslenska liðsins. Fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir var þarna að spila sinn 74. landsleik en hún varð einnig fyrsta konan til þess að spila 70 A-landsleiki.

„Ég var mjög ánægður með mótið í heild sinni og leikurinn í dag [gær] var sennilega sá besti hjá okkur á þessu móti. Fyrri hálfleikurinn var virkilega góður og svo skorum við þrjú mörk og höldum hreinu. Við erum að senda skilaboð með þessari frammistöðu til mótherja okkur í riðlinum og kannski bara líka til íslensku þjóðarinnar um að fylgjast vel með okkur og mæta á leikina okkar í sumar því við erum með þrusugott lið," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins.

Sigurður Ragnar var mjög ánægður með varnarleikinn. „Við erum ekki að fá á okkur nein mörk í opnun leik og varnarlega er íslenska landsliðið mjög öflugt. Ég er núna búinn að vera með liðið í þrettán leikjum og við höfum bara fengið á okkur tólf mörk. Það er góð tölfræði og við höfum líka unnið alla leiki sem við höfum haldið hreinu í þannig að við höfum alltaf haft það sem áhersluatriði að halda hreinu. Það er mjög gott að vinna lið 3-0 sem á að vera sterkara en við," sagði Sigurður Ragnar. „Það er margt jákvætt að gerast hjá okkur. Það eru nýliðar að stíga sín fyrstu skref og þær eru strax farnar að standa sig frábærlega vel. Svo eru líka nokkrir reynsluboltar í liðinu sem eru mjög mikilvægir og voru að spila virkilega vel á þessu móti," sagði Sigurður Ragnar en hann var ánægður með að íslenska liðið spilaði betur saman og héldi boltanum betur innan liðsins en oft áður.

Margrét Lára Viðarsdóttir kom íslenska liðinu í 1-0 með stórglæsilegu marki strax á tólftu mínútu en hún skoraði um leið í áttunda landsleiknum í röð og hefur þar með skorað 35 mörk í aðeins 39 A-landsleikjum.

„Margrét Lára skoraði frábært mark í dag [gær] og kom okkur á blað. Hún hitti boltann ótrúlega vel og skoraði með langskoti efst upp í hornið. Hún er búin að skora í átta leikjum í röð og er að standa sig rosalega vel. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að hafa íþróttamann ársins í okkar röðum, hún er líka að bæta sig og að spila ennþá betur en í fyrra þó að það hafi verið erfitt. Hún skoraði sex mörk á þessu móti og er langmarkahæsti leikmaður mótsins," sagði Sigurður Ragnar.

Guðbjörg Gunnarsdóttir er tekin við sem aðalmarkvörður landsliðsins og fékk aðeins eitt mark á sig á mótinu.

„Ég var mjög ánægður með Guðbjörgu og hún fékk nú mikilvæga reynslu. Hún fékk mikinn leiktíma í mótinu, greip alltaf vel inn í þegar á þurfti að halda og besti leikurinn hennar var gegn Finnum í dag þar sem hún þurfti að verja þrisvar mjög vel. Hún virkaði mjög örugg í öllum aðgerðum og er að fylla upp í skarð Þóru B. Helgadóttur. Það er mikilvægt fyrir okkur að hafa öflugan markmann og Guðbjörg átti mjög gott mót," sagði Sigurður Ragnar um markmanninn sinn.

Fram undan er barátta um að komast á EM í Finnlandi 2009. „Við erum ennþá að stefna á það að vera fyrsti íslenska landsliðið sem kemst í úrslitakeppni stórmóts og ég vona að íslenska þjóðin standi við bakið á okkur og allir verði duglegir að koma á þessa tvo landsleiki í júní því það gæti fleytt okkur alla leið," sagði Sigurður að lokum.

ooj@frettabladid.is



**FRÁBÆR ÁRANGUR** Kvennalandsliðið hefur unnið 9 af 13 leikjum undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**FYRSTA MARKIÐ** Rakel Hönnudóttir skoraði sitt fyrsta mark fyrir A-landsliðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÖRUGG Í MARKINU** Guðbjörg Gunnarsdóttir stóð sig vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frank Lampard skoraði fernu í stórsigri Chelsea á botnliði Derby í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi:

# Hermann skoraði í sigurleik Portsmouth

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson var á skotskónum í fyrsta sinn í fimm mánuði þegar hann skoraði eitt marka Portsmouth í 4-2 sigri á Birmingham í gærkvöldi. Stigin þrjú komu Hermanni og félögum upp um tvö sæti í ensku úrvalsdeildinni. Chelsea vann á sama tíma 6-1 stórsigur á Derby og er nú aðeins fimm stigum á eftir toppliði Arsenal.

Portsmouth komst upp fyrir Blackburn og Manchester City í sjöunda sætið með 4-2 sigri á Birmingham. Jermain Defoe skoraði tvö mörk á fyrstu níu mínútum en Birmingham var búið að jafna fyrir hlé. Hermann skoraði sitt mark af stuttu færi í upphafi síðari hálfleiks eftir aukasyrnu Muntari frá hægri. Þetta var þriðja mark Hermanns á tímabilinu en hann skoraði síðast í sigri á Fulham í byrjun október. Það var síðan varamaðurinn Kanu sem gulltryggði sigurinn í uppbótartíma en mark Hermanns var vendipunktur í þróun mála í seinni hálfleik.

Það voru fleiri á skotskónum í í deildinni í gær því Frank Lampard skoraði fernu í 6-1 sigri Chelsea á Derby og fyrir vikið eru Lampard og félagar aðeins fimm stigum á eftir toppliðinu.

Lampard skoraði fyrsta mark leiksins úr vítaspyrnu sem hann fiskaði sjálfur en í seinni hálfleik opnuðust allar flóðgáttir þar sem Lampard bætti við þremur mörkum. Það getur fátt komið í veg fyrir að Derby falli úr deildinni og þar sem næsti leikur er gegn Manchester United geta leikmenn liðsins byrjað að búa sig undir næstu rasskellingu.

Aston Villa virðist vera að gefa eftir í baráttunni við Liverpool og Everton um fjórða og síðasta sætið inn í Meistaradeildina því liðið náði aðeins 1-1 jafntefli á heimavelli gegn Middlesbrough í gær. Villa er nú sjö stigum á eftir Liverpool-liðunum.

- óój



**Á SKOTSKÓNUM** Hermann Hreiðarsson kom Portsmouth í 3-2 í gær. Hann fagnaði vel sínu fyrsta marki í fimm mánuði í ensku úrvalsdeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY





Notaðir úrvalsbílar Brimborgar
Frábært páskaverð
Opið til kl. 21 í kvöld
Brimborg Akureyri, Reykjavík

Allt á haus. Við erum í miklu páskasamningastuði.

# Reynsluaktu
# Fáðu 2 páskaegg í Brimborg í dag

Fyrstu 500 sem **reynsluaka notuðum úrvalsbíl** frá Brimborg fá tvö páskaegg frá Nóa Siríus.

***Notaðir úrvalsbílar Brimborgar. Opið til kl. 21 í kvöld.***

Við erum í miklu páskasamningastuði í dag.
Seldu okkur gamla bílinn þinn fyrir nýjan notaðan.
Gerðu frábær páskakaup.

Við gerum næstum allt fyrir þig í dag:

- við bjóðum þér frábær páskakjör
- við kaupum gamla bílinn þinn
- við sækjum um allt að 90% lán fyrir þann nýja
- við skráum nýja notaða úrvalsbílinn þinn og
- við tryggjum hann hjá tryggingafélaginu þínu

Þægilegra getur það bara ekki verið.
Byrjaðu páskana í Brimborg.
***Opið til kl. 21 í kvöld.***




**Seldu Brimborg gamla bílinn þinn**
**Kauptu nýjan notaðan í staðinn**

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

Ólafur Jóhannesson kynnti hóp Íslands og plön sín fyrir undankeppni HM 2010:

# Ólafur fékk sér fjóra ráðgjafa

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari karla í knattspyrnu, tilkynnti í gær átján manna leikmannahóp sinn fyrir vináttulandsleik gegn Færeyjum sem fram fer í Kórnum í Kópavogi á sunnudaginn 16. mars kl. 16.00. Ólafur tilkynnti enn fremur að hann hefði ákveðið að leita aðstoðar fjögurra valinkunnra kollega sinna til að njósna um mótherja Íslands í undankeppni HM 2010.

Þar sem ekki er um alþjóðlegan keppnisdag að ræða þá voru hendur Ólafs að mestu leyti bundnar við að velja þá leikmenn sem leika hérlendis og fimm nýliðar eru í A-landsliðshópnum að þessu sinni. Það eru þeir Guðmann Þórisson, Guðmundur Reynir Gunnarsson, Hallgrímur Jónasson, Heimir Einarsson og Hjörtur Logi Valgarðsson. Aron Einar Gunnarsson, leikmaður AZ Alkmaar, er eini leikmaðurinn í hópnum sem leikur erlendis.

„Ég sótti reyndar um að fá ákveðna leikmenn sem leika erlendis en fékk því miður ekki leyfi hjá viðkomandi félögum. Árni Gautur Arason er náttúrulega án félags eins og er og ég ákvað því að velja hann ekki að þessu sinni en hann er enn inni í myndinni hjá mér eins og aðrir. Bjarni Guðjónsson, leikmaður ÍA, var einn af þeim leikmönnum sem ég hafði hugsað mér að velja en hann gat ekki gefið kost á sér þar sem hann er meiddur,“ sagði Ólafur sem tilkynnti einnig fjögurra manna ráðgjafahóp sem mun aðstoða hann í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni HM 2010.

„Ég fór þess á leit við heiðursmennina Leif Garðarsson, þjálfara Fylkis, Willum Þór Þórsson, þjálfara Vals, Kristján Guðmundsson, þjálfara Keflavíkur, og Rúnar Kristinsson, yfirmann knattspyrnumála hjá KR, að aðstoða mig við að fylgjast með andstæðingum Íslands í undankeppni HM 2010 og mun hver og einn þeirra fá eitt lið í riðlinum til að fylgjast með og leikgreina. Rúnar tekur Noreg fyrir, enda spilaði hann þar, Leifur fylgist með Skotum þar sem hann telur sig vita svo mikið um breskan fótbolta og Kristján fær Makedóníu og Willum fær Holland vegna tungumálakunnáttu þeirra,“ sagði Ólafur á léttum nótum en hélt svo áfram án gríns:

„Ég tel að það geti komið okkur vel að hafa einn mann sem einbeitir sér að hverju landi fyrir sig í stað þess að grautast í öllum saman og síðan munum við hittast og fara yfir hvern mótherja fyrir sig og horfa á upptökur af leikjum og annað,“ sagði Ólafur.

- óþ



**UNNIÐ AF FAGMENNSKU** Ólafur Jóhannesson er koma upp fagmannlegri umgjörð í kringum karlalandsliðið í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LEIKMANNAHÓPUR:**

Markverðir:
Kjartan Sturluson (Valur)
Stefán Logi Magnússon (KR)

Útileikmenn:
Helgi Sigurðsson (Valur)
Tryggvi Guðmundsson (FH)
Marel J. Baldvinsson (Breiðablik)
Baldur I. Aðalsteinsson (Valur)
Atli Sveinn Þórarinsson (Valur)
Birkir Már Sævarsson (Valur)
Bjarni Ólafur Eiríksson (Valur)
Davíð Þór Viðarsson (FH)
Jónas Guðni Sævarsson (KR)
Pálmi Rafn Pálmason (Valur)
Aron Einar Gunnarsson (AZ Alkmaar)
Guðmann Þórisson (Breiðablik)
Guðmundur Reynir Gunnarsson (KR)
Hallgrímur Jónasson (Keflavík)
Heimir Einarsson (ÍA)
Hjörtur Logi Valgarðsson (FH)



**LEIKURINN UMDEILDI** Hornamaðurinn knái Guðjón Finnur Drengsson brýst hér í gegnum Haukavörnina í leiknum. Ritaraborðið tvískráði mark hjá Fram í leiknum, mistökin voru viðurkennd en kæru Hauka hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Úrslitin í úrslitaleik deildarbikarsins standa:

# Málið var hálfpartinn svæft hjá dómstólnum

**HANDBOLTI** Dómstóll HSÍ hefur hafnað kröfu Hauka þess efnis að úrslit leiks þeirra og Fram í úrslitum deildarbikars HSÍ verði dæmd ógild og leikurinn spilaður að nýju. Dómurinn staðfestir að mistök hafi verið við skráningu marka en eitt marka leiksins var tvískráð á Fram, sem vann leikinn, 30-28.

Samkvæmt leikreglum HSÍ eru dómarar ábyrgir fyrir skráningu marka og mistökin á þeirra ábyrgð. Mistök eru hluti af leiknum rétt eins og önnur atvik sem hafa áhrif á þróun og úrslit leikja. Þeir skrifuðu undir skýrsluna með þessum lokatölum og því standa úrslitin.

„Það verður að játast að maður var næstum búinn að gleyma þessu. Þetta er búið að taka óralangan tíma og málið var hálfpartinn svæft hjá dómstólnum,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka. Félagið hefur beðið niðurstöðu í rúma þrjá mánuði en leikurinn fór fram 29. desember í fyrra.

„Þeir fóru léttu leiðina út úr þessu. Úrslit standa og ekkert vesen. Það segir að dómararnir beri ábyrgð en staðan er nú orðin þannig í dag að dómarar hafa vart tíma til að skrá mörkin. Þá þurfum við að spyrja okkur að því hvort við þurfum ekki hlutlausa aðila á ritaraborðin ólíkt því sem gerist í dag. Dómarar þurfa að treysta ritaraborðinu,“ sagði Aron en hann útilokar ekki að skjóta málinu til áfrýjunardómstóls HSÍ.

- hbg



* Verð í auglýsingunni er án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af Transit er samlitur á stuðara og grilli og þokuljós í framstuðara. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
Formula 1
VEISLAN ER HAFIN
VIÐ RÁSMARKIÐ Í KVÖLD KL. 20:00
Í kvöld kl. 20:00 F1: Við rásmarkið, rætt við ökumenn og áhugamenn
Í kvöld kl. 22:55 F1: Æfing 1, bein útsending frá Ástralíu
Í kvöld kl. 02:55 F1: Æfing 2, bein útsending frá Ástralíu – Eftir miðnætti
14. mars kl. 23:55 F1: Æfing 3, bein útsending frá Ástralíu
14. mars kl. 02:45 F1: Tímataka, bein útsending frá Ástralíu – Eftir miðnætti
15. mars kl. 04:00 F1: Kappakstur, bein útsending frá Ástralíu – Eftir miðnætti
16. mars kl. 22:00 F1: Við endamarkið, uppgjör mótsins í Ástralíu
Upplýsingar um Formúlu 1 mótin og útsendingar Sýnar er á www.kappakstur.is
Komdu í Kringluna um helgina og sjáðu glæsilegan Formúlu 1 kappakstursbíl!
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT
sýn
besta sætið
BYGG
bygg.is
N1
LÝSING
DHL

## > Sean Penn

Sean Penn hætti að reykja um tíma þegar hann varð fertugur út af heilsu sinni. Hann er þekktur sem einn mesti keðjureykingamaður í Hollywood því hann reykir að minnsta kosti fjóra pakka á dag. Sean Penn leikur í spennumyndinni The Interpreter sem er sýnd á Stöð2Bíó í kvöld á miðnætti.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR REYNIR AÐ FALLA FYRIR PUSHING DAISIES

# Veisla fyrir augu olli vonbrigðum



Fyrir nokkrum vikum lýsti ég yfir tilhlökkun minni eftir nýja þættinum, Pushing Daisies, sem Stöð 2 hefur tekið til sýninga. Þegar ég loks komst til að sjá þættina varð ég fyrir dálítlum vonbrigðum enda bjóst ég við því að verða heilluð upp úr skónum. Á pappír hefur þátturinn allt til að bera, gullfallegt útlit, öðruvísi söguþráð og ágætis leikara, að því er ég kemst næst. Svo ekki sé nú minnst á þá staðreynd að aðalpersónan hefur það að atvinnu að baka listilega gerðar og þar með afar lystugar bökur, sem er alltaf plús í mínum bókum. Þessi fyrsti þáttur hitti þó ekki alveg í mark. Útlitið stóð að vísu fyrir sínu, fyrir jafn yfirgengilega rómantíska manneskju og undirrituð er. Ég ímynda mér að þetta hafi verið svipuð upplifun fyrir mig og Latibær er fyrir yngri kynslóðina: skjárinn er að springa úr litagleði og draumaveröld hrópar á mann. Ég gat hins vegar ekki alveg notið þessarar veislu fyrir augun af því að söguþráðurinn náði mér hreinlega ekki. Ég veit ekki hvort ég var eitthvað illa stemmd þennan dag, en ég var bara ekki alveg reiðubúin að dýfa mér inn í þann veruleika að maður gæti lífgað fólk við með einni snertingu – og deytt það skömmu síðar með annarri. Ég er ekki frá því að kjánahrollur hafi meira að segja gert vart við sig. Ég er hins vegar meira en til í að gefa bakaranum og félögum annað tækifæri, enda er ég búin að bíta það í mig að mér skuli líka við Pushing Daisies.

Hvað slæma stemningu varðar var hún lítt skárri á sunnudaginn þegar ég sá fram á notalegan dag í sófanum með sæng og fjarstýringu að vopni. RÚV bauð mér upp á hestaíþróttir, fast á hæla þeim fylgdu frjálsar íþróttir. Skjár einn, sem hefur oftar en ekki miskunnað sig yfir mig í sunnudagsþreytunni með endursýningum, brá undir sig betri fætinum og bauð upp á fjögurra tíma Moto GP maraþon. Ég spyr mig – er enginn í þessum dagskrárdeildum sem þjáist líka af sunnudagsþreytu?

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Hollyoaks SIRKUS



▶ **20.00** Touching the Void STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.20** The New Adventures of Old Christine STÖÐ2



▶ **21.00** Life SKJÁREINN



▶ **21.30** Klovn SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** e.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Rahína** (2:3) e.
**18.00 Stundin okkar**
**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs) e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð.
**20.45 Bræður og systur** (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
▶**21.30 Trúður** (6:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Rebus - Endurreistir menn** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ian Rankin um John Rebus rannsóknarlögreglumann í Edinborg.
**23.35 Anna Pihl** (4:10) e.
**00.20 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Touching the Void**
**08.00 Wide Awake**
**10.00 The Perez Family** (e)
**12.00 Not Without My Daughter** (e)
**14.00 Wide Awake**
**16.00 The Perez Family** (e)
**18.00 Not Without My Daughter** (e)
▶**20.00 Touching the Void** (Hættulegt klifur)
**22.00 Heimsókn úr geimnum**
**00.00 The Interpreter**
**02.05 Gang Tapes**
**04.00 Heimsókn úr geimnum**

## 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Studio 60**
**11.15 60 mínútur**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Heima hjá Jamie Oliver**
**15.05 Commander In Chief**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends**
▶**20.20 The New Adventures of Old Christine** Christina er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er komin með nýja og miklu yngri Christine sem gamla Christine á í stöðugri samkeppni við.
**20.45 My Name Is Earl**
**21.10 Flight of the Conchords** Þættirnir koma frá HBO og fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem komnir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama. Saman skipa þeir hljómsveitina Flight of the Conchords en þrátt fyrir einbeittan vilja til að slá í gegn fá þeir ekki að troða upp annars staðar en á sædýrasafninu í hverfinu og í aðdáendaklúbbnum er aðeins ein kona sem er laglega veik á geði og hefur þá báða á heilanum.
**21.35 Numbers**
**22.20 ReGenesis**
**23.10 12 Days of Terror**
**00.35 Big Shots**
**01.20 Cold Case**
**02.05 Touch of Pink**
**03.35 Blind Horizon**
**05.10 My Name Is Earl**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 UEFA Cup**
**17.00 UEFA Cup**
**18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**19.35 Inside the PGA**
**20.00 Formúla 1** (F1: Við rásmarkið) Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn sem fram fer í Ástralíu. Spjallþáttur í beinni útsendingu þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
**20.40 Utan vallar**
**21.25 Formúla 1** (F1: Frumsýning Formúla 1) Fjallað verður um frumsýningar Formúlu 1-liða á nýjum ökutækjum.
**22.10 Formúla 1** (F1: Að tjaldarbaki) Frábær þáttur þar sem skyggnst er bak við tjöldin í Formúlu 1.
**22.55 Formúla 1** (Formúla 1 - Ástralía - Æfingar) Bein útsending þar sem sýnt verður frá æfingum liðanna fyrir kappaksturinn í Ástralíu.
**00.30 UEFA Cup**
**02.10 Formúla 1** (F1: Við rásmarkið) Hitað upp fyrir Formúlu 1-kappaksturinn sem fram fer í Ástralíu. Spjallþáttur í beinni útsendingu þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
**02.55 Formúla 1** (Formúla 1 - Ástralía - Æfingar)

## SÝN2

**07.00 Chelsea - Derby** Útsending frá leik Chelsea og Derby í ensku úrvalsdeildinni.
**12.20 Aston Villa - Middlesbrough** Útsending frá leik Portsmouth og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
**14.00 Tottenham - West Ham** Útsending frá leik Tottenham og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**15.40 Portsmouth - Birmingham**
**17.20 Chelsea - Derby** Útsending frá leik Chelsea og Derby í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 English Premier League**
**20.00 Premier League World**
**20.30 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 PL Classic Matches**
**21.30 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.30 4 4 2**
**23.50 Coca Cola mörkin**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 All of Us**
**17.15 Fyrstu skrefin** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Innlit / útlit** (e)
**19.40 Game tíví** (9:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.10 Everybody Hates Chris** Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Allir í fjölskyldunni eru með flensu nema Chris. Hann er sendur í pössun til herra Omars þar til hættan er yfirstaðin en herra Omar hefur ekki tíma til að passa. Chris notar tækifærið til að bjóða stelpu í heimsókn en allt fer úr böndunum.
**20.35 The Office** Bandarískir gamanþættir sem hlutu Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael sendir sölumenn sína út af örkinni í tveggja manna liðum. Andy reynir að sannfæra Michael um að Dwight sé ómögulegur aðstoðarmaður.
▶**21.00 Life** Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Samkynhneigður maður er myrtur á heimili sínu og heimilislaus maður er grunaður um morðið. Hann segist saklaus og undarlegar frásagnir nágrannana koma Crews og Reese á sporið.
**21.50 C.S.I: Miami** Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Kvikmyndastjarna er myrt og það voru margir sem vildu hann feigan.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 America's Next Top Model** (e)
**00.25 Cane** (e)
**01.15 Vörutorg**
**02.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## MORGUNMATURINN



*„Ég hef eiginlega aldrei tíma til að borða morgunmat því ég er alltaf farinn í vinnuna hálf sjö á morgnana. Ég fæ mér samt alltaf heimalagðan espressó, annars fer ég ekki úr húsi. Annars er það bara þetta klassíska, Cheerios og múslí.“*

Þorvaldur H. Gröndal, trommuleikari Trabant.

# Ívar Guðmunds styður Arnar Grant

„Þessar fréttir komu mér auðvitað í opna skjöldu enda Arnar ekki þekktur fyrir neitt annað en að vera ljúfur sem lamb,“ segir Ívar Guðmundsson, viðskiptafélagi og vinur einkaþjálfarans Arnars Grant. Eins og fjölmiðlar greindu frá var Arnar nýlegar kærður til lögreglunnar fyrir eignaspjöll eftir að hafa brotið rúðu í bíl sem lagt var í stæðið hans. Útvarpsmaðurinn á Bylgjunni segist hafa fengið að heyra hlið Arnars á málinu og veit sem er að Arnar er reiðubúinn til að rétta fram sáttahönd.

Ívar og Arnar tóku höndum saman fyrir nokkru og settu á markað íþróttasúkkulaði enda verið áberandi í líkamsræktaræði þjóðarinnar. Og hefur auglýsingaherferð þeirra, þar sem vinirnir bregða sér í líki Rockys Balboa, vakið verðskuldaða athygli. Ívar segir að súkkulaðið góða hafi lítil sem engin áhrif á skap manna og að reiðikast Arnars megi síður en svo rekja til þess. „Nei, nei, það er líklegra að menn bráðni ef eitthvað er,“ segir Ívar sem telur sig vita að Arnar sjái mikið eftir þessu. „Auðvitað stendur maður við bakið á félaga sínum, fólk er bara mannlegt og Arnar líka, þrátt fyrir að vera hrikalegur að burðum.“ -fgg



**FÉLAGAR Í BLÍÐU OG STRÍÐU** Ívar Guðmundsson, til vinstri, segist vita að Arnar væri reiðubúinn til að rétta fram sáttahönd í málinu. Arnar braut rúðu á bíl sem lagt var í stæði hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** kennimark **6.** hvort **8.** prjónavarningur **9.** kyrra **11.** guð **12.** framrás **14.** fet **16.** gat **17.** angra **18.** aur **20.** gangflötur **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í S-Ameríku **3.** belti **4.** stólpagripur **5.** rjúka **7.** skref **10.** struns **13.** púka **15.** svik **16.** margsinnis **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lögð, **6.** ef, **8.** les, **9.** róa, **11.** ra, **12.** útrás, **14.** skref, **16.** op, **17.** ama, **18.** for, **20.** il, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** perú, **3.** ól, **4.** gersemi, **5.** ósa, **7.** fótspor, **10.** ark, **13.** ára, **15.** fals, **16.** oft, **19.** ró.






KARL TH. BIRGISSON: PALLADÓMUR UM STYRMI Í HERÐUBREIÐ

# Styrmir fyrirmynd persónu í huldubók Jónínu Ben

„Styrmir hefur verið sveipaður einhvers konar leyndardómshjúpi. Löngu kominn tími til að um hann sé fjallað eins og aðrar dauðlegar verur,“ segir Karl Th. Birgisson ritstjóri tímaritsins Herðubreið.

Í Herðubreið, sem kemur út í morgun, má finna harðskeyttan palladóm um Styrmi Gunnarsson ritstjóra Morgunblaðsins. Þar er fjallað um Styrmi sem nú firrtan talsmann afla í Sjálfstæðisflokknum miklu frekar en blaðamann. Á árum áður mátti færa rök fyrir því að völd Styrmis væru nokkur, ekki síst með því að safna upplýsingum en skammta þær lesendum Morgunblaðsins – og þegja yfir því sem gæti reynst óþægilegt. En með breyttum tímum, breyttu landslagi í fjölmiðlum, er Styrmir nú valdalaus samkvæmt palladómnum – kemst ekki lengur upp með að þegja atburði í hel. „Hann rótar í flaginu sínu, telur sig áhrifamikinn spunameistara og reynir í örvæntingu að hafa áhrif á rás atburða. Á meðan siglir þjóðfélagið fram hjá, áhugalaust um það sem engu máli skiptir...“

Karl fellst ekki á að farið sé ómjúkum höndum um Styrmi. „Palladómur er palladómur og verður að taka honum sem slíkum. Hitt hef ég ekki orðið var við að Styrmir hlífi nokkrum manni með skrifum sínum.“

Karl segir að allir palladómar séu nafnlausir en að sjálfsögðu birtir á ábyrgð ritstjóra. En höfundur dómsins hafði samband við fjölda fólks, innan sem utan Morgunblaðsins, og safnaði upplýsingum héðan og þaðan. „Úr þeim raðar hann saman þessari mynd.“

Samhliða eru birt brot úr hálfgerðri huldubók eftir Jónínu Benediktsdóttur, Ninna Nótt – taka tvö, eins og til að styðja við þær einkunnir sem Styrmi eru gefnar. Um er að ræða bók sem kom út árið 2005 en virðist ekki hafa farið í dreifingu.

„Þegar palladómurinn var í vinnslu rak þessa bók á fjörur höfundarins. Við urðum forviða því við vissum ekki til þess að hún hefði komið út. Ég fór með hana til Braga Kristjónssonar fornbóksala og í ljós kom að þetta er ein örfárra íslenskra bóka sem prentaðar hafa verið og hann ekki séð – kannski sú eina. Bókin barst okkur með því fororði að ein persónan ætti sér augljóslega fyrirmynd í Styrmi.“

Í Herðubreið er Sólon háskólarektor sagður vera Styrmir. Meðal setninga úr bókinni sem birtar eru: „Sólon sótti vald sitt í sálarlíf annarra.“ „Hann var þungt hugsi og óttaðist afdrif Flokksins.“ „Hann var á skrifstofu æðsta embættis Íslands, rektorsskrifstofunni. Héðan er Íslandi stjórnað hugsaði hann.“ jakob@frettabladid.is








**HULDUBÓK JÓNÍNU** Karl Th. Birgisson, ritstjóri Herðubreiðar,segir löngu kominn tíma á að fjallað sé um Styrmi Gunnarsson eins og aðrar dauðlegar verur. Í Herðubreið er því haldið fram að ein persóna í huldubók Jónínu Benediktsdóttur eigi sér augljóslega fyrirmynd í Styrmi. Herðubreið kemur út á morgun og prýðir ritstjóri Morgunblaðsins forsíðu þess.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fáum kom á óvart þegar **Sigríður Anna Þórðardóttir** var skipuð sendiherra á dögunum. Nema ef til vill henni sjálfri en fyrir um tveimur árum tók Helgi Seljan, þá á Stöð 2, við hana viðtal í tilefni þess að hún lét eftir umhverfisráðuneytið við hrókeringar í ríkisstjórn. Sigríður Anna tók þessu létt og Helgi spurði þá hvort hún fengi einhverja sporslu á móti því að hverfa svo ljúf úr ráðuneytinu. Fyrtist þá Sigríður Anna mjög við, taldi spurninguna til marks um dónaskap og rauk út úr stúdíóinu nánast áður en viðtalinu var lokið starfsfólki þar til undrunar.



Og örlítið meira af Stöð 2 því netheimar hafa gjörsamlega logað í samsæriskenningum um að nafnabreytingar séu í nánd á sjónvarpsstöðvum 365. En vefsíðan Orðið á götunni varpaði fyrst fram þessum hugleiðingum um hugsanlegar hræringar. Ekki þykir ólíklegt að Stöðvar 2-nafninu verði skeytt fyrir framan eins og gerðist með Sirkus forðum daga. Og að Sýn verði þá til að mynda Stöð 2 Sport. Forkólfar sjónvarpssviðs fjölmiðlafyrirtækisins með **Pálma Guðmundsson** fremstan í flokki hafa hins vegar þagað þunnu hljóði þegar þetta berst í tal.

Sendinefnd á vegum skákfélagsins Hróksins fer í sína 12. ferð til Grænlands á næstunni. Þeir munu meðal annars heilsa upp á heiðursfélaga Hróksins, Paul Napatoq sem er blindur fjórtán ára piltur sem lærði að tefla í fyrra. Drengurinn fer allra sinna ferða á hundasleða á veturna en á hjóli á sumrin og lætur sjónleysi sitt ekki aftra sér að taka fullan þátt í lífinu í Ittoqqortoormiit (Scoresbysund). Fyrir leiðangursmönnum fer **Þórður Sveinsson,** lögmaður hjá Persónuvernd, en aðrir leiðangursmenn eru **Róbert Lagerman**, **Andri Thorstensen** og **Arnar Valgeirsson**. - fgg/jbg








# Helga í breskum gamanþætti

Undirbúningur er hafinn hjá sjónvarpsstöð breska ríkissjónvarpsins, BBC Comedy, að nýrri gamanþáttaröð með Helgu Brögu Jónsdóttur í aðalhlutverki.

Þættirnir, sem verða með matreiðsluívafi, fjalla um íslenska húsmóður sem býr í Norður-Englandi. Býður hún myndatökufólki inn í eldhúsið til sín þar sem hún eldar nútímalegan breskan mat. Breski grínistinn David Hoyle hefur lýst yfir miklum áhuga á að leika enskan eiginmann Helgu í þáttunum.

„Þetta er allt á byrjunarstigi en við erum komin með einhvers konar „go“ á samstarf við BBC. Við erum byrjuð að undirbúa útrás mína þarna á erlendri grundu og mér líst bara mjög vel á þetta,“ segir Helga Braga. „Það er í farteskinu að taka upp einn „skets“ og síðan myndi verða heill þáttur tekinn upp.“

Þættirnir eru runnir undan rifjum hugmyndahöfundar BBC sem þróaði persónu þáttanna með Helgu í huga. Er hann á leiðinni hingað til lands í næsta mánuði til að vinna að þættinum ásamt Inga Þór Jónssyni, sem hefur aðstoðað Helgu við útrás hennar í Bretlandi, og David Hoyle sem heillaðist af Helgu eftir að hafa séð hana fara á kostum í Fóstbræðrum.

Helga er á góðri leið með að leggja Bretland að fótum sér því hún verður að öllum líkindum í viðtali í þættinum Womens Hours á útvarpsstöðinni Radio 4 á BBC á næstunni í tengslum við einleikinn A Complete Guide To a Sexual Misery, eða 100% hitt. Ætlar hún að flytja hann í Bretlandi í sumar eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. - fb



**HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR** Helga Braga gæti farið með aðalhlutverkið í breskum gamanþáttum á næstunni.

# ÞVOTTA DAGAR

6.–14. MARS

**AEG**
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

## TILBOÐSVERÐ

*LÝKUR Á FÖSTUDAG!*
*GERÐU HREINLEGA GÓÐ KAUP!*

ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR

UPPÞVOTTA-VÉLAR
15% afsláttur



ÁN EFA
## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS sl. 3 ár!

**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 76820 ÍSLAND
• Taumagn: 7 kg
• Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.



**AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði**
LAVATHERM 57820 ÍSLAND
• Taumagn: 6 kg
• Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ**





**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 64810 ÍSLAND
• Vindingarhraði 1400/1000/600 sn. á mín.

**AEG þurrkari**
LAVATHERM 54810
• Mjög hljóðlátur,
• Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 145.000 / PARIÐ**





**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 52820
• 1200 snúninga • 6 kg.

**AEG þurrkari**
LAVATHERM 54810
• Mjög hljóðlátur
• Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 139.900 / PARIÐ**

Íslenskt stjórnborð og ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir okkar vélum.

Allar einstakar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar eru nú á tilboðsverði.

**ORMSSON**



ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
**Ólafs Sindra Ólafssonar**

## *Madama Tobba*

Madama Tobba skrifaði leiðarvísi um ástamál fyrir stúlkur árið 1922, á þeim tíma þegar daður og djass tröllriðu ístöðulausum stúlkum og ekki veitti af að minna hið fagra kyn á stað sinn og stétt. Stúlka, sem vill verða að einhverju, tryggir sér góða fyrirvinnu og giftist. Síðan rembist hún við að vera „heimilisrækin, geðgóð, stjórnsöm, þolinmóð, þrifin, réttsýn, sparsöm, starfssöm, gestrisin, vingjarnleg við heimilisfólkið og ástúðleg við manninn sinn“. Allt í trausti þess og fullvissu um að á „fleyi heimilisins heldur konan um stjórnvölinn, en maðurinn er ræðarinn“.

Ljótasti löstur ungra kvenna er lauslætið: „Lauslæti – í hvaða mynd sem er – er illgresi í blómagarði ástarinnar. Það setur blett á mannorð þitt; ljótan blett, sem fín föt, ilmvötn og kvensilfur getur ekki hulið eða afmáð.“ Lauslæti ræðst gegn sjálfu manneðlinu, helgi sjálfsvirðingarinnar og ástinni: „Ástin er fegursta og göfugasta tilfinningin sem í mönnunum býr og lög hennar ná jafnt til allra. […] Okkur er bannað að fara gálauslega með líf og heilsu; sama er að segja um ástina.“

Það sem meira er, lauslæti er leikur að hjörtum: „Margar stúlkur geta leikið sér að hjarta ungs ástfangins manns. Oft gera þær það í hugsunarleysi eða til þess að skemta sér við það, en venjulega ekki í illum tilgangi. En manninum fellur þetta þungt og þegar hann kemst að sannleikanum, getur táldrægnin leitt hann út á glapstigu, jafnvel til sjálfsmorðs eða annara glæpa. — Mundu það, unga stúlka, að hjartað er fínt líffæri.“

**SÍÐAN** 1922 hefur margt breyst. Madama Tobba er orðin femínisti og hefur uppgötvað á sér snípinn. Henni er fullsæmandi að draga ölvaða menn heim í bólið (með þeim eindregna ásetningi að henda þeim frá sér aftur notuðum að morgni), þar má hún gamna sér með þeim næturlangt útkámuð í sleipiefni með titrandi rafmagnskúlur í óæðri endanum. Verði hún ólétt lætur hún tortíma fóstrinu. Hún er frjáls. Femínisminn hefur frelsað hana undan forneskjulegum álögum. Hengi elskandinn sig í ástarsorg, er það hans vandi en ekki hennar.

**EN** hvarfli að henni að svo mikið sem depla auga í átt að kynfærum manns fyrir þóknun kastar hún af sér nútímahempunni og stendur keik á peysufötunum fyrir framan spegilinn, otandi að spegilmynd sinni beinaberum fingri og tautandi í áminningartón eitthvað um ljóta bletti á skrautblómunum í ilmgarði ástarinnar.



### GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 13. mars, 73. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.52 | 13.37 | 19.24 |
| Akureyri | 7.42 | 13.22 | 19.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


